FRÉTTABLAÐIÐ

24. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 4. FEBRÚAR 2021

Forsetahjónin Guðni Th. Jóhannesson og Eliza Reid tóku þátt í æfingu með björgunarsveitunum og björgunarhundum á Hólmsheiði í gær, en fjáröflunarátakið Neyðarkall björgunarsveitanna stendur yfir frá og með deginum í dag til 7. febrúar. Átakið hófst árið 2006. Til stóð að það færi fram í nóvember í fyrra en því var frestað vegna COVID-19. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Vilja aukna og breytta fræðslu

MENNTAMÁL Fjórir nemendur í Víðistaðaskóla í Hafnarfirði hafa sent tillögur um úrbætur á menntakerfinu til ráðherra og þingmanna. Nemendurnir vilja læra um áskoranir lífsins og gagnlega hluti líkt og fjármál og skyndihjálp. Þau hafa safnað undirskriftum og hafið könnun meðal grunnskólanema á því hvernig menntakerfið ætti að vera.

„Við litum yfir það sem okkur hafði verið kennt og vildum bæta ansi mörgu inn," segir Alexander Ívar Logason. Hann segir þingmenn Pírata, Viðreisnar og Framsóknarflokksins hafa tekið vel í tillögurnar og að Lilja Dögg Alfreðsdóttir menntamálaráðherra hafi verið sammála um margar hugmyndir þeirra. Þegar væri verið að skoða nokkra þætti, til að mynda fjármálalæsið. **– khg / sjá síðu 4**

Hefur áður myrt konu

Flemming Mogensen, sem hefur játað á sig morðið á Freyju Egilsdóttur Mogensen, var dæmdur fyrir að myrða barnsmóður sína í nóvember árið 1995.

DANMÖRK Samkvæmt danska fjölmiðlinum Ekstrabladet var Flemming Mogensen, sem hefur játað á sig morðið á Freyju Egilsdóttur Mogensen, dæmdur í fangelsi árið 1996 fyrir að hafa orðið barnsmóður sinni að bana með því að stinga hana 18 sinnum með hnífi. Hann hafi síðan hringt í föður sinn og viðurkennt verknaðinn og hringdi hann þá í lögregluna í Skanderborg.

Vinir Freyju sem Fréttablaðið ræddi við segjast hafa haft áhyggjur af henni vegna fyrri dóms manns-ins. Hún hafi sjálf verið góðhjörtuð kona, frábær móðir og dugleg að rækta vinskapinn. Hún hafi verið of góð og of óheppin af hafa kynnst manninum sem varð henni að bana.

» Flemming stakk barnsmóður sína 18 sinnum með hnífi árið 1995. Hún var tvítug.

Fleming var í gærmorgun úrskurðaður í fjögurra vikna gæsluvarðhald og verður hann ákærður fyrir manndráp og ósæmilega meðferð á líki. Maðurinn hefur játað á sig morðið en honum er gefið að sök að hafa orðið henni að bana sennilega á föstudagsmorgni.

Lögreglan á Austur-Jótlandi telur að Freyja hafi verið látin þegar vaktstjóri á vinnustað hennar fékk smsskilaboð á laugardaginn um að hún væri veik og gæti því ekki mætt til vinnu.

Flemming var sá sem lét lýsa eftir Freyju á þriðjudag en vinir hennar og samstarfsmenn sáu síðast til hennar fimmtudagskvöldið 28. janúar þegar hún hafði lokið vakt sinni á dvalarheimilinu Stendslundcentret í bænum Odder. Hún fannst látin í gær. **– ilk / sjá síðu 4**

Vill hækka þak lífeyrissjóðanna

VIÐSKIPTI Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri segist eindregið vera þeirrar skoðunar að hækka eigi núverandi þak á erlendar fjárfestingar lífeyrissjóðanna um leið og aðstæður í efnahagslífinu leyfa. Hann bendir á að í lögum sé nú litið á erlendar fjárfestingar sjóðanna sem áhættuþátt.

„Ég tel hins vegar að þær gegni því hlutverki að stuðla að áhættudreifingu fyrir bæði einstaka sjóði sem og kerfið í heild. Þess vegna tel ég eðlilegt að lögbundið hámark á erlendar eignir sem hlutfall af heildareignum sjóðanna verði hækkað," segir Ásgeir. Aðspurður segist hann ekki geta svarað því á þessari stundu hversu mikið hann vilji hækka þakið, sem nemur nú um 50 prósentum af eignasafni.

– hae / sjá síðu 8

Árásinni var ekki beint sérstaklega að heimili Ólafs. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Rúða brotin heima hjá Ólafi

REYKJAVÍK Garðkönnu var kastað í rúðu á heimili Ólafs Kr. Guðmundssonar, varaborgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, í fyrrinótt með þeim afleiðingum að hún brotnaði.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var árásinni ekki beint sérstaklega að heimili Ólafs heldur gekk maður berserksgang og réðst að þremur heimilum í sömu götu og Ólafur býr við.

Hending ein hafi ráðið því að heimili Ólafs varð fyrir skemmdarverkum. Ólafur hefur verið mikið í umræðunni síðustu daga eftir að hann tjáði sig um þá staðreynd að skotárás var gerð á bifreið borgarstjórans í Reykjavík. Í kjölfarið var honum vikið úr öllum nefndarstörfum fyrir flokkinn.

Á fundi borgarstjórnar fyrr í vikunni var fært í bækur að borgarstjórn fordæmdi þær árásir sem átt hefðu sér stað á bíl borgarstjóra og höfuðstöðvar stjórnmálaflokka. „Allt slíkt ofbeldi er aðför að okkar frjálsa, lýðræðislega samfélagi og með öllu óásættanlegt.“ **– mhj, bdj**

Rósarækt í Hveragerði

Á Íslandi má segja að ekki séu kjöraðstæður til rósaræktar en vel er þó hægt að rækta þær í gróðurhúsum. Kata, einn starfsmanna Ræktunarstöðvarinnar í Hveragerði, hugaði vel að tignarlegum og háum rósunum í gróðurhúsinu í gær þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði en einkar mikilvægt er að gróðurhús hér á Íslandi séu vel einangruð svo að kuldinn og frostið komist ekki þar inn, sér í lagi að vetrarlagi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Húmor Íslendinga valdið uppsöfnun á Corona-bjór

VIÐSKIPTI „Við erum að sjá mjög mikla aukningu í sölu á Corona á síðasta ári,“ segir Halldór Ægir Halldórsson, vörumerkjastjóri hjá Vínnesi, umboðsaðila Corona-bjórs hér á landi.

Greint var frá því í erlendum fjölmiðlum að bjórtegundin hefði farið illa út úr kórónaveirufaraldrinum. Í könnun sem USA Today gerði fyrir ári, þegar faraldurinn var að breiðast út, sögðust 16 prósent telja að bjórtegundin væri tengd faraldrinum. Sala bjórsins hélt hins vegar sínu striki.

Boðið verður upp á tímabundna verðlækkun á Corona í verslunum Vínbúðanna í febrúar. Mun ein flaska lækka um meira en hundrað krónur út mánuðinn. Halldór Ægir segir að ástæðan sé alls ekki léleg sala. „Ísland sker sig úr þegar kemur að sölunni á Corona í fyrra. Þetta var vissulega erfitt ár um allan heim, en ég veit ekki hvað það er, hvort það sé þessi sérstaki húmor Íslendinga sem veldur því að sala Corona eykst svona mikið í miðjum kórónaveirufaraldri en ég veit að salan dróst víða saman,“ segir Halldór.

> Ísland sker sig úr þegar kemur að sölunni á Corona í fyrra.

Halldór Ægir Halldórsson, vörumerkjastjóri hjá Vínnesi

Þrátt fyrir birgðaþrot hafi salan aukist um tæp 12 prósent á milli ára í Vínbúðunum, alls um helming síðustu þrjú árin á undan.

„Við viljum helst af öllu koma bjórnum út á góðu verði í góða hálsa.“ **– ab**

Festust óafvitandi í niðurníddu parhúsi

Andrej Holbicka, eigandi parhúss að Skólagerði 49 á Kársnesi í Kópavogi, segist hafa þungar áhyggjur af því að kostnaður við viðgerðir á húsi nágrannans muni falla á hann. Áhugasamir þurfa að skoða eiginina í viðeigandi klæðnaði.

KÓPAVOGUR „Við höfum rætt þetta við lögfræðinga og erum mjög hrædd um að þetta muni lenda á okkur,“ segir Andrej Holbicka, eigandi parhúss að Skólagerði 49 á Kársnesi í Kópavogi.

Frétt um húsið birtist á vef Fréttablaðsins í gær en það er 204,2 fermetrar og er áhugasömum bent á að bóka skoðun á eigninni hjá Fasteignasölunni Mikluborg og gera það með fagaðilum í viðeigandi klæðnaði af heilsufarsástæðum. Seljandi er dánarbú sem eignaðist húsið í skuldaskilum. Ljóst er að tugi milljóna þarf til að gera húsið íbúðarhæft og óttast Andrej að þurfa að taka þátt í þeim kostnaði.

Andrej segir í samtali við Fréttablaðið að fyrrverandi eigandi hússins hafi ekki sinnt neinu viðhaldi, undanfarin fjörutíu ár eða svo. Hann segir að fjölskyldan hafi lengi haft áhyggjur af stöðu mála.

„Við höfum rætt þetta við lögfræðinga og erum mjög hrædd um að þetta muni lenda á okkur,“ segir hann. Andrej segist ekki hafa haft hugmynd um íslensk lög um parhús þegar hann keypti eignina. Slíkt tíðkist ekki í Evrópu.

„Maðurinn hafði ekki sýnt neinn áhuga á viðhaldi og ég hef oft beðið um að til dæmis Kópavogsbær geri eitthvað í málunum. Það hefur ekki verið gert og þetta er bara búin að vera skelfileg staða,“ segir hann.

Andrej tekur fram að hann hafi gert allt fyrir sitt eigið hús. Oft hafi verið erfitt að standa í endurnýjun og endurbótum vegna aðfinnslna frá fyrrverandi eiganda. Hann segir að sér hafi verið ráðlagt af lögfræðingi að gera samkomulag um viðgerðir við manninn.

„Svörin sem ég fékk voru þau að ég yrði að gera samkomulag við manninn, um að hann sæi um sinn hlut og ég um minn. En hann vildi ekki skrifa undir slíkt.“

Hér sést munurinn á vinstri og hægri hluta hússins. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

> Maðurinn hafði ekki sýnt neinn áhuga á viðhaldi og ég hef oft beðið um að til dæmis Kópavogsbær geri eitthvað í málunum. Það hefur ekki verið gert og þetta er bara búin að vera skelfileg staða.

Andrej Holbicka

Andrej segir Kópavogsbæ hafa sýnt máli sínu lítinn áhuga, þrátt fyrir að hann hafi endurtekið viðrað áhyggjur sínar af umgengni mannsins við eignina. Hann segir nágranna einnig hafa haft áhyggjur vegna hússins. Nú bíði fjölskyldan eftir því að nýr eigandi muni mögulega rukka þau fyrir himinháan viðgerðarkostnað vegna gjörónýts hússins. „Það gæti gerst. Og yrði mjög ósanngjarnt,“ segir Andrej.

Seljandi bendir því á að gæta þurfi sérstakrar árvekni við skoðun á húsinu. Mikilvægt er að leitað sé aðstoðar sérfræðinga og haft eftir Gunnari Þorfinnssyni byggingafræðingi að eignin sé afar illa farin og þarfnist algjörrar endurnýjunar að innan og utan, sökum rakaskemmda og myglu.

Slíkar skemmdir megi finna á öllum hæðum hússins, auk áberandi myglu víðast hvar ásamt öðrum óhreinindum. Lagnir eru tærðar og ónýtar ásamt viðvarandi leka. Þá þarfnast botnplata í kjallara endurnýjunar þar sem hún er morknuð. Þá þarfnast þakið endurnýjunar, auk þess sem endurbóta er þörf á steyptum flötum og endurnýja þarf allt tréverk, glugga og hurðir. **odduraevar@frettabladid.is**

Herra lagerinn
outlet
líka fyrir konur

Rýming

Allra síðustu dagar

90%

afsláttur af öllum vörum

Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen) Opið virka daga frá kl. 11 til 18 laugardaga frá kl. 11 til 17 sunnudaga frá 13 til 17 Sími 568 9512

Freyja var góðhjörtuð kona sem setti vini sína alltaf í fyrsta sæti

DANMÖRK Freyja Egilsdóttir Mogensen fannst myrt á heimili síðu á Austur-Jótlandi í Danmörku í gær. Fyrrverandi sambýlismaður hennar, Flemming Mogensen, hefur játað á sig morðið og situr nú í gæsluvarðhaldi.

Vinir og vandamenn Freyju lýsa henni sem einstakri manneskju sem var dugleg að rækta vinskap við sína nánustu. Hún hafi verið gull í gegn, heilsteypt og góð sál og frábær mamma. Hún var nýútskrifuð úr sjúkraliðanámi og nýráðin

Freyja Egilsdóttir Mogensen

til starfa á dvalar- og hjúkrunarheimili í bænum Odder á austanverðu Jótlandi. Vinir Freyju í Danmörku komu saman í gærkvöldi til að kveikja á kertum fyrir hana. Segja þau Freyju hafa ávallt verið til staðar fyrir vini sína og sett sína nánustu alltaf í fyrsta sætið.

Anni Andersen, vinnuveitandi Freyju, segist vera í áfalli yfir fregnunum. Hún segir að Freyja hafi verið yndisleg og dugleg kona og að hún hafi aðeins fallega hluti um hana að segja. Aðspurð segist hún ekki hafa orðið vör við neitt óeðlilegt í sambandi hennar við manninn sem hefur nú játað á sig morðið. Hún hafi ekki þekkt hann persónulega.

Freyja fannst myrt á heimili sínu í gær. Fyrrverandi sambýlismaður hennar hefur játað á sig verknaðinn.

Vaktstjóri á dvalarheimilinu fékk skilaboð á laugardaginn úr síma Freyju um að hún væri veik og gæti ekki mætt til vinnu. Anni segir ólíklegt að Freyja hafi sent skilaboðin sjálf, það hefði ekki verið líkt henni að senda sms til að tilkynna sig inn veika og skilaboðin hafi verið send á vaktstjóra sem var í fríi þann dag. Freyja hafi vitað það.

Fregnirnar hafa óneitanlega haft mikil áhrif á samstarfsmenn Freyju sem hafa þegið áfallahjálp.

Miðlæg rannsóknardeild lögreglunnar hefur sett sig í samband við lögregluna á Austur-Jótlandi og boðið fram aðstoð sína við rannsókn á morðinu á Freyju. – ilk

Grænna ál færir Norðuráli fimm ára samning

IÐNAÐUR Norðurál hefur undirritað samning við austurríska fyrirtækið Hammerer Aluminum Industries um sölu á 150 þúsund tonnum af umhverfisvottuðu áli úr álverinu á Grundartanga yfir fimm ára tímabil.

Árleg framleiðslugeta álversins á Grundartanga er um 320 þúsund tonn, og því fara tæplega 10 próesnt

Aukin notkun á áli í stað stáls eða annarra þyngri málma í framleiðsluiðnaði hefur dregið verulega úr losun koldíoxíðs.

Gunnar Guðlaugsson, forstjóri Norðuráls

af árlegri framleiðslu til Hammerer. Samkvæmt upplýsingum frá Norðuráli er álið sem um ræðir með eitthvert lægsta kolefnisfótspor sem um ræðir, en það er framleitt undir vörumerkinu Natur-Al.

Kolefnisfótspor Natur-Al er sagt um fjögur tonn af koldíoxíði á hvert tonn af áli, allt frá öflun báxíts og vinnslu áloxíðs til álvinnslu.

Útblástur vegna flutninga hráefnis til framleiðslu og fullunninnar vöru til kaupanda er einnig inni í fjögurra tonna tölunni. Meðaltalið á heimsvísu er um 16 tonn af koldíoxíði á hvert framleitt tonn af áli, eða um fjórum sinnum hærra.

„Við trúum því að með því að bjóða viðskiptavinum upp á þennan valkost séum við að leggja okkar af mörkum til að skapa betri og grænni framtíð. Aukin notkun á áli í stað stáls eða annarra þyngri málma í framleiðsluiðnaði hefur dregið verulega úr losun koldíoxíðs, til dæmis með aukinni sparneytni bifreiða," segir Gunnar Guðlaugsson, forstjóri Norðuráls. – thg

Vilja fá fræðslu um áskoranir

Nokkrir nemendur Víðistaðaskóla hafa sent tillögur um úrbætur á menntakerfinu til ráðherra og þingmanna. Nemendurnir vilja læra um áskoranir lífsins og gagnlega hluti eins og fjármál og skyndihjálp.

MENNTAMÁL Fjórir nemendur í 10. bekk Víðistaðaskóla í Hafnarfirði tóku sig saman og skrifuðu upp tillögur að því hvernig bæta mætti menntakerfið og gera börnum og unglingum betur kleift að takast á við lífið. Hafa þau kynnt tillögurnar fyrir skólayfirvöldum, Kennarasambandinu, þingflokkum og menntamálaráðherra. Einnig hafa þau safnað undirskriftum og hafið könnun meðal annarra grunnskólanema á því hvernig menntakerfið okkar ætti að vera.

Nemendurnir heita Elísabet Vény Schiöth, Helga María Kristinsdóttir, Hildur Jóna Valgeirsdóttir og Alexander Ívar Logason. „Við litum yfir það sem okkur hafði verið kennt og við vildum bæta ansi mörgu inn," segir Alexander. Eftir að hafa rætt við umsjónarkennara sinn skrifuðu þau skýrslu sem varð alls tíu síðna löng og var hún send til skólastjóra og svo víðar.

Meðal þess sem þau nefna er fjármálalæsi og starfskennsla, svo sem hvernig íbúðarkaup og skattar virki sem og hvernig eigi að sækja um starf. Einnig forvarnir, skyndihjálp og hvernig eigi að umgangast tölvur. „Unglingar þurfa að vita hvað ber að varast á netinu og hvernig þeir eigi að bregðast við sé þeim til dæmis hótað myndbirtingu," segir Hildur. Krakkarnir fá enga kennslu um geðsjúkdóma, einhverfu og aðra sjúkdóma eða fatlanir.

Kynfræðslu finnst þeim afar ábótavant, sem og hinseginfræðslu. „Við lærum ekki um kynsjúkdóma og mjög lítið um kvenmannslíkamann," segir Helga. Hluti eins og nauðganir, ofbeldi og mannréttindi þurfi að ræða. Elísabet nefnir að enn séu margir krakkar sem sendi ljót skilaboð á netinu, uppfull af fordómum í garð hinsegin fólks.

Fjórmenningarnir, Elísabet, Alexander, Helga María og Hildur Jóna, hafa kynnt tillögurnar fyrir skólayfirvöldum, Kennarasambandinu, þingflokkum og menntamálaráðherra og fengið hrós fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Við erum ófeimin við að ræða þessa hluti.

Hildur Jóna Valgeirsdóttir nemi

Skólinn verði að spila stórt hlutverk í að takast á við þetta. „Ef krakkar fá þessa fræðslu ekki heima hvar eiga þeir þá að fá hana?" spyr Elísabet.

„Ég held að ástæðan sé að fólk er hrætt við stórar breytingar," segir Alexander, aðspurður um hvers vegna grunnskólanemendur séu ekki fræddir um þessi mál. Hildur nefnir að nemendur eigi að læra um lífið í lífsleiknitímum, en þeir séu afar takmarkaðir. Þá kunni feimni hinna fullorðnu að spila einhverja rullu. „Við erum ófeimin við að ræða þessa hluti," segir Hildur.

Vissulega þarf eitthvað að víkja til að koma öllu þessu efni fyrir en Alexander segir að ekki þurfi að umbylta námskránni. Fjármálalæsi geti verið hluti af stærðfræðikennslu, kynfræðslan í líffræði og mannréttindamál í samfélagsfræði svo dæmi séu tekin.

Nemendurnir eru þó sammála um að draga megi úr sundkennslu. Vissulega sé mikilvægt að geta bjargað sér frá drukknun en nemendur ættu að fá að klára lokaprófið einhvern tímann á unglingastigi, í stað þess að fara í sundtíma í hverri viku. Elísabet segir marga nemendur hafa tekið vel í þessa tillögu, því mörgum líði illa í þessum tímum. „Sumir sleppa jafnvel heilum skóladegi þegar sundtímar eru, þá vegna líkamsímyndar og fleiri þátta," segir hún.

Alexander segir þingmenn Viðreisnar, Pírata og Framsóknarflokksins hafa tekið vel í tillögurnar og að Lilja Dögg Alfreðsdóttir menntamálaráðherra hafi verið sammála um margt. Þegar væri verið að skoða nokkra þætti eins og til dæmis fjármálalæsið.

kristinnhaukur@frettabladid.is

PARKET - FLÍSAR - HURÐIR
ÚTSÖLU
LÝKUR
SÍÐASTI DAGUR ER 13. FEB
VERÐDÆMI
KRONOTEX HARÐPARKET
8 mm AC4 VERÐ FRÁ 1.590 KR. m²
10 mm AC5 VERÐ FRÁ 2.990 KR. m²
12 mm AC5 VERÐ FRÁ 3.890 KR. m²
VIÐARPARKET
KÄHRS 3JA STAFA VERÐ FRÁ 4.990 KR. m²
BJELIN PLANKAPARKET VERÐ FRÁ 6.990 KR. m²
VÍNYLPARKET KÄHRS 6 mm með undirlagi
VERÐ FRÁ 5.990 KR. m²
VEGG- & GÓLFFLÍSAR
30x60 cm hvítar veggflísar VERÐ FRÁ 2.990 KR. m²
60x60 cm vegg- og gólfflísar VERÐ FRÁ 4.790 KR. m²
RINGO INNIHURÐIR
HURÐ OG KARMUR HVÍTLAKKAÐ
VERÐ FRÁ 39.990 KR.
40% AFSLÁTTUR AF FYLGIHLUTUM
MEÐ GÓLFEFNUM
SPARAÐU TUGI ÞÚSUNDA
Birgisson®
Ármúli 8 | 108 Reykjavík | Sími 516 0600 | www.birgisson.is

Mario Draghi talaði við blaðamenn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Súper Maríó leysir vandann

ÍTALÍA Sergio Mattarella, forseti Ítalíu, hefur beðið Mario Draghi að taka við embætti forsætisráðherra í ljósi stjórnarkrísunnar í landinu. Draghi, gjarnan kallaður Súper Maríó, var áður seðlabankastjóri Ítalíu og forseti Seðlabanka Evrópu.

Stjórn Conte féll um miðjan janúar þegar flokkurinn Italia Viva gekk úr henni.

Stjórn Giuseppe Conte féll um miðjan janúar þegar flokkurinn Italia Viva gekk úr samstarfinu vegna deilna um efnahagsmál. Faraldurinn og efnahagsafleiðingar hans hafa á fáum stöðum bitið eins fast og á Ítalíuskaga. Conte og leiðtogar stjórnarflokkanna hafa ekki getað komið sér saman um nýja stjórn síðan þá.

Í stað þess að boða til kosninga, rúmlega tveimur árum á undan áætlun, taldi Mattarella vænlegra að mynda stjórn undir utanþingsráðherra til þess að koma landinu yfir hjallann. Stjórnin yrði mynduð sem nokkurs konar neyðarstjórn og yrði hvorki til hægri né vinstri í pólitík. **– khg**

WHO heimsótti Wuhan-borg

COVID-19 Sérfræðingar frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni, WHO, heimsóttu í gær veirurannsóknarstofu í Wuhan í Kína með það að markmiði að finna uppruna kórónaveirunnar. Þetta kemur fram á vef Reuters.

Uppi hafa verið kenningar um að kórónaveiruna megi rekja til rannsóknarstofu í Wuhan en almennt er þó talið að veiran eigi uppruna sinn í leðurblökum. Þaðan hafi hún borist í önnur dýr og því næst í menn.

Sérfræðingar WHO vildu lítið tjá sig um heimsóknina, en Thea Fisher, einn sérfræðinganna, sagði mörgum og stórum spurningum ósvarað. Hún vildi ekki tjá sig um það hvort sérfræðingarnir hefðu orðið einhvers vísari fyrsta daginn í Whuhan. Sérfræðiteymið mun verja tveimur vikur við rannsóknir á svæðinu. **– bdj**

Vottar látnum félaga virðingu



Lögreglukona vottar Brian D. Sicknick, látnum félaga sínum, virðingu við minningarathöfn sem fram fór í Washington, höfuðborg Bandaríkjanna, í gær. Sicknick var 42 ára gamall þegar hann lést af sárum sem hann hlaut við störf sín við þinghúsið í Washington þegar árás var gerð á það þann 6. janúar síðastliðinn. Fimm létu lífið í árásinni, Brian D. Sicknick og tvær konur og tveir karlar sem tóku þátt í árásinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Sviss segir nei við AstaZeneca

COVID-19 Yfirvöld í Sviss hafa neitað að samþykkja bóluefni Oxford-háskóla og AstaZeneca við COVID-19. Þau segja ekki nægar upplýsingar liggja fyrir um virkni þess. Þetta er fyrsta ríkið á meginlandi Evrópu sem hafnar að veita bóluefninu markaðsleyfi.

Svissnesk yfirvöld hafa samþykkt notkun á bóluefnum BioNTech og Pfizer.

Heilbrigðiseftirlit Sviss telur að frekari rannsókna sé þörf á gagnsemi bóluefnisins en þessi ákvörðun þykir koma á óvart, samkvæmt frétt Financial Times. Áður hafði lyfjaeftirlitsstofnun Evrópusambandsins heimilað notkun þess en Sviss er ekki hluti af sambandinu. Yfirvöld í Sviss vilja bíða eftir niðurstöðum úr tveimur klínískum rannsóknum á bóluefninu sem nú standa yfir í Norður- og Suður-Ameríku. **– þp**

Þrifadraumurinn varð að veruleika í COVID

Líney Sif Sandholt missti vinnuna sem flugfreyja hjá Icelandair í fyrra. Hún tók að sér flutningsþrif. Í leit sinni að réttri sótthreinsigræju fann hún sótthreinsibyssu frá Suður-Kóreu sem er nú notuð víða. Lét drauminn rætast.

VIÐSKIPTI Líney Sif Sandholt vann sem flugfreyja hjá Icelandair frá árinu 2013 og samhliða því vann hún sem verktaki í flutningsþrifum. Þegar hún missti vinnuna hjá Icelandair á síðasta ári ákvað hún að kýla á sjálfstæðan rekstur í þrifum sem hana hafði lengi dreymt um.

„Ég var alltaf að hugsa hvort ég ætti að stofna fyrirtæki í kringum þrifin og fara í sjálfstæðan rekstur en þorði því aldrei því ég er með tvö börn. En svo ákvað ég að taka sénsinn þegar það var ljóst í hvað stefndi í þessum heimsfaraldri og ákvað að kýla á þetta og stofnaði því LS þrif í apríl," segir Líney Sif.

Spurð hvers vegna hún valdi þrif segir Líney Sif að eftir að hún byrjaði að taka að sér flutningsþrif á milli flugferða hafi það fljótlega farið að spyrjast út.

„Ég held að mörg fyrirtæki sem taka að sér til dæmis sameignarþrif séu að gefa sér of lítinn tíma í verkin til þess að reyna að vera ódýrastir. Ég finn að það er ekki alltaf það sem fólk vill. Heldur vill það frekar borga meira og fá almennilega þjónustu og vönduð þrif," segir Líney Sif.

Hún segir að þegar COVID-faraldurinn skall á hafi hún þurft að byrja að skoða hvernig væri hægt að bæta sótthreinsun við þrifin sem hún sinnti í fyrirtækjum. Hún hafi keypt fimm eða sex græjur héðan og þaðan til að reyna að finna þá einu réttu og fundið loks Vector Fog vélina.

Vélin er notuð í svokallaða þokusótthreinsun sem sótthreinsar venjulegt herbergi eða svæði á nokkrum mínútum. Það má nota tækið til að sprauta yfir tæki eins og tölvur, pappír og aðra yfirborðsfleti án þess að það verði blautt eða

Líney sýnir virkni sótthreinsibyssunnar með því að úða á stiga á hóteli. Hana hafði alltaf langað að fara í sjálfstæðan rekstur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ég hef til dæmis heyrt frá World Class að þau ætli að halda áfram að nota vélina.

Líney Sif Sandholt, athafnakona

það hafi skaðleg áhrif. Þá stuðlar aðferðin einnig að bættu andrúmslofti. Vélin er þróuð af fyrirtæki sem er frá Suður-Kóreu en er með bækistöðvar í Bandaríkjunum. Hún segir að tækjunum fylgi allar réttar merkingar og leyfi fyrir Íslandsmarkað.

Hún segir að vélin sé alls ekki hönnuð fyrir COVID-19 heldur hafi hún verið búin til til að bæta andrúmsloft með því að drepa inflúensu og kvefpestir á spítölum og leikskólum og stöðum þar sem mikið margmenni er. „Í skólum og leikskólum er erfitt að taka einn og einn hlut og sótthreinsa, en með græjunni er hægt að úða yfir allt. Það þarf svo ekki að þurrka neitt upp því hún gufar bara upp. En nær samt að smjúga alls staðar inn á milli," segir Líney.

„Maður er að átta sig á því núna að það er margt af þessu, sem við erum að gera í sóttvörnum, sem við ættum alltaf að gera. Ég hef til dæmis heyrt frá World Class að þau ætli að halda áfram að nota vélina," segir Líney Sif. **lovisa@frettabladid.is**

FRÉTTABLAÐIÐ
Meira á frettabladid.is

Allt að 80% lán Ástandsskoðun Fjármögnun á staðnum

ALLT AÐ 900.000 kr. AFSLÁTTUR!

VETRAR TILBOÐ!

Gríptu tækifærið í febrúar og keyrðu betur í vetur!

AFSLÁTTUR 300.000 KR.

DACIA Sandero
Nýskr. 04/18, ekinn 95 þ.km,
bensín, 5 gírar.
Verð 1.190.000

TILBOÐ! 890.000 kr.

***10.834 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR 400.000 KR.

RENAULT Clio Zen Sport Tourer
Nýskr. 05/17, ekinn 80 þ.km,
dísil, 5 gírar.
Verð 1.890.000

TILBOÐ! 1.490.000 kr.

***17.894 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR 400.000 KR.

NISSAN X-Trail Acenta Plus 4wd
Nýskr. 12/17, ekinn 104 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 3.390.000

TILBOÐ! 2.990.000 kr.

***35.543 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR 500.000 KR.

HYUNDAI Ioniq Comfort PHEV
Nýskr. 02/18, ekinn 62 þ.km,
bensín/rafmagn, sjálfskiptur.
Verð 3.290.000

TILBOÐ! 2.790.000 kr.

***33.190 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR 400.000 KR.

RENAULT Captur Zen
Nýskr. 02/18, ekinn 90 þ.km,
bensín, 5 gírar.
Verð 1.790.000

TILBOÐ! 1.390.000 kr.

***16.717 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR 300.000 KR.

NISSAN Pulsar Acenta
Nýskr. 03/18, ekinn 53 þ.km
bensín, 6 gírar.
Verð 2.290.000

TILBOÐ! 1.990.000 kr.

***23.777 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR 400.000 KR.

RENAULT Megane Zen Sport Tourer
Nýskr. 11/16, ekinn 63 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 2.590.000

TILBOÐ! 2.190.000 kr.

***26.130 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR 400.000 KR.

HONDA Civic Comfort
Nýskr. 06/17, ekinn 73 þ.km,
bensín, 6 gírar.
Verð 2.690.000

TILBOÐ! 2.290.000 kr.

***27.307 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR 400.000 KR.

HYUNDAI I10 Comfort
Nýskr. 09/16, ekinn 53 þ.km,
bensín, 5 gírar.
Verð 1.290.000.

TILBOÐ! 890.000 kr.

***10.834 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR 400.000 KR.

NISSAN Juke Acenta Plus 4wd
Nýskr. 04/17, ekinn 65 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð 2.690.000

TILBOÐ! 2.290.000 kr.

***27.307 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR 400.000 KR.

HYUNDAI I30 Classic
Nýskr. 05/18, ekinn 48 þ.km,
bensín, 6 gírar.
Verð 2.290.000

TILBOÐ! 1.890.000 kr.

***22.600 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR 400.000 KR.

DACIA Duster Black Edition 4wd
Nýskr. 06/18, ekinn 63 þ.km,
dísil, 6 gírar.
Verð 2.690.000

TILBOÐ! 2.290.000 kr.

***27.307 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR 500.000 KR.

RENAULT Clio Zen
Nýskr. 05/18, ekinn 48 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 2.190.000

TILBOÐ! 1.690.000 kr.

***20.247 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR 600.000 KR.

NISSAN X-Trail Tekna 4wd
Nýskr. 05/19, ekinn 54 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 5.990.000

TILBOÐ! 5.390.000 kr.

***63.782 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

AFSLÁTTUR 900.000 KR.

RENAULT Trafic 9 manna langur LUX
Nýskr. 09/18, ekinn þ.km,
dísil, 6 gírar.
Verð 4.490.000

TILBOÐ! 3.590.000 kr.

***42.603 kr.** á mán. m.v. 20% útborgun.**

Við erum í spjallfæri á **www.bilaland.is**

Við trúum á **traust** og **áreiðanleika** í bílaviðskiptum.
Bílarnir okkar eru yfirfarnir og ástandsskoðaðir.

Opnunartímar:
Mánudaga 10-18, þriðjud.–fimmtud. 9-18
föstudaga 9-17, laugardaga 12-16

Bílaland – Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík
Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

bílaland

www.facebook.com/bilaland.is

Lykill

*Mánaðargreiðsla er samkvæmt reiknivél á lykill.is og eru viðskiptavinir hvattir til að kynna sér lánaskilmálana á heimasíðunni lykill.is. Árlegur hlutfallslegur kostnaður bilalána frá lykill.is er breytilegur og kjör lána miðast við vaxtatöflu og gjaldskrá félagsins á hverjum tima.

ENNEMM / SÍA / NM004188

Mótás og Hvalur keyptu í Arion fyrir um 2 milljarða

Eignarhaldsfélagið Mótás, sem varð fyrir skemmstu einn af stærstu hluthöfum Stoða, og Hvalur, sem er stýrt af Kristjáni Loftssyni, tóku drjúgan skerf af þeim sjö prósenta hlut sem bandarískt vogunarsjóðurinn Taconic Capital seldi í Arion banka í síðustu viku með útboðsfyrirkomulagi, en félögin keyptu þá samanlagt fyrir nærri tvo milljarða króna.

Mótás, sem er í eigu Bergþórs Jónssonar og Fritz Hendriks Berndsen, kom fyrst inn í hluthafahóp bankans í síðasta mánuði, en félagið keypti um 8,3 milljónir hluta að nafnverði í útboði Taconic – bréfin voru seld á genginu 95 krónur á hlut – fyrir tæplega 800 milljónir króna, samkvæmt uppfærðum lista yfir alla hluthafa bankans í gær, sem Markaðurinn hefur séð. Félagið er núna skráð fyrir 10,35 milljónum hluta, eða um 0,6 prósenta eignarhlut, og er í hópi þrjátíu stærstu hluthafa. Hvalur, sem er á meðal stöndugustu fjárfestingafélaga landsins, var fyrir sölu Taconic með 1,5 prósenta hlut, en félagið hefur núna bætt við sig bréfum fyrir um milljarð króna og á 2,13 prósenta hlut í Arion.

Á meðal fjársterkra einstaklinga sem koma nýir inn í hluthafahóp bankans við söluna hjá Taconic er Bjarni Ármannsson, forstjóri Iceland Seafood, í gegnum fjárfestingafélagið Sjávarsýn með hlut sem nemur um 200 milljónum að markaðsvirði. Þá keypti fjárfestingafélagið Stálskip fyrir um 300 milljónir og

11,4

milljörðum nam andvirði sölu Taconic á 7% í Arion.

er nú skráð fyrir 0,18 prósenta hlut. Taconic, sem hefur verið stærsti hluthafi bankans um talsvert skeið, seldi 120 milljónir hluta að nafnverði eftir lokun markaða á þriðjudag í liðinni viku. Eftir þá sölu minnkaði hlutur sjóðsins úr 23,2 prósentum í 16,3 prósent. Fossar markaðir voru ráðgjafar Taconic en samlagshlutafélagið Fossar Finance, sem er stýrt af verðbréfafyrirtækinu, heldur í dag utan um tæplega 0,3 prósenta hlut í Arion banka.

Lífeyrissjóðir, einkum LSR, Almenni, Festa og Brú, keyptu samanlagt um þriðjung af þeim bréfum sem Taconic seldi í Arion. Aðrir lífeyrissjóðir, eins og meðal annars Lífeyrissjóður verzlunarmanna, Gildi, Stapi og Frjálsi, bættu ekkert við sig og þá keypti Birta aðeins fyrir um 300 milljónir að markaðsvirði.

Eignarhlutur bankanna – Íslandsbanka, Kviku og Landsbankans – jókst um 23 milljónir hluta að nafnverði, eða sem jafngildir 2,2 milljörðum, og eru þeir núna með samtals 5,6 prósenta hlut. Þau bréf skiptast að langstærstum hluta á veltubók og framvirka samninga sem bankarnir hafa gert við viðskiptavini sína. **– hae**

Þak sjóðanna hækki í hagfelldari aðstæðum

Seðlabankastjóri segist afar hlynntur því að hækka 50 prósenta þakið á erlendar fjárfestingar lífeyrissjóða þegar aðstæður leyfa. Það krefst hins vegar meiri viðskiptaafgangs og því þarf ferðaþjónustan fyrst að ná vopnum sínum.

Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri segist eindregið vera þeirrar skoðunar að hækka eigi núverandi þak á erlendar fjárfestingar lífeyrissjóðanna, sem mega að hámarki vera 50 prósent sem hlutfall af heildareignum þeirra, um leið og aðstæður í efnahagslífinu leyfa.

„Það yrði mjög, mjög jákvætt, fyrir lífeyrissjóðina og hagkerfið í heild sinni, ef sjóðirnir geta aukið hlutfall erlendra eigna í eignasafni sínu," segir hann í samtali við Markaðinn.

Í umfjöllun Markaðarins í gær kom fram í máli stjórnenda tveggja af stærstu lífeyrissjóðum landsins að tímabært væri að endurskoða lögbundið hámark á erlendar fjárfestingar lífeyrissjóða. Þakið sé orðið íþyngjandi fyrir lífeyrissjóðina sem hafa síaukna fjárfestingaþörf en takmarkað svigrúm til að ráðstafa fénu erlendis.

Harpa Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR), sagði að helst ætti að endurskoða reglurnar með það fyrir augum að afnema þakið alveg. „Til að geta dreift áhættunni með sem skynsamlegustum hætti væri því best fyrir lífeyrissjóðina að vera ekki með sérstök höft á því hvar fjárfest er hverju sinni," sagði hún.

Ásgeir bendir á að í lögum sé nú litið á erlendar fjárfestingar sjóðanna sem áhættuþátt. „Ég tel hins vegar að þær gegni því hlutverki að stuðla að áhættudreifingu fyrir bæði einstaka sjóði sem og kerfið í heild. Þess vegna tel ég eðlilegt að lögbundið hámark á erlendar eignir sem hlutfall af heildareignum sjóðanna verði hækkað."

Spurður hversu mikið hann vilji hækka þakið segist Ásgeir ekki geta svarað því á þessari stundu en bendir á að fjárfestingaþörf sjóðanna á erlendum mörkuðum sé mismunandi þeirra á milli.

„Þegar heimurinn verður aftur eðlilegur, þar sem ferðaþjónustan verður búin ná vopnum sínum og viðskiptaafgangur verður meiri, þá er alveg ljóst að lífeyrissjóðirnir verða að nýta sér það svigrúm sem þá skapast til að auka fjárfestingar sínar erlendis," útskýrir Ásgeir, og bætir við:

„Við skulum líka hafa það hugfast að viðskiptaafgangurinn stafar einnig að hluta til af því að almenningur er að fresta neyslu sinni í dag með því að ráðstafa sparnaði sínum til lífeyrissjóðanna."

Aðspurður segir Ásgeir að það hafi ekki átt sér stað neitt formlegt samtal

Ásgeir segir mikilvægt að auka svigrúm sjóðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Það yrði mjög mjög jákvætt, fyrir lífeyrissjóðina og hagkerfið í heild sinni, ef sjóðirnir geta aukið hlutfall erlendra eigna í eignasafni sínu.**
>
> Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri.

um slíkar breytingar milli lífeyrissjóðanna og Seðlabankans. „En ég hef lýst þessari skoðun minni við forsvarsmenn þeirra, meðal annars í fyrra þegar sjóðirnir samþykktu að gera tímabundið hlé á gjaldeyriskaupum til að tryggja stöðugleika á gjaldeyrismarkaði."

Nýjustu tölur fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, sem ná til loka september á síðasta ári, sýndu að hlutfall erlendra eigna væri komið yfir 40 prósent hjá þremur stærstu lífeyrissjóðunum. Hlutfall erlendra eigna hjá LSR, sem er stærsti lífeyrissjóður landsins með heildareignir upp á tæplega 1.100 milljarða króna, nam rúmlega 43 prósentum í lok september. Hlutfall Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, næststærsta sjóðsins, nam tæplega 43 prósentum og hjá Gildi var það komið upp í 40 prósent.

Heildareignir lífeyrissjóðanna í lok nóvember námu rúmlega 5.630 milljörðum króna en þar af voru erlendar eignir sjóðanna um 1.900 milljarðar. Lífeyrissjóðir hafa að jafnaði þurft að ráðstafa 300 milljörðum króna á ári í fjárfestingar og hefur sú tala hækkað frekar en hitt samhliða auknum uppgreiðslum á sjóðfélagalánum.

Davíð Rúdólfsson, forstöðumaður eignastýringar Gildis, sagði í frétt Markaðarins í gær að hækka ætti leyfilegt hámark eignar lífeyrissjóða í erlendri mynt og nefndi að innan sjóðanna hefði verið nefnt að eðlilegt væri að hámarkið yrði hækkað í 60 prósent.

„Þó að hámarkið sé í dag 50 prósent er erfitt fyrir lífeyrissjóði að nýta það svigrúm til fulls án þess að eiga það á hættu að skammtímasveiflur á gengi krónunnar og verðþróun á mörkuðumýti hlutfalli eigna í erlendri mynt upp fyrir lögbundið hámark," sagði hann.

hordur@frettabladid.is

Tala gengið niður með hræðsluáróðri

Hræðsluáróður gegn sölu ríkissjóðs á eignarhlut í Íslandsbanka er til þess fallinn að tala vænt útboðsgengi niður. Þetta er á meðal þess sem kemur fram í fréttabréfi Jakobsson Capital til viðskiptavina en þar er vikið að fyrirhugaðri bankasölu.

„Einhverjum stjórnmálamönnum hefur verið umhugað um verðið og telja verðið of lágt. Þeir hafa þó væntanlega ekki áttað sig á því að með hræðsluáróðri hafa þeir jafnframt verið að tala vænt útboðsgengi niður," skrifar greinandi Jakobsson Capital.

Einhverjir fjárfestar gætu óttast að eiga hlut í ríkisbönkunum með stjórnmálamönnum sem hafa miklar skoðanir, að sögn greinandans. Hann tekur þó fram að á síðustu tíu árum hafi sýnt sig að lítil afskipti hafi verið af bankarekstrinum þrátt fyrir að hinir ýmsu flokkar hafi verið við stjórn.

„Þetta er ekki í fyrsta skipti sem að það hefur komið upp pólitískur stormur út af bönkunum á rúmlega tíu ára líftíma Bankasýslu ríkisins. Það væri þó sterkt ef Bankasýsla ríkisins legði fram langtímaáætlun um losun eignarhalds síns á Íslandsbanka, samfara skráningu á markað," bætir hann við.

Þá bendir hann á að í kjölfar bankakreppunnar á Norðurlöndum í lok níunda áratugar síðustu aldar hafi norrænir bankar verið settir á markað. Sú sala hafi tekist vel og séu margir þeirra fyrirmyndir annarra banka. „Verð þeirra hefur sögulega verið hærra en annarra banka í Evrópu eftir fjármálahrunið og verð þeirra nú yfir bókfærðu eigin fé."

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, hefur tilkynnt Bankasýslunni ákvörðun sína um að hefja sölumeðferð á hlutum ríkisins í Íslandsbanka. Stofnunin hefur umsjón með eignarhlutum ríkisins í viðskiptabönkunum. Um er að ræða sölu á 25 til 35 prósentum eignarhlutar ríkisins í Íslandsbanka í almennu opnu útboði. **– þfh**

LJÚFFENGUR HELGARMATUR Í NETTÓ!

KJÖTBORÐ

-40%

Nautgripahakk
3x1 kg
3.598 KR/PK
ÁÐUR: 5.997 KR/PK

KJÖTBORÐ

-32%

Grísakótilettur
Á beini
1.285 KR/KG
ÁÐUR: 1.889 KR/KG

KJÖTBORÐ

-20%

Lambasnitsel
2.855 KR/KG
ÁÐUR: 3.569 KR/KG

-50%

Bleikjuflök
Með roði - Sjávarkistan
1.200 KR/KG
ÁÐUR: 2.399 KR/KG

-30%

Saltkjöt og baunir
1 lítri
1.189 KR/PK
ÁÐUR: 1.699 KR/PK

GOTT VERÐ!

Primadonna maturo
180 gr
579 KR/STK
ÁÐUR: 669 KR/STK

Ananas
Gold Del Monte
220 KR/KG
ÁÐUR: 439 KR/KG

-50%

HEILSU- OG LÍFSSTÍLSDAGAR

ketó *lífrænt* *vegan* *uppbygging* *hollusta*

25. JANÚAR- 7. FEBRÚAR

OFUR-TILBOÐ Á HVERJUM DEGI!

25% AFSLÁTTUR AF HEILSU- OG LÍFSSTÍLSVÖRUM

Kynntu þér öll frábæru tilboðin í Heilsublaði Nettó!

nettó
Lægra verð – léttari innkaup

VERSLAÐU Á NETINU
www.netto.is

Tilboðin gilda 4.–7. febrúar

Tilboðin gilda meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Rjúpnafell er eins og rjúpan, ekki síður tilkomumikið að vetri til en á sumrin, en úr vestri minna útlínur þess á bókstafinn M. MYNDIR/ÓMB

Íslenskt kameljón

Tómas Guðbjartsson hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi og **Ólafur Már Björnsson** augnlæknir og ljósmyndari

Kameljón eru eðlur sem eru þekktar fyrir að breyta um lit. Þær kjósa hlýtt loftslag og halda sig aðallega í regnskógum. Á Íslandi eru því engin kameljón, en þó mætti kalla rjúpuna kameljón. Hún er staðfugl sem hefur verið ríkur hluti íslenskrar náttúru frá landnámi, en er auk þess vinsæll jólamatur. Rjúpan skiptir einmitt um lit eftir árstíðum og er hvít að vetri til en brúnleit með svörtum dílum að sumri. Hún finnst um allt land og er talið að stofnstærðin sé nú um 100.000 fuglar. Rjúpan hefur ávallt verið vinsæl hér á landi og því kemur ekki á óvart að að minnsta kosti 17 fjöll bera nafnið Rjúpnafell. Þeirra þekktast er sennilega Rjúpnafell í Þórsmörk, enda trónir keilulaga fjallið upp úr umhverfi sínu skammt frá Mýrdalsjökli. Á sumrin er það mosaklætt frá toppi til táar en skartar einnig brúnum klettum sem minna á sumarklæði rjúpu. Þegar vetur nálgast er það síðan, líkt og rjúpan, fljótt að klæðast hvítri vetrarkápu, enda 819 metra hátt. Það sést víða að en tindar þess eru tveir og úr vestri minna útlínur þess á bókstafinn M.

Ganga á Rjúpnafell er frábær skemmtun og má auðveldlega samtvinna Tindfjallahring, einni fallegustu göngu- og hlaupaleið landsins. Upplagt er að hefja gönguna við skála Ferðafélags Íslands í Langadal og er gengið eftir eyrum Krossár að Stóraenda. Þar er stikuð gönguleið upp krókóttan skógi vaxinn klettahrygg. Smám saman blasa við á vinstri hönd Tindfjöll, en þau heita sama nafni og fjöll mun vestar sem eru hluti Tindfjallajökuls. Þarna er tilvalið að sveigja til austurs út á Stangarháls, en þar býðst stórkostlegt útsýni yfir Þórsmörk alveg inn að Krossárjökli. Síðan er haldið norður Tindfjallasléttur þar til kemur að stíg sem liggur alla leið upp á Rjúpnafell. Síðasti hlutinn er nokkuð brattur en gönguleiðin greinileg. Efst sést yfir Morinsheiði að Fimmvörðuhálsi en einnig hluti Laugavegarins, Tindfjallajökul og bróður hans Eyjafjallajökul. Haldið er sömu leið niður á Tindfjallasléttur, en síðan áfram norðan Tindfjalla framhjá Tröllakirkju. Fylgt er krókóttum stígum í bröttum mosavöxnum hlíðum með djúp árgljúfur neðar. Síðan tekur við Slyppugil uns komið er í Langadal þar sem ferðin hófst. Það tekur daginn að ganga á kameljónið og oft bregður fyrir fljúgandi kameljónum á göngunni sem er samtals 20 km.

Fókus á hjarta landsins

Útsýni af hæsta tindi Rjúpnafells er stórkostlegt. Hér er horft til vesturs yfir Þórsmörk með Eyjafallajökul í baksýn.



Á sumrin er Rjúpnafell grænklætt frá hvirfli til ilja og trónir upp úr umhverfi sínu. Í baksýn sést í Mýrdalsjökul.

FJALLA KOFINN

KULDADAGAR

20-50% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM DÚN- OG FÍBERÚLPUM

2.-5. FEBRÚAR

Kringlan 7 I Laugavegur 11 I S: 510 9505 I fjallakofinn.is

Hugrekki

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Það er ríkt í eðli manneskjunnar að hugsa fyrst og fremst um eigin hag og hagsmuni. Erfitt er að fordæma hana fyrir það. Lífið er stutt og freistandi að líta svo á að best sé að leggja sig fram við að gera eigið líf eins þægilegt og mögulegt er. Þannig hugsum við flest, mjög skiljanlega. Það gerist þó furðu oft að manneskjan lætur hagsmuni sína víkja, skeytir litlu um eigin velferð og virðist tilbúin að leggja allt í sölurnar, jafnvel eigið líf, fyrir baráttu sem hún trúir á.

Umheimurinn hefur lengi fylgst með framgöngu rússneska stjórnarandstæðingsins Alexeis Navalnís sem var byrlað eitur fyrir nokkrum mánuðum í Rússlandi. Hann féll í dá, var fluttur á sjúkrahús í Þýskalandi, náði bata og sakaði rússnesk yfirvöld um að hafa eitrað fyrir sér. Þau sóru það vitanlega af sér, eins og þeirra var von og vísa. Navalní, þessi sterki og þolni andstæðingur Pútíns, ákvað að snúa til Rússlands, þrátt fyrir að vita að þar fengi hann ekki blíðar móttökur. Við heimkomuna var hann snarlega handtekinn fyrir að hafa rofið skilorð. Honum hafði sem sagt láðst að tilkynna sig á lögreglustöð í Rússlandi, eins og honum bar að gera mánaðarlega þar sem hann var með dóm á bakinu fyrir svokölluð „fjársvik“. Það blasir við öllu raunsæju fólki að erfitt er fyrir mann að rölta inn á lögreglustöð í Rússlandi þegar hann liggur fárveikur á sjúkrahúsi í allt öðru landi. Rússneskum yfirvöldum stendur þó hjartanlega á sama um þessa staðreynd, í huga þeirra skiptir öllu að þagga niður í þessum einbeitta andstæðingi Pútíns. Þau hafa nú dæmt hann í fangelsi og vona um leið að draga ekki einungis mátt úr honum heldur einnig stuðningsmönnum hans.

Undanfarið höfum við séð á sjónvarpsskjáum rússneskan almenning, að stórum hluta ungt fólk, þyrpast út á götur til að styðja Navalní. Þessir einstaklingar vissu nákvæmlega hverju þeir gætu átt von á. Heppnin ein myndi ráða því hvort þeir slyppu við handtöku og barsmíðar lögreglunnar. Í aðstæðum eins og þessum myndi enginn álasa einstaklingi fyrir að skýla sér á bak við hugsunina um að hver sé sjálfum sér næstur. Af hverju að fara út á götu þegar stórhætta er á að vera lúbarinn af lögreglu og hugsanlega handtekinn? Er ekki bara best að sitja heima og láta eins og ekkert sé?

Það þarf gríðarlegt hugrekki til að snúa aftur til lands síns og mæta yfirvöldum sem vilja mann feigan. Það gerði Navalní. Það þarf mikið hugrekki til að mótmæla handtöku Navalnís þegar hrottalegar barsmíðar og jafnvel handtaka bíður þess sem það gerir. Það hugrekki hefur rússneskur almenningur sýnt í ríkum mæli.

Umheimurinn, sem oft kýs að líta undan þegar vondir hlutir gerast, hefur ekki horft þegjandi upp á fangelsun Navalnís og handtökur og barsmíðar á rússneskum almenningi. Ráðamenn víða um heim krefjast þess að Navalní verði látinn laus. Þar á meðal er utanríkisráðherra okkar, Guðlaugur Þór Þórðarson. Þar hlýtur hann að tala í nafni okkar allra.

Af hverju að fara út á götu þegar stórhætta er á að vera lúbarinn af lögreglu og hugsanlega handtekinn?

Halldór

Frá degi til dags

Ó, guð! Yarr!
Hafi einhverjir efast um að Pírötum sé ekkert heilagt eftir að þingmaðurinn Björn Leví Gunnarsson viðraði hugmyndir um breytingar á hjúskaparlögum þá þurfa þeir hinir sömu ekki að efast lengur því nú hafa Píratar endanlega afhjúpað sig með tillögu um breytingu á lögum um þjóðsönginn þannig að flutningur á sálminum í annarri mynd en hinni upprunalegu verði leyfður auk þess sem heimilt verði að nota Ó, guð vors lands í viðskipta- eða auglýsingaskyni. Gróflegar verður varla vaðið yfir helg vé á marglitum sokkunum.

Vors lands. Yarr!
Nokkur hætta hlýtur að vera á að aðrir flokkar taki undir þjóðsöng Pírata þar sem ýmis tilbrigði við lofsönginn gætu gagnast í kosningaáróðri. Inga Sæland gæti loksins sungið lofsönginn með sínu nefi í kosningakarókí. Augljóst framsóknarfæri er í því að fá Geirmund Valtýsson til þess að útsetja Ó, lands vors í skagfirskri sveiflu og aldrei að vita hversu mörgum atkvæðum Samfylkingin gæti landað með því að kyrja um átján rauð smáblóm með titrandi tár. Þó má treysta þingmönnum Miðflokksins til að standa áfram vörð um íslenska menningu og kristin gildi með því að tóna þjóðsönginn sem klaustursmunkar með gamla ómögulega laginu. Yarr!
toti@frettabladid.is

Reykskynjari án rafhlaðna

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
formaður Viðreisnar

Þetta er ekki bara óendanlega dapurt heldur stórhættulegt út frá hagsmunum heildarinnar.

Það hefur verið lærdómsríkt að taka þátt í vinnu formanna allra stjórnmálaflokka um breytingar á stjórnarskrá. Á köflum var vinnan vönduð, jafnvel skemmtileg þótt dapurleikinn hafi einkennt síðustu daga vinnunnar. Þegar blákaldur veruleiki og hagsmunapólitík stjórnarheimilisins spilaði sterkar inn í vinnuna.

Í upphafi var sammælst um að ræða afmörkuð svið stjórnarskrárinnar og að um hvert og eitt yrði flutt sérstakt þingmál, með annaðhvort breiðri sátt eða auknum meirihluta. Ákvæði um framsal og þjóðaratkvæðagreiðslur hunsaði formaður VG þrátt fyrir samkomulag um annað og leit algerlega fram hjá skýrum vilja almennings um jöfnun atkvæðisréttar. Eitthvað sem ætti ekki að koma á óvart en lengi skal manninn reyna.

Ég tók samt sem áður þátt í vinnunni og lýsti yfir að ég gæti auðveldlega verið sammála þingmálum sem snerta íslenskuna, umhverfismál og svonefndan forsetakafla enda tel ég þau skref í rétta átt. Betra væri að ganga hreint til verks um mína afstöðu í stað útpældrar leikjafræði. Enda mikið í húfi.

Auðlindaákvæði formanns VG gat ég hins vegar ekki með nokkru móti stutt meðan ekki væri ætlunin að virkja þjóðareignina. Ef ekki á að breyta neinu og festa frekar í sessi rétt útgerða yfir fiskveiðiauðlindinni er best að segja það hreint út.

Hér gæti orðið óafturkræft tjón. Í stjórnarskrá verða sett falleg orð um þjóðareign sem hvorki breytir né treystir rétt þjóðarinnar yfir auðlindum sínum. Ákall þjóðarinnar eftir samráði var um virka og raunverulega þjóðareign, ekki sýndarmennsku. Þetta er óskatillaga íhaldsflokkanna og undirstrikar rækilega til hvers þessi ríkisstjórn var stofnuð. Til hvers refirnir voru skornir.

Forsætisráðherra ætlar að selja þjóðinni að setja upp öryggistæki um allt hús en lætur ekki rafhlöðurnar fylgja með. Hún vísvitandi sleppir þeim. Veitir falska öryggiskennd. Þetta er ekki bara óendanlega dapurt heldur stórhættulegt út frá hagsmunum heildarinnar. Ef Alþingi breytir ekki frumvarpi VG er ljóst um hvað næstu kosningar munu snúast. Þá fær þjóðin tækifæri til að tryggja virka þjóðareign og rétta hlut sinn – eða festa í sessi óbreytt ástand.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is*
LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

AF KÖGUNARHÓLI

Afleiðing þess að vilja ekki breytingar

Þorsteinn Pálsson

Verðbólga mælist nú 4,3%. Það er mesta verðbólga í átta ár. Verðbólgumarkmið ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans er 2,5%. Verðbólgan hefur meira en tvöfaldast í kreppunni.

Ísland er eina landið í Evrópu þar sem heimsfaraldurinn leiðir til aukinnar verðbólgu.

Í öðrum löndum myndi allt fara á annan endann ef verðbólgutölur af þessari stærðargráðu birtust í miðri kreppu.

Áttföld verðbólga á ný

Ríkisstjórnin segir þetta hins vegar sýna að þjóðarbúskapur Íslendinga sé heilbrigðari en annarra þjóða. Í Danmörku fór verðbólga niður í 0,5% á síðasta ári en reiknað er með að hún aukist þegar hagvöxtur tekur við sér á ný. Hér vonast stjórnvöld til að verðbólgan hjaðni þegar hjólin fara að snúast!

Þessi þverstæða fær menn ekki einu sinni til að yppa öxlum.

Í byrjun níunda áratugarins var verðbólga um 80%. Í því sögulega samhengi lítur 4,3% verðbólga út sem smámál.

Sennilega er ríkissjóður þó í mestri hættu. Ef hann á að geta aðstoðað fyrirtæki og heimili af sama afli og önnur Norðurlönd þarf hann að eiga kost á innlendu lánsfé á jafn hagstæðum kjörum og þau.

En samanburðurinn við önnur lönd segir aðra sögu. Þegar verðbólgan var í hæstu hæðum á Íslandi nam hún áttfaldri verðbólgu í Danmörku. Nýju verðbólgutölurnar sýna að við erum aftur komin á þann stað. Mismunurinn er áttfaldur á ný.

Þetta minnir á hryllingssögu. Engu er hins vegar líkara en tölurnar hljómi eins og örvandi ættjarðarljóð í eyrum stjórnvalda.

Helsta orsökin ósnertanleg

Hvorki ríkisstjórn né Seðlabanki gerðu ráðstafanir til þess að spyrna við fæti og koma í veg fyrir þessa þróun. Samt sem áður verður ekki sagt að stjórnvöld hafi tekið rangar ákvarðanir.

Verðbólgan er nefnilega fyrst og fremst afleiðing kerfisvanda. Stjórnvöld geta ekki leyst hann nema viðurkenna fyrst að þar sé breytinga þörf. Klípan er að þau eru í afneitun. Helsta orsök verðbólgunnar nú er ósnertanleg eins og hún sé tákn um fullveldi landsins.

Launahækkunum að kenna

Ríkisstjórnin segir að verðbólgan sé afleiðing kjarasamninga. Þegar þeir voru samþykktir sagði hún hins vegar að í annan tíma hefðu ekki verið gerðir jafn ábyrgir samningar. Hún verðlaunaði meira að segja launafólk og atvinnufyrirtæki með umtalsverðum skattalækkunum, þó að þá þegar hafi verið ljóst að ríkissjóður væri ekki lengur sjálfbær.

Seðlabankinn taldi kjarasamningana svo ábyrga að hann lækkaði vexti þrátt fyrir slæmar horfur með afkomu ríkissjóðs.

Vitaskuld er engin ein ástæða fyrir verðbólgu og kjarasamningar eru alls ekki undanskildir. En ljóst er að fall krónunnar er helsta ástæðan. Það stangast bara á við pólitíska lífssýn stjórnvalda að viðurkenna þann veruleika.

Hjálpar ekki ferðaþjónustu

Ríkisstjórnin segir að fall krónunnar sýni að hún virki eins og vera ber. Nú hjálpi hún útflutningsfyrirtækjunum. Almennt er það svo að lágt gengi styrkir samkeppnisstöðuna. En í þessari kreppu hefur gengisfellingin bara skert kjör launafólks.

Gengisfellingin hefur ekki hjálpað ferðaþjónustunni sökum þess að hér eru ekki ferðamenn vegna sóttvarnaráðstafana. Gengisfelling fjölgar heldur ekki þorskunum í sjónum. Og hún eykur ekki þá orku sem við getum virkjað. Loks er flöktandi gjaldmiðill, sem ekki er tækur í milliríkjaviðskiptum, helsta hindrunin fyrir vexti og viðgangi nýsköpunar og þekkingariðnaðar.

Ríkissjóður í mestri hættu

Sennilega er ríkissjóður þó í mestri hættu. Ef hann á að geta aðstoðað fyrirtæki og heimili af sama afli og önnur Norðurlönd þarf hann að eiga kost á innlendu lánsfé á jafn hagstæðum kjörum og þau. Áttföld verðbólga hjálpar ekki til við það, svo ekki sé dýpra í árinni tekið.

Nú fær ríkissjóður ekki lán í krónum í nægjanlegum mæli af því að krónan virkar ekki eins og sjálfstæður gjaldmiðill ætti að gera við þessar aðstæður. Þá eru tekin lán í evrum með lágum vöxtum en mikilli gengisáhættu.

Meðan lánin streyma inn styrkist gengið. Þegar afborganir hefjast veikist það. Allir sjá að þessi pólitík er ekki byggð á traustum grunni.

Verðbólgan og gengisáhættulánin sýna að frá sjónarhóli almannahagsmuna er það ekki ókeypis að standa alltaf í vegi fyrir kerfisbreytingum. Það hefur afleiðingar. En þeir eru vissulega til, sem græða.

Mikilvægi skimana

Alma Möller
landlæknir

Sigrún Arnardóttir
kvensjúkdómalæknir

Í dag er alþjóðlegur dagur gegn krabbameini. Um þriðjungur þjóðarinnar fær krabbamein á lífsleiðinni og 600 manns látast árlega hérlendis af þess völdum. Krabbamein snertir þannig flesta landsmenn.

Mikilvægi skimana

Skimun gegn krabbameini er rannsókn á hópi einkennalausra einstaklinga, en með því að greina krabbamein á forstigi eða frumstigi er auðveldara að ráða við sjúkdóminn. Markmið skimunar er að lækka nýgengi og bæta lífslíkur. Á Íslandi er skimað fyrir brjósta- og leghálskrabbameinum og vonandi hefst skimun fyrir krabbameini í ristli og endaþarmi innan tíðar. Mikilvægt er að nefna að skimun nær aldrei að greina öll krabbamein eða forstig þeirra og getur því ekki útilokað sjúkdóm með vissu.

Leitarstöð Krabbameinsfélags Íslands lyfti grettistaki þegar skimun hófst fyrir leghálskrabbameini árið 1964 og brjóstakrabbameini árið 1987 og ber að þakka fyrir gott starf félagsins. Mikill árangur hefur náðst en undanfarin 10 ár hefur þátttaka minnkað og er undir viðmiðum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar. Því er brýnt að konur bæti þátttöku.

Um áramótin varð breyting á fyrirkomulagi skimana. Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins tók við hlutverki Leitarstöðvarinnar og sett var á stofn Samhæfingarstöð krabbameinsskimana sem mun sjá um að boða konur í skimun og fylgja niðurstöðum eftir.

Skimun fyrir leghálskrabbameini

Heilsugæslustöðvar landsins munu sjá um framkvæmd leghálsskimana þar sem ljósmæður eða hjúkrunarfræðingar, sem fengið hafa sérstaka þjálfun, sjá um sýnatöku, auk kvensjúkdómalækna á eigin starfstofum.

Leghálskrabbamein er með greinanleg forstig þannig að hægt er að greina og meðhöndla frumubreytingar áður en þær valda krabbameini. Frumubreytingarnar tengjast HPV-veirusýkingu sem smitast við kynmök. Sýkingin er einkennalaus, flestir vita ekki af smiti og vinna bug á sýkingunni án meðferðar. Um 10-15 prósent kvenna fá þó króníska sýkingu í leghálsinn sem valdið getur frumubreytingum með tímanum.

> **Það er mikilvægt að skipuleggja skimun í takti við þá bestu þekkingu sem liggur fyrir og ræða kosti og galla skimunar af yfirvegun.**

Þær breytingar urðu á leghálsskimunum um áramótin að tekin var upp HPV-skimun í aldurshópnum 30-64 ára. Þær konur sem greinast með veiruna fara í frekara eftirlit. HPV-skimun er næmari mælikvarði en frumugreiningarstrok sem var notað áður og því er hægt að skima þennan aldurshóp á fimm ára fresti í stað þriggja. Hins vegar verður ekki breyting hjá aldurshópnum 23-29 ára, þar sem áfram er notað frumugreiningarstrok á þriggja ára fresti og HPV-mæling ef frumustrok er óeðlilegt. Ástæðan er sú að fleiri konur í yngri aldurshópnum eru HPV-jákvæðar en munu vinna bug á sýkingunni án frekari inngripa.

Tekin var upp HPV-bólusetning árið 2011 og er öllum 12 ára stelpum boðin bólusetning. Að öllum líkindum mun því verða lækkun á tíðni frumubreytinga og leghálskrabbameins í náinni framtíð.

Skimun fyrir brjóstakrabbameini

Brjóstamiðstöð Landspítalans og Sjúkrahúsið á Akureyri munu sjá um framkvæmd brjóstaskimana.

Brjóstakrabbamein er algengasta krabbameinið hjá konum og eykst tíðni sjúkdómsins með hækkandi aldri, meðalaldur við greiningu hér er 62 ár. Allar konur á aldrinum 40-74 ára fá nú boð í skimun með brjóstamyndatöku á tveggja eða þriggja ára fresti. Skimun fyrir brjóstakrabbameini mun ekki leiða til lækkunar á tíðni sjúkdómsins þar sem ekki eru til staðar forstigsbreytingar eins og í leghálskrabbameini, en ef sjúkdómurinn greinist snemma aukast líkur á að hann sé staðbundinn, meðferð verður einfaldari og dánartíðni lækkar. Horfur eftir greiningu hérlendis eru góðar og um 90 prósent kvenna á lífi fimm árum eftir greiningu.

Almenn brjóstaskimun er fyrir konur sem ekki eru með einkenni frá brjóstum. Finni kona fyrir einkennum, til dæmis hnút, er ráðlagt að leita strax læknis til frekari greiningar. Meirihluti hnúta er þó góðkynja. Um 5-10 prósent af brjóstakrabbameini má rekja til erfða og eru þekktustu stökkbreytingar BRCA1 og BRCA2. Konur með þær hafa auknar líkur á brjóstakrabbameini og greinast yngri. Þær eru í sérstöku eftirliti frá 30 ára aldri hjá læknum Landspítala og því ekki í hefðbundinni skimun.

Ávinningur og áhætta

Vel skipulögð skimun getur minnkað sjúkdómsbyrði og bjargað mannslífum. En skimun getur einnig fylgt skaði. Skimun greinir ekki öll mein, sem getur skapað hættu og falskt öryggi (falskt neikvæð niðurstaða). Einhverjir einstaklingar munu fá greiningu og meðferð við meini sem ekki var eða hefði orðið (falskt jákvæð niðurstaða) og fleira mætti nefna. Það er mikilvægt að skipuleggja skimun í takti við þá bestu þekkingu sem liggur fyrir og ræða kosti og galla skimunar af yfirvegun.

Fulltrúar launamanna í stjórn Birtu lífeyrissjóðs

Valnefnd Birtu lífeyrissjóðs auglýsir eftir frambjóðendum til þess að taka sæti í stjórn sjóðsins **kjörtímabilið 2021 til 2023.**

Samkvæmt samþykktum Birtu lífeyrissjóðs (gr. 5.9) hefur valnefnd m.a. þann yfirlýsta tilgang að tryggja að stjórn sjóðsins endurspegli fjölbreytni og breidd í hæfni, reynslu og þekkingu stjórnarmanna sem og að tryggja gagnsæi í málum um tilnefningu stjórnarmanna.

Fulltrúaráð launamanna Birtu kýs tvo stjórnarmenn og einn varamann til tveggja ára í stjórn sjóðsins.

Áhugasamir geta gefið kost á sér með því að senda inn framboð á útfylltu framboðseyðublaði, sem er að finna á vefnum birta.is, á netfangið **valnefnd@birta.is fyrir kl. 16.00 fimmtudaginn 18. febrúar 2021.**

ÞEIR SEM GEFA KOST Á SÉR SKULU

- vera launamenn sem greiða iðgjald í Birtu lífeyrissjóð.
- ekki vera sjálfstætt starfandi atvinnurekendur/einyrkjar.
- vera fjárhagslega sjálfstæðir og búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu skv. 31. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og 6. gr. reglna FME nr. 180/2013 og fullnægja að öðru leyti þeim kröfum sem gerðar eru um hæfi og hæfni stjórnarmanna skv. framangreindum lögum, reglum FME, samþykktum sjóðsins og starfsreglum valnefndar.
- Skila inn útfylltu framboðseyðublaði með drengskaparyfirlýsingu um að þeir uppfylli skilyrði til slíkrar stjórnarsetu.

Allar nánari upplýsingar um stjórnarkjörið, framboðseyðublaðið/yfirlýsinguna og sjóðinn má finna á vefnum birta.is

Birta lífeyrissjóður | Sundagörðum 2 | 104 Reykjavík | 480 7000 | birta.is

Fögnum saman framförum í krabbameinslækningum

Gunnar Bjarni Ragnarsson
formaður

Vaka Ýr Sævarsdóttir
gjaldkeri

Ólöf Kristjana Bjarnadóttir
ritari

> **Við höfum fylgt þeirri hröðu þróun sem er í krabbameinslækningum og er að skila sífellt bættum árangri.**

Í dag 4. febrúar er Alþjóðlegi krabbameinsdagurinn (e. World Cancer Day). Honum er ætlað að vekja athygli á, og fræða um, málefni krabbameinsgreindra. Í ár er áherslan á samtakamáttinn í baráttunni við krabbamein. Íslendingar hafa einmitt orðið þeirrar gæfu aðnjótandi að hér ríkir sátt um að krabbamein er ekki einkamál þess sem greinist, heldur mál samfélagsins alls. Samtakamáttur þjóðarinnar hefur leitt af sér að hér er þjónusta við krabbameinsgreinda í fremstu röð í heiminum. Við höfum fylgt þeirri hröðu þróun sem er í krabbameinslækningum og er að skila sífellt bættum árangri. Í sameiningu hefur okkur líka tekist að byggja upp öflugan og vel menntaðan mannauð sem sinnir krabbameinsgreindum. Þetta hefur leitt til þess að meðferðarárangur hérlendis er með því besta sem þekkist í heiminum.

Um 1.700 Íslendingar greinast nú árlega með krabbamein og mun þriðjungur okkar fá krabbamein einhvern tímann á lífsleiðinni. Krabbameinstíðni eykst með aldri og hefur hækkandi meðalaldur þjóðarinnar valdið því að sífellt fleiri greinast með krabbamein. Krabbameinsrannsóknir og tækniframfarir hafa leitt af sér ný krabbameinslyf, framþróun í geislameðferð og enn öflugri stuðningsmeðferð. Viðlíka þróun er í öllum greinum sem koma að greiningu og meðferð krabbameina. Sem afleiðing hafa lífsgæði og lífslíkur krabbameinsgreindra aukist talsvert á undanförnum áratugum. Samanlagt mun þetta leiða til þess að Íslendingum, sem lifa með krabbamein, mun fjölga hratt á næstu áratugum. Í árslok 2019 voru þeir tæplega 16 þúsund sem höfðu greinst með krabbamein og munu á næstu áratugum fara að telja í tugum þúsunda. Margir þeirra munu geta haldið áfram að lifa sínu venjubundna lífi jafnvel samfara krabbameinsmeðferð. Í flestum tilvikum valda þó krabbameinsgreining og -meðferð töluverðu raski á lífi fólks og því er mikilvægt að við stöndum saman að myndarlegri uppbyggingu endurhæfingar krabbameinsgreindra á Íslandi.

Íslendingar hafa notið framþróunar í krabbameinsmeðferð og endurhæfingu sem hefur birst í bættum lífslíkum og lífsgæðum krabbameinsgreindra. Þetta hefur tekist með samtakamætti þjóðarinnar. Ljóst er að við þurfum áfram að standa saman gagnvart þeim framtíðaráskorunum sem blasa við okkur. Þessari samstöðu ber að fagna og er hún í anda Alþjóðlega krabbameinsdagsins sem við höldum upp á í dag.

Stjórn Félags íslenskra krabbameinslækna

Mennta
dagur
atvinnulífsins
2021

Færni framtíðar

Í dag: 09:00-10:00

Fjölbreytt og skemmtileg dagskrá fer fram
með rafrænum hætti:

Greiningar- og nýsköpunarhæfni
Finnur Oddsson, forstjóri Haga

Forysta og félagsleg áhrif
Tryggvi Þorgeirsson, meðstofnandi og framkvæmdastjóri Sidekick Health

Virkni í námi og námsaðgerðum
Ingvi Hrannar Ómarsson,
kennari og frumkvöðull

Tækninotkun, eftirlit og stjórn
Anna Kristín Pálsdóttir,
Marel – framkvæmdastjóri nýsköpunar og þróunar

Lausnamiðuð nálgun
Birna Einarsdóttir,
bankastjóri Íslandsbanka

Rökhugsun, lausn vandamála og hugmyndaauðgi
Stefanía G. Halldórsdóttir,
framkvæmdastjóri Eyrir Vöxtur hjá Eyri Venture Management

Gagnrýnin hugsun og greining
Kristín Friðgeirsdótir, alþjóðlegur stjórnendaráðgjafi

Seigla, streituþol og sveigjanleiki
Víðir Reynisson, yfirlögregluþjónn hjá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

Sköpun, frumleiki og frumkvæði
Dóra Jóhannsdóttir, leikkona

Tæknihönnun og forritun
Ægir Már Þórisson Advania,
forstjóri Advania

Halldór Benjamín Þorbergsson
framkvæmdastjóri SA stýrir þætti

Menntaverðlaun atvinnulífsins
verða sem fyrr veitt framúrskarandi
fyrirtækjum í menntamálum.

Í beinni útsendingu á sa.is og facebook live @atvinnulifid

Brady er á 21. ári sínu í deildinni.

Vinsældir Brady ekkert að dvína

NFL Vinsældir Toms Brady, leikstjórnanda Tampa Bay Buccaneers, virðast ekkert vera að dvína en metsala hefur verið á söluvarningi tengdum leikstjórnandanum undanfarna daga í aðdraganda leiksins um Ofurskálina (e. Super Bowl). Þar leiðir Brady lið sitt gegn ríkjandi meisturunum í Kansas City Chiefs á heimavelli Buccaneers.

Samkvæmt tölum frá Fanatics sem sjá um sölu á varningi fyrir NFL-deildina var treyja Brady sú næstvinsælasta á tímabilinu á eftir Patrick Mahomes. Undanfarnar vikur hafa sölutölurnar á varningi Brady rokið upp og hefur aldrei meira selst af varningi af einum leikmanni á tveggja vikna tímabili.

Varningur merktur Brady var einnig vinsæll þegar hann lék með New England Patriots en eftir vistaskipti í sumar hefur áhuginn aukist. Alls hefur 900% aukning átt sér stað í treyjusölu hjá Fanatics á treyjum Brady á milli ára frá því að hann skrifaði undir hjá Buccaneers. Vinsældirnar eru helst í Flórída-ríki en aðdáendur Brady í Massachusetts eru einnig duglegir að versla varning merktan Brady. **– kpt**

Ekki krafa um bólusetningu

ÓLYMPÍULEIKAR Ekki verður gerð krafa til þess að allir þátttakendur Ólympíuleikanna í Tókýó verði búnir að fá bólusetningu gegn kórónaveirunni. Þetta kemur fram í fyrsta hluta handbókarinnar sem dreift verður meðal þátttakenda og var gefin út í gær. Kórónaveirufaraldurinn hefur verið í vexti undanfarnar vikur í Japan en þrátt fyrir það er stefnt að því að leikarnir fari fram í sumar.

Áætlanir gera ráð fyrir ellefu þúsund þátttakendum á Ólympíuleikunum 2020.

Í handbókinni kemur fram að ætlast sé til að Ólympíufarar reyni að forðast fagnaðarlæti með snertingum, en brot á þeim reglum geti leitt til brottvísunar. Allir sem koma til landsins þurfa að sýna fram á neikvætt sýni sem má ekki vera eldra en þriggja daga gamalt. Þeir sem sýna einkenni COVID-19 fá ekki heimild til að ferðast til Japans.

Þá kemur fram að Ólympíunefndin sé sammála því að íþróttafólk eigi ekki að ganga fyrir þegar kemur að bóluefni, en mælir með að íþróttafólk verði bólusett ef tækifæri gefst til. Ekki verði hins vegar gerð krafa um bólusetningu hjá íþróttafólki sem kemur til Tókýó. **– kpt**

Aðstaðan þar sem keppt er í frjálsum íþróttum í Laugardalshöll, meðal annars á Reykjavíkurleikunum, er til fyrirmyndar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Loks búið að skera á hnútinn

Búið er að setja á laggirnar starfshóp til að setja fram tillögur um nýjan þjóðarleikvang í frjálsum íþróttum. Mikill léttir, segir framkvæmdastjóri FRÍ sem hefur reynt að vekja athygli á málinu í tæpan áratug.

FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR Tilkynnt var síðastliðið þriðjudagskvöld að Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, hefði ákveðið að skipa starfshóp sem væri ætlað að vinna tillögur fyrir nýjan þjóðarleikvang í frjálsum íþróttum. Hópnum er ætlað að skoða hvort hagkvæmt sé að byggja upp eldra mannvirki eða hvort þurfi að byggja nýjan völl, ásamt því að greina frá kostnaðinum sem því fylgir. Áætlað er að hópurinn skili af sér skýrslu þann 1. maí næstkomandi.

Um árabil hefur Frjálsíþróttasamband Íslands kallað eftir bættri aðstöðu utandyra. Laugardalsvöllur, sem FRÍ hefur deilt með Knattspyrnusambandi Íslands, telst ekki lengur löglegur sem keppnisvöllur í frjálsum íþróttum. Ákveðið var á síðasta ári að skipa sambærilegan starfshóp til að finna úrlausnir fyrir knattspyrnulandslið Íslands, sem hafa sömuleiðis kallað eftir endurbótum á aðstöðu á þjóðarleikvangi en sú vinna er komin langt á veg.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið er því búið að skipa starfshópa til að finna tillögur fyrir nýjan þjóðarleikvang í knattspyrnu, nýjan þjóðarleikvang fyrir frjálsar íþróttir og þjóðarleikvang fyrir innanhússíþróttir í stað Laugardalshallar á rúmu ári en óvíst er hvenær framkvæmdir hefjast.

„Þetta er mikill léttir, ég hef beðið eftir því undanfarin ár að menn myndu höggva á hnútinn og hefja viðræður. Um leið er það augljósa viðurkennt, að ef að það ætti að hefja framkvæmdir á knattspyrnuvellinum þyrfti að finna frjálsíþróttunum stað," segir Freyr Ólafsson, framkvæmdastjóri Frjálsíþróttasambands Íslands, glaðbeittur eftir tíðindin. Hann er einn fimm fulltrúa í starfshópnum sem fulltrúi FRÍ.

„Þetta er virkilega jákvætt. Í dag erum við með tvo velli í Reykjavík sem eru bara malbik, einn í Laugardalnum og einn í Mjódd þar sem efnið er ekki lagt á. Þetta er því mikið fagnaðarerindi þótt að það eigi enn eftir að fara í framkvæmdirnar. Borgarstjórinn hefur talað um að óeðlilegt sé að það falli eingöngu á herðar borgarinnar að útvega landsliðum æfinga- og keppnisaðstöðu og mennta- og menningarmálaráðherrann er með þessu að stíga ákveðin fram í því og bjóða aðkomu ríkisins."

Um leið er það augljósa viðurkennt, að ef að það ætti að hefja framkvæmdir á knattspyrnuvellinum þyrfti að finna frjálsíþróttunum nýjan stað.

Freyr Ólafsson, framkvæmdarstjóri FRÍ

Aðspurður sagðist hann telja að FRÍ hefði staðið í þessari baráttu í hátt í tíu ár en ákveðið var að ráðast í endurbætur á Laugardalsvelli árið 2015 fyrir Smáþjóðaleikana.

„Þetta er búið að festast í umræðunni og stundum gleymst þegar horft er til nýs knattspyrnuleikvangs, en við erum með háleit markmið. Við erum fyrst og fremst að horfa til útiaðstöðu sem gæti samnýst svæðinu inni í Laugardalshöll. Þá geta félögin í hverfinu, Þróttur og Ármann, einnig nýtt sér aðstöðuna sem og almennir íþróttahópar. Laugardalsvöllur hefur verið mjög lokaður fyrir þá sem vilja hlaupa, en okkar markmið er að hópar geti komið utan æfingatíma félaganna og notað aðstöðuna."

Þórey Edda Elísdóttir, fyrrverandi stangarstökkvari sem fór þrisvar fyrir hönd Íslands á Ólympíuleikana, situr í nefndinni sem fulltrúi ÍSÍ. Þórey sem situr í stjórn ÍSÍ tekur undir að það sé fagnaðarerindi að vinnan sé hafin við að taka fyrsta skrefið í átt að nýjum þjóðarleikvangi fyrir frjálsar íþróttir.

„Þetta er auðvitað bara löngu tímabært og flott að þessi vinna sé að fara af stað. Frjálsíþróttafólk, eins og annað íþróttafólk, vill hafa sinn þjóðarleikvang og þetta eru frábærar fréttir fyrir alla frjálsíþróttahreyfinguna. Það hafa miklar framfarir átt sér stað í innanhússaðstöðu fyrir frjálsar síðan ég var að keppa, með uppbyggingu frjálsíþróttahúsa á höfuðborgarsvæðinu, en aðstaðan utanhúss hefur á sama tíma setið á hakanum. Ef við viljum að þessi grein lifi áfram og blómstri er nauðsynlegt að hún sé til staðar og samkeppnishæf við það sem þekkist erlendis."

Vinnuvélar að störfum á Laugardalsvelli síðasta sumar skildu eftir sig ljót sár á hlaupabrautinni sem varð fyrir vikið ónothæf. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Aðspurð hvað slík aðstaða geti þýtt fyrir okkar fremsta afreksfólk segir Þórey að þar komi margt inn í myndina.

„Auðvitað skiptir umhverfið miklu máli til að ná árangri, óháð grein og íþrótt. Ég þurfti sjálf að leita til útlanda á sínum tíma enda var ekki fullnægjandi innanhússaðstaða á Íslandi á þeim tíma. Það er ákjósanlegra fyrir íþróttamenn að geta æft sem næst heimahögum og þá er möguleikinn á að mynda afrekshóp.

Með því er okkar afreksfólk líka sýnilegra sem fyrirmyndir fyrir yngri iðkendur og greiða þeim leið inn í greinina með innsýn sinni," segir Þórey og tekur undir að það geti einnig auðveldað fremsta frjálsíþróttafólki landsins að halda fjárhagnum í lagi.

„Svo er það annar vinkill, fjárhagslega hliðin. Það er afar dýrt að búa erlendis að æfa og keppa. Ég var sem betur fer með góðar styrktaraðila sem gerðu það að verkum að ég gat mikið æft og keppt úti."

kristinnpall@frettabladid.is

FÓLK

Tíska

FIMMTUDAGUR 4. FEBRÚAR 2021

Ella Emhof er stjúpdóttir nýs varaforseta Bandaríkjanna, Kamölu Harris. Hún væri tæpast fréttaefni nema vegna þess að ein virtasta fyrirsætuskrifstofan, IMG í Bandaríkjunum, bauð henni fyrirsætusamning á dögunum sem mun breyta lífi hennar.

➔4

Kristín Kristjánsdóttir, stofnandi og aðalhönnuður RYK, segir að vörulínan sé fyrir konur á öllum aldri sem vilja eignast fallega, íslenska hönnun og flíkurnar henti vel í hversdagsleikann sem og fyrir sparilegri tilefni. Hún býður alla velkomna í verslunina og hvetur fólk til að skoða vefverslunina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Einstök og tímalaus hönnun

RYK selur fjölbreyttar flíkur fyrir konur á öllum aldri. Þar fæst einstök, íslensk hönnun og mikil áhersla er lögð á gæði, gott efnisval og góða þjónustu. ➔2

RYK hóf að selja hönnun sína árið 2004 á Akureyri og framleiðir allt í versluninni. Kristín segir að mikil vinna sé lögð í hverja flík og þær séu framleiddar af mikilli natni af klæðskerum verslunarinnar. Flíkurnar eru líka framleiddar í takmörkuðu upplagi, þannig að þær finnast hvergi annars staðar í heiminum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þar sem allt er framleitt á staðnum er lítið mál að breyta og bæta eftir þörfum viðskiptavina. Oft er það klárað á meðan viðskiptavinur bíður. MYND/AÐSEND

Hjá RYK eru sniðin aðlöguð að þörfum íslenskra kvenna og því sem þeim líður vel með að klæðast. Því finnast fjölbreyttar flíkur í línunni. MYND/AÐSEND

Starfsfólkið hjá RYK vill aðstoða konur á öllum aldri við að finna sér tímalausa og endingargóða flík sem hægt er að nota við hin ýmsu tilefni, stendur með þeim og getur staðið af sér tískustrauma. MYND/AÐSEND

Framhald af forsíðu

RYK framleiðir kvenfatnað og býður upp á einstaka, íslenska hönnun. Fyrirtækið hóf að selja hönnun sína árið 2004 á Akureyri og því býr reksturinn að mikilli reynslu í hönnun og framleiðslu. Vörumerkið er orðið nokkuð þekkt og kúnnahópurinn verður sífellt stærri og fjölbreyttari. Vörulína RYK samanstendur af peysum, kjólum, buxum, yfirhöfnum, fylgihlutum og fleiru.

„RYK er framleiðslu- og þjónustufyrirtæki, en við framleiðum allt í verslun okkar að Bæjarlind 1-3 í Kópavogi," segir Kristín Kristjánsdóttir, stofnandi og aðalhönnuður RYK. „Við leggjum okkur mikið fram við gæði í frágangi og að veita góða þjónustu og fáum reglulega hrós fyrir góða og persónulega þjónustu. Við lögum sniðin okkar eins og hægt er að þörfum íslenskra kvenna og því sem þeim líður vel með að klæðast og því finnast fjölbreyttar flíkur í línunni okkar. Vörulínan er ekki fjöldaframleidd og við gerum okkar besta í að framleiða úr síbreytilegu efnisvali."

Einstakar flíkur í boði

„Allar RYK vörur eru framleiddar á staðnum af mjög hæfu starfsfólki verslunarinnar. Við höfum haldið okkar stefnu í framleiðslu frá upphafi í stað þess að flytja inn vörur að utan, enda finnst okkur mikilvægt að halda íslenskri hönnun og framleiðslu gangandi og framleiða flíkur sem þú finnur hvergi annars staðar í heiminum," segir Kristín. „Mikil vinna er lögð í hverja flík og þær eru framleiddar af mikilli natni af klæðskerum verslunarinnar. Lögð er áhersla á fjölbreytt efnisval sem kemur bæði frá innlendum aðilum og svo hinum ýmsu smærri aðilum í til dæmis London og New York.

Við erum sífellt að fá konur til okkar í verslunina sem voru alls ekki á leiðinni til okkar, vissu ekki af þessari verslun og höfðu aldrei heyrt af henni – og ákveðin upplyftingu á sér stað. Flestar þessar konur eiga svo viðskipti við okkur í dag," segir Kristín. „Við viljum ná til fleiri íslenskra kvenna því það eru jú þær sem skapa okkur atvinnu og við erum þakklátar fyrir það. Að auki opnuðum við á síðasta ári vefverslunina ryk.is þar sem hægt er að kynna sér og versla vörulínu RYK."

Auðvelt að bregðast við óskum

„Vörurnar eru framleiddar í takmörkuðu upplagi og viðskiptavinir okkar verða ánægðari fyrir vikið," segir Kristín. „En þar sem þær eru í svo takmörkuðu magni hanga flíkur yfirleitt bara í skamman tíma frammi í verslun þannig að oft þurfa viðskiptavinir að bregðast hratt við til að tryggja sér eintak.

Við viljum aðstoða konur að finna sér tímalausa flík sem hægt er að nota við hin ýmsu tilefni, flík sem stendur með þeim og getur staðið af sér tískustrauma," útskýrir Kristín. „Þar eru notagildi og gæði í efnisvali okkur mikilvæg. Við þekkjum flíkurnar okkar út í gegn og okkur þykir vænt um þær.

Þessi nálægð viðskiptavinarins við hönnuðinn og framleiðandann er einnig sjaldgæf í verslun í dag og það gerir okkur mögulegt að hlusta á viðskiptavininn og bregðast fljótt við þörfum hans og óskum," segir Kristín. „Þar sem allt er framleitt á staðnum er einnig lítið mál að breyta og bæta eftir þörfum viðskiptavina. Yfirleitt förum við strax í málið og í mörgum tilfellum er það klárað á meðan viðskiptavinur bíður."

Bæði hversdags og spari

„Yfirleitt er fjöldinn allur af viðburðum fram undan á þessum tíma árs: þorrablót, fermingar og árshátíðir, svo eitthvað sé nefnt. Sökum aðstæðna í þjóðfélaginu er hins vegar óvíst að einhverjar samkomur verði næstu mánuði. Það eru samt blikur á lofti, dagurinn er að lengjast og við Íslendingar erum að standa saman og ná góðum árangri í baráttunni við faraldurinn. Það styttist því í að smærri viðburðir fái grænt ljós, og hver veit, kannski stærri viðburðir líka," segir Kristín. „Okkur finnst því mikilvægt að á svona tímum minni maður á sig og láti vita að vöruúrvalið hjá okkur er til staðar hvort sem það er fyrir matarboð, fermingar, giftingar, afmæli eða hvað annað. Við viljum ná til fleiri og bjóða alla velkomna í verslun okkar og hvetjum fólk líka til að skoða vefverslunina.

Vörulínan okkar er fyrir konur á öllum aldri sem vilja eignast fallega íslenska hönnun. Við eigum fatnað fyrir öll tilefni sem hægt er að klæða upp og niður. Flíkurnar henta vel í hversdagsleikann sem og fyrir sparilegri tilefni," segir Kristín. „Það er til dæmis vinsælt hjá fermingarmömmum og ömmum að finna sér flík fyrir ferminguna frá RYK. Einnig höfum við hitt í mark hjá karlmönnum þegar þeir vilja gleðja konurnar í sínu lífi. Við veitum þeim góða aðstoð og hjálpum við að útbúa fallega gjöf.

Nálægðin við viðskiptavini okkar er mikil í dag með tilkomu og notkun samfélagsmiðla. Við notumst við bæði Facebook og Instagram og birtum allar nýjustu vörur þar," segir Kristín. „Við hvetjum því alla sem hafa áhuga á að fylgjast með okkur að kíkja á okkur þar og kíkja á vefverslunina okkar líka."

RYK býður alla velkomna í verslunina að Bæjarlind 1-3, Kópavogi. Opið er virka daga frá 11-18 og laugardaga 11-16. Vefverslunina er að finna á ryk.is.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Skoðið // www.hjahrafnhildi.is

ÚTSALA

ENN MEIRI VERÐLÆKKUN

50-70%

MOS MOSH

ÚLPA
Verð: 39.980
Nú: 19.990

hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

Stjúpdóttir á framabraut

Ella Emhof er stjúpdóttir nýs varaforseta Bandaríkjanna, Kamölu Harris. Hún væri tæpast fréttaefni nema vegna þess að ein virtasta fyrirsætuskrifstofan, IMG í Bandaríkjunum, bauð henni fyrirsætusamning á dögunum sem mun breyta lífi hennar.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is

IMG fyrirsætuskrifstofan tilkynnti fyrir viku að skrifað hefði verið undir samning við hina 21 árs gömlu Ellu Emhoff en hún vakti heimsathygli þegar nýr forseti var vígður í Bandaríkjunum í lok janúar. Ella klæddist kápu frá Miu Miu við athöfnina og kjól frá Batsheva. Í framhaldinu varð hún nýjasta andlit IMG sem þegar hefur heimsfrægar fyrirsætur á samningi eins og Kate Moss, Gigi og Bellu Hadid, Gisele Bündchen, Karlie Kloss, Alek Wek og Ashley Graham. Ella er dóttir eiginmanns Kamölu Harris, Doug Emhoff, og fyrri konu hans, kvikmyndaframleiðandans Kerstin Mackin.

Ella hefur vakið athygli á Instagram-síðu sinni en hún fer yfirleitt ekki hefðbundnar leiðir í klæðaburði. Þótt hún tengist nú Hvíta húsinu hefur hún ekki hugsað sér að breyta um þann stíl sem hefur einkennt hana. Það var því ekki einungis Bernie Sanders sem vakti athygli með vettlingana sína því Ella gerði það ekki síður. Þá má nefna að hún er skírð í höfuðið á hinni heimsfrægu djasssöngkonu, Ellu Fitzgerald.

Ella hefur stundað nám í listaskólanum Parsons í New York og verður útskrifuð þaðan í vor. Hún á sér drauma um að setja á fót sitt eigið tískumerki. Á Instagram hefur hún deilt myndum af eigin hönnun, til dæmis hekluðum flíkum í skærum litum. Ella er með yfir 380 þúsund fylgjendur og þeim fer fjölgandi. Hún hefur ögrað fylgjendum sínum með því að sýna loðna handarkrika og segist ekki vera feimin við að vera eins og hún er. Hún gæti hrist upp í fataskápnum í Hvíta húsinu, segir The New York Times.

Það er gott samband á milli Kamölu og Ellu. Sagt er að hún og bróðir hennar kalli stjúpmóður sína „Momala“. Sjálf hefur Kamala sagt opinberlega að börn eiginmannsins séu bæði hæfileikarík og fyndin. Kamala sagði í viðtali við BBC að hún hefði einsett sér frá upphafi sambands þeirra hjóna að troða sér ekki inn í líf barnanna fyrr en sambandið væri orðið alvarlegt og ætti sér framtíð. „Börn þurfa stöðugleika og ég vildi ekki valda þeim vonbrigðum,“ sagði hún.

Kamala Harris, sem er lögfræðingur, kynntist eiginmanni sínum, lögmanninum Doug Emhoff, í gegnum sameiginlegan vin en sagt er að þau hafi farið á blint stefnumót árið 2013. Þau giftu sig 22. ágúst 2014. Kamala er fyrsta konan sem gegnir embætti varaforseta Bandaríkjanna. Hún er fædd 20. október 1964.

Stjúpdóttirin Ella segist hafa verið hissa þegar IMG umboðsskrifstofan hafði samband. Hún segist ekki hafa séð það fyrir að hún ætti eftir að verða fyrirsæta og það hafi ekki verið á framtíðarplani hennar. „Mér finnst það meira að segja hálf ógnvænlegt að fara út í þann geira sem beinist að líkama manns,“ segir hún. „Ég sé engu að síður tækifæri í þessu starfi sem listakona og margar flottar fyrirmyndir starfa sem fyrirsætur í dag.“

Ella er ekki þessi týpíska fyrirsæta. Fatastíllinn er óvenjulegur, hún er hrifin af prjónuðum og hekluðum flíkum auk þess sem teiknimyndafígúrur heilla hana enda er hún með húðflúr af þeim. Hún farðar sig lítið og leyfir náttúrulegum krullum í hárinu að njóta sín. Þá gengur hún í Crocsskóm sem þykja nú engin sérstök tískuvara.

Ella hefur að undanförnu hvatt fylgjendur sína á Instagram til að vera heima, fara að sóttvarnalögum og virða samkomubann.

IMG umboðsskrifstofan er leiðandi á alþjóðavettvangi með skrifstofur í New York, Los Angeles, London, Mílanó og Sydney. Skrifstofan hefur starfað í meira en tvo áratugi og hefur vaxið mikið enda með gott orð á sér. Margar þekktustu fyrirsætur heims starfa á vegum IMG en stofnandi skrifstofunnar er Mark McCormack en árið 2013 var hún seld til Williams Morris Eneavour. IMG er þekkt fyrir að ráða fyrirsætur burtséð frá kynþætti, aldri eða hæð.

Við innsetninguna 29. janúar, frá vinstri Doug Emhoff, Kamala Harris, Cole og Ella Emhoff. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Nýjasta andlit IMG umboðsskrifstofunnar, Ella Emhoff. MYND/INSTAGRAM



Ella Emhoff fer engar venjulegar leiðir þegar hún birtir myndir af sér á Instagram. Loðnir handakrikar, húðflúr og heklaður fatnaður. MYND/INSTAGRAM

Ella er ekki þessi týpíska fyrirsæta. Fatastíllinn er óvenjulegur, hún er hrifin af prjónuðum og hekluðum flíkum auk þess sem teiknimyndafígúrur heilla hana enda er hún með húðflúr af þeim.

Vetrarhátíð

FIMMTUDAGUR 4. FEBRÚAR 2021 Kynningar: Kópavogur, Garðabær, Reykjavík, Hafnarfjörður

Þverfaglega hönnunarteymið Þykjó eru staðarlistamenn Kópavogs í ár og leita innblásturs að kyrrð og ró til skeldýra sem geta alltaf dregið sig inn í skel sína þegar þau þurfa þess með. Í Þykjó eru Erla Ólafsdóttir, Sigríður Sunna Reynisdóttir, Sóley Stefánsdóttir, Ninna Þórarinsdóttir og Sigurbjörg Stefánsdóttir. Þykjó er meðal margra viðburða á Vetrarhátíð í Kópavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Spennandi og nýstárleg Vetrarhátíð í Kópavogi

Dagskrá Vetrarhátíðar í Kópavogi verður með breyttu sniði í ár vegna sóttvarna en hátíðin fer fram 4. -7. febrúar. Þar verður þó að vanda ýmislegt á boðstólum, tónlist, dans, leiklist og Þykjó.

Tilfinningaþrungin barokktónlist, ástarsaga um mosa og íslensk þjóðlög í seiðandi útsetningum eru á meðal þess sem má njóta á Vetrarhátíð í Kópavogi sem að þessu sinni fer fram víðs vegar um bæinn. Í ljósi samkomutakmarkana verður áherslan á viðburði undir berum himni og viðburði fyrir fámennan áheyrendahóp en öllum fyrirmælum um sóttvarnir og fjöldatakmörk verður fylgt í hvívetna.

Að skríða inn í skel

Á efri hæð Gerðarsafns standa yfir sýningar Magnúsar Helgasonar og Ólafar Helgu Helgadóttur í Skúlptúr Skúlptúr sýningaröðinni og verður meðal annars boðið upp á krakkavæna leiðsögn um sýningarnar með Sprengju-Kötu.

Á neðri hæðinni munu Hönnunarkollektívið Þykjó og Sóley Stefánsdóttir tónlistarkona kitla ímyndunaraflið með innsetningunni Skríðum inn í skel. „Þykjó er þverfaglegt hönnunarteymi sem hannar fyrir börn og fjölskyldur þeirra," segir Sigríður Sunna Reynisdóttir, leikmynda- og búningahönnuður og einn meðlimur Þykjó. „Við erum staðarlistamenn Kópavogs í ár og vinnum í Gerðarsafni að þróun kyrrðarrýma sem eru innblásin af skeldýrum eins og kuðungum, skjaldbökum og kröbbum. Þetta er eins konar óður til þess að geta skriðið inn í skel."

Á vetrarhátíð kynnir Þykjó smálíkön af þessum kyrrðarrýmum og teflir saman við sýningu á verkum Gerðar Helgadóttur í safninu en rýmin verða sýnd í fullri stærð í safninu í mars. „Við höfum verið að skoða efni og uppbyggingu skeldýra í samstarfi við líffræðingana á Náttúrufræðastofu Kópavogs og höfum valið nokkra safngripi úr eigu safnsins til að nota á sýningunni. Sóley er síðan búin að semja tónlist sem tengist bæði formunum í kuðungum og verkunum hennar Gerðar. Þarna mætast því líffræði, hönnun, myndlist og tónlist í sama rými," segir Sigríður Sunna og bætir við að allt verði í takt við sóttvarnareglur. „Þessi innsetning hægir aðeins á okkur og hvetur til að staldra við, leggjast á gólfið og upplifa, skynja og njóta."

Sviðsviðburðir og tónleikar eru ókeypis á Vetrarhátíð

Föstudagskvöldið verður helgað ljúfum tónum. Elísabet Waage og Laufey Sigurðardóttir bjóða upp á íhugula tónleika í Safnaðarheimili Kópavogskirkju með tónlist fyrir fiðlu og hörpu eftir Leif Þórarinsson, Báru Grímsdóttur og Tryggva M. Baldvinsson.

Í Salnum flytja Ásgeir Ásgeirsson og þjóðlagasveit íslensk þjóðlög í seiðandi útsetningum og það er engin önnur en Sigríður Thorlacius sem þenur raddböndin á tónleikunum sem hefjast klukkan 19.30.

Í Hjallakirkju hljómar tilfinningaaþrungin barokktónlist eftir Bach, Purcell, Monteverdi og fleiri í flutning Þórunnar Völu Valdi-

Framhald á síðu 2 ➔

Framhald af forsíðu

marsdóttur, Hildigunnar Einarsdóttur, Gróu Margrétar Valdimarsdóttur, Júlíu Mogensen og Láru Bryndísar Eggertsdóttur.

Í gamla Hressingarhælinu verður helgina 6. og 7. febrúar sýnt verkið Mosi og ég: Ástarsaga eftir Völu Höskuldsdóttur og mosa sem er verk fyrir einn áhorfanda í einu. Verkinu hefur verið lýst sem einstöku ferðalagi inn á við þar sem skynfærin fá að ráða för.

Í húsnæði Leikfélags Kópavogs laugardaginn 6. febrúar verður frumsýnt dansverkið Íslenski draumurinn eftir Mörtu Hlín Þorsteinsdóttur í samstarfi við FWD Youth Company við tónlist eftir Odd Kristjánsson (Sgandal). Sýningar verða kl. 15 og 16.30.

Leiðsögn og listsköpun

Eins og vaninn er á Vetrarhátíð í Kópavogi verður Kópavogskirkja böðuð litum og ljósum föstudagskvöldið 5. febrúar og verður gestum og gangandi boðið að koma inn í kirkjuna á sýninguna Alsjáandi: Ósamþykktar skissur að altaristöflu þar sem má sjá sýningu á tillögum Gerðar Helgadóttur að altaristöflu í Kópavogskirkju en sýningarstjórar eru Anna Karen Skúladóttir og Hallgerður Hallgrímsdóttir. Í Midpunkt í Hamraborg sýnir Jóhannes Dagsson myndlistarmaður vídeóverkið Ég veit núna / fjórar athuganir og ungir vegglistamenn á vegum Molans munu setja upp glænýtt útigallerí, Gallerí Göng, í undirgöngunum við Hamraborg föstudagskvöldið 5. febrúar

Flanerí á förnum vegi

Flanerí, nýr hljóðgönguhópur, býður upp á hljóðvapp með áherslu á útilistaverk eftir Gerði Helgadóttur og Teresu Himmer en hópurinn fékk nýverið styrk frá Lista- og menningarráði Kópavogs til að búa til ólíkar hljóðgöngur í Kópavogi, þrjár á íslensku og eina á pólsku. Allir eru velkomnir í göngu með Flanerí þar sem frásagnir, viðtöl, umhverfishljóð, staðreyndir og skáldskapur sveipa Kópavog nýjum blæ. Hlustendur

Kópavogskirkja verður að vanda böðuð litum og ljósum á Vetrarhátíð.
MYNDIR/AÐSENDAR



Mosi og ég: Ástarsaga er verk sem er aðeins ætlað einum áhorfanda í einu og verður sýnt í gamla Hressingarhælinu á laugardag og sunnudag.

Í ljósi samkomutakmarkana verður áherslan á viðburði undir berum himni og viðburði fyrir fámennan áheyrendahóp.

hlaða verkinu niður á flaneri.is, setja á sig heyrnartól og njóta leiðsagnar og upplifunar Flanerís á meðan gengið er frá Sólarslóð Theresu Himmer, undir Borgarholtsbrautina, upp að Kópavogskirkju og aftur að Menningarhúsunum. Skoðuð verða útilistaverk og hugleitt um hlutdeild mannsins í geislum sólarinnar og hreyfingu umhverfisins.

Lífljómandi lífverur og ljóð

Á útisvæðinu fyrir framan Menningarhúsin mun Náttúrufræðistofa Kópavogs bjóða upp á fallegan ratleik fyrir alla fjölskylduna þar sem sjónum er beint að lífljómandi lífverum og hinu innra ljósi. Við útivistarsvæði í kringum Lindasafn verður sett upp ljóðaganga sem byggir á ljóðum sem nemendur Lindaskóla sendu inn í Ljóðasamkeppni grunnskóla Kópavogs.

Í fordyri Salarins í Kópavogi verður dans- og vídeóverkinu SKINN eftir Lilju Rúriksdóttur varpað á skjá á meðan Vetrarhátíð í Kópavogi stendur yfir. SKINN er unnið í samstarfi við dansara FWD Youth Company og tónlistarmanninn Örn Ými Arason og er 20 mínútur í sýningu.

Það er ljóst að dagskráin er fjölbreytt og margt um að vera en vegna fjöldatakmarkana er skráning á tónleika, sviðsviðburði, leiðsögn og smiðjur.

Allar nánari upplýsingar um Vetrarhátíð í Kópavogi má finna á menningarhusin.is.

Dagskrá Vetrarhátíðar í Kópavogi

Smiðjur og leiðsögn

- Föstudagur 5. febrúar kl. 18 og 19: Micro:bit. Tækjaforritun í Bókasafni Kópavogs
- Laugardagur 6. febrúar kl. 12: Leiðsögn um sýninguna Alsjáandi í Kópavogskirkju með Önnu Karen Skúladóttur, Hallgerði Hallgrímsdóttur og séra Sigurði Arnarssyni
- Laugardagur 6. febrúar kl. 13: Fjölskylduleiðsögn með Sprengju-Kötu um sýninguna Skúlptúr skúlptúr í Gerðarsafni
- Sunnudagur 7. febrúar kl. 13: Sýningaleiðsögn um Skúlptúr skúlptúr í Gerðarsafni með Brynju Sveinsdóttur og Hallgerði Hallgrímsdóttur

Tónleikar:

- Föstudagur 5. febrúar kl. 18: Vetrarkvöld. Elísabet Waage og Laufey Sigurðardóttir í Safnaðarheimili Kópavogskirkju, Hábraut 1a
- Föstudagur 5. febrúar kl. 19.30: Íslensk þjóðlög. Þjóðlagasveit Ásgeirs Ásgeirssonar í Salnum í Kópavogi, Hamraborg 6
- Föstudagur 5. febrúar kl. 21.00: Barokktónleikar í Hjallakirkju, Álfaheiði 17

Sviðslist

- Laugardagur 6. febrúar og sunnudagur 7. febrúar kl. 11 - 12 - 13 - 14 - 15 - 16 - 17 - 18 - 19 - 20 báða daga. Mosi og ég: Ástarsaga eftir Völu Höskuldsdóttur og mosa í gamla Hressingarhælinu í Kópavogi
- Laugardagur 6. febrúar kl. 15 og 16.30: Íslenski draumurinn. Dansverk eftir Mörtu Hlín og FWD Youth Company í húsnæði Leikfélags Kópavogs, Funalind 2

Opnunartímar:

- **Gerðarsafn, Hamraborg 4**
  Föstudagur 5.2.: 10 - 21
  Laugardagur 6.2.: 10 - 17
  Sunnudagur 7.2.: 10 - 17
- **Náttúrufræðistofan í Kópavogi, Hamraborg 6a**
  Föstudagur 5.2.: 10 - 21
  Laugardagur 6.2.: 11 - 17
- **Bókasafn Kópavogs, Hamraborg 6a**
  Föstudagur 5.2.: 10 - 21
  Laugardagur 6.2.: 11 - 17
- **Midpunkt við Hamraborg 22**
  Föstudagur 5.2.: 18 - 21
  Laugardagur 6.2.: 14 - 17
  Sunnudagur 7.2.: 14 - 17
- **ALSJÁANDI í Kópavogskirkju, Hamraborg 2**
  Föstudagur 5.2.: 17 - 21
  Laugardagur 6.2.: 12 -16
  Sunnudagur 7.2.: 12 - 16
- **Hljóðgöngu FLANERÍ verður hægt að nálgast flaneri.is**
- **Lindasafn, Núpalind 7**
  Föstudagur 5.2.: 14 - 17
  Laugardagur 6.2.: 11 - 14

Sprengju-Kata verður með krakkaleiðsögn í Gerðarsafni á Vetrarhátíð í Kópavogi.

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson | Sölumaður auglýsinga: Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 6944103. | Veffang: frettabladid.is

Lýsing, birta og bjartsýni í Garðabæ

Bjartsýni á fjallstoppi, ljóskerjadýrð, upplýstar örverur og fleiri spennandi viðburðir munu gleðja gesti Vetrarhátíðar í Garðabæ sem haldin verður frá fimmtudegi til sunnudags, 4. til 7. febrúar.

Að þessu sinni verður hægt að fylgjast með fjölda viðburða heima í stofu eða úr hlýjum farartækjum. „Vegna faraldursins er því miður ekki hægt að halda viðburði inni á söfnunum eða á stöðum þar sem fjöldatakmarkanir eiga við. Því höfum við eins og fleiri, brugðið á það ráð að skoða nýjar og skapandi leiðir til þess að gleðja gesti Garðabæjar og fleiri á Vetrarhátíðinni," segir Ólöf Breiðfjörð, menningarfulltrúi Garðabæjar.

Umbreytir húsi í listaverk

Ólöf segist hafa fengið frjálsar hendur frá menningar- og safnanefnd til að finna leiðir til að gleðja hátíðargesti. „Mér finnst ómissandi að bjóða upp á ljóslistaverk á vel völdu húsi. Ég hafði því samband við Hrund Atladóttur sem er áhugaverður listamaður og hefur meðal annars unnið að verkum sem umbreyta húsum í listaverk með ljósi. Hún þáði boðið og ég bað hana um að fara í bíltúr um Garðabæinn til að skoða hugsanlegar staðsetningar fyrir listaverk af þessu tagi. Hús á Vífilsstöðum varð fyrir valinu. Sjálf hafði ég einnig séð fyrir mér að setja upp ljóslistaverk á Vífilsstöðum því þar er fjöldi húsa með afar áhugaverða sögu. Þar er meðal annars Vífilsstaðaspítali sem var berklahæli frá 1910. Einnig er þar að finna nokkrar byggingar eftir Guðjón Samúelsson, einn rómaðasta arkitekt Íslands. Hrund var þá hrifin af því að setja verk upp á Búshúsinu svokallaða sem er einmitt eftir Guðjón. Verk Hrundar, sem ber nafnið Örvídd, mun hvort tveggja vísa í sögu staðarins sem berklahælis, en einnig tengja við nútímann þar sem við glímum nú einnig við örverufaraldur, sem að þessu sinni nefnist COVID-19."

Fyrir framan Búshúsið er stórt bílastæði sem býður upp á góða yfirsýn yfir verkið. „Þannig getur fólk komið á sínum eigin bíl og notið þess að horfa á verkið gegnum bílrúðuna." Kveikt verður á ljóslistaverkinu á föstudagskvöldinu, 5. febrúar, klukkan 18.00 og verður það lýst upp til klukkan 23.00 sama kvöld. „Hrund hefur áður fengið hljóðlistamenn í lið með sér og að þessu sinni fékk hún Geir Helga Birgisson til að semja verk sem kallast á við ljóslistaverk Hrundar. Hljóðverkið verður spilað á sama tíma og verkið lifir á útvarpsrásinni FM 107,5 og svo munum við sýna beint frá ljósverkinu á Facebook-síðu Garðabæjar. Þannig verður hægt að fylgjast með Örvídd um land allt, ef fólk hefur ekki tök á að gera sér ferð á Vífilsstaði," segir Ólöf.

Ljóskerin loga skært

Ljósið er viðvarandi þema á Vetrarhátíð í Garðabæ en fyrir framan Hönnunarsafnið verður kveikt á 44 ljóskerjum úr leir. „Sýningin er í tilefni af 40 ára afmæli Leirlistafélags Íslands og kveikt verður á ljóskerjum eftir 25 leirlistamenn klukkan 18.00 fimmtudaginn 4. febrúar. Ljósin loga á kerjunum til klukkan 20.00 þann 4. og svo frá 12.00-20.00 fram á sunnudag 7. febrúar. Þetta verður örugglega yndisleg sjón að sjá öll þessi ker loga skært í kvöldmyrkrinu."

Tvær sagnagöngur

Á laugardeginum mun hinn sagnafróði göngugarpur Einar Skúlason leiða hópleiðsögn og göngu fyrir áhugasama. „Við vildum tengja leiðsögn við ljóslistaverkið á Vífilsstöðum og sögu svæðisins og því fengum við Einar til þess að leiða gesti á slóðir berklasjúklinga. Þá mun Einar ausa úr viskubrunni sínum og fara með fróðleikspunkta um það hvernig útivistin var nýtt í bataferli sjúklinganna, en þeir voru eins og margir vita, hvattir til að fara í gönguferðir. Einar mun leiða gesti í 4-5 kílómetra göngu frá aðalbílastæði Vífilsstaða kl. 13.00 og 15.30 um svæðið, kringum Vífilsstaðavatn og svo upp á hana Gunnhildi, en toppurinn er í 100 metra hæð. Fólk er því hvatt til að mæta með mannbrodda ef skilyrði verða þannig. Sagan segir að þeir sjúklingar sem náðu upp á topp Gunnhildar voru taldir vera útskrifaðir." Skráning fer fram á heimasíðunni gardabaer.is og Facebook-síðunni. Einnig má senda póst á olof@gardabaer.is.

„Við munum einnig bjóða upp á fjölskylduvæna gönguferð fyrir þá sem vilja upplifa eitthvað skemmtilegt á Vetrarhátíð með yngri kynslóðinni. Barnabókahöfundurinn Kristín Helga Gunnarsdóttir mun leiða áhugasama í rannsóknargöngu á slóðir Fíusólar og sögurnar á bak við sögurnar verða ræddar eins og Kristín Helga lýsir því sjálf. Gangan hefst við leikskólann Lundaból við Hofsstaðabraut og lýkur á Bókasafni Garðabæjar en þar verður opið frá 14-16 í tilefni göngunnar."

Rafræn leiðsögn og fleira á heimasíðu Garðabæjar

Á heimasíðu Garðabæjar, gardabaer.is, er að auki hægt að horfa á skemmtilega og fræðandi leiðsögn um útilistaverk í Garðabæ. „Ég fékk Birtu Guðjónsdóttur sýningarstjóra til að kynna sér sögu nokkurra útilistaverka í bænum og hún valdi fimm verk til að fjalla um. Það er mjög áhugavert að heyra bæði um verkin, hvernig þau voru unnin og hugmyndir bak við þau en líka að fræðast um listamennina sem gerðu þau."

Það er því ljóst að þrátt fyrir takmarkanir vegna faraldurs munu fjölmargir skemmtilegir, upplýsandi og ljóslifandi viðburðir gleðja gesti Vetrarhátíðar í Garðabæ þetta árið og vonandi ala á bjartsýni hjá sem allra flestum. Rétt er að taka fram að fjöldatakmarkanir og grímuskylda verða í hávegum hafðar.

Hrund Atladóttir og Ólöf Breiðfjörð við Búshúsið þar sem Hrund mun umbreyta byggingunni í ljóslistaverk. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Bækur Kristínar Helgu Gunnarsdóttur um Fíusól hafa notið gífurlegra vinsælda hjá lesendum. Nú býður hún upp á göngutúr þar sem fólki gefst kostur á að kynnast slóðunum sem kveiktu hugmyndirnar.

Í tilefni af 40 ára afmæli Leirlistafélags Íslands verður kveikt á 44 ljóskerjum eftir 25 leirlistamenn klukkan 18.00 fimmtudaginn 4. febrúar.



Hér má sjá stillu úr ljósverki Hrundar, Örvídd, en í verkinu notar hún örverur til að tengja saman nútímann og gamla tímann.

> Þannig verður hægt að fylgjast með Örvídd um land allt, ef fólk hefur ekki tök á að gera sér ferð á Vífilsstaði.

Sesselja Hlín Jónasardóttir, stofnandi seyðfirsku listahátíðarinnar List í ljósi, ásamt Hilmari Guðjónssyni en þau eru meðal þeirra sem koma að skipulagningu Ljósaslóðar í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ljósaslóðin í lykilhlutverki þetta árið

Á fimmtudaginn hefst Ljósaslóð en þar gefst gestum Vetrarhátíðarinnar kostur á að njóta vel valinna listaverka á skemmtilegri gönguleið sem hefst við Hallgrímskirkju og endar hjá Ráðhúsinu.

Á Vetrarhátíð í ár verður lögð áhersla á útilistaverk og ljóslistaverk og er Ljósaslóðin því nú í lykilhlutverki. Rúmlega tuttugu ljóslistaverk munu lýsa leiðina og verður þeim varpað á byggingar, glugga og húsasund öll kvöld hátíðarinnar frá klukkan 18 til 21.

Svipuð slóð milli ára

Ljósaslóðin er unnin í samvinnu við hátíðina List í ljósi sem farið hefur fram á Seyðisfirði um árabil. Rætt var við Sesselju Hlín Jónasardóttur, en hún er stofnandi Listar í ljósi.

„Við erum búin að vera í samstarfi við Reykjavíkurborg síðastliðin fjögur ár og þetta er í annað sinn sem ég hjálpa við að hanna Ljósaslóð. Vetrarhátíðin er búin að vera í gangi ansi lengi og það hefur alltaf verið lögð mikil áhersla á útilistaverk.“

Sesselja segir skipuleggjendur reyna að hafa gönguna með svipuðu sniði á milli ára. „Þetta hefur aðeins verið að mótast undanfarin ár en við erum dálítið búin að vera að einbeita okkur að því að vera með svipaða eða sömu slóð ár eftir ár, þannig að fólk læri að þekkja hana.“

En þrátt fyrir að slóðin sé svipuð segir Sesselja verkin sjálf vera eins fjölbreytt og þau eru mörg. „Í þessari slóð geturðu séð alls kyns verk eftir alls konar listafólk. Öll verkin eru lýst á einhvern hátt og þau eru mjög mismunandi.“

Sjónlist fyrir alla

Hátíðin í ár er að einhverju leyti frábrugðin, líkt og flestir viðburðir undanfarna mánuði. „Sýningin má náttúrulega ekki vera jafn lengi uppi. Vanalega hefur hún fengið að standa til klukkan 23 eða rúmlega það, en í ár verður hún bara til níu. Þannig að við missum smá tíma í myrkrinu og þurfum að byrja aðeins fyrr. Það er svona það helsta en við auðvitað aðlögumst bara nýjum tímum.“

Sesselja segir Ljósaslóð vera fyrir alla og ráðleggur fólki að ná sér í kort áður en haldið er af stað. „Þetta er sjónlist fyrir alla og það er hægt að fara inn á vefsíðuna og finna kortið þar ásamt öllum upplýsingum um listaverkin og listamennina. Ég mæli hiklaust með því að fólki nái sér í kortið og verði með það í göngunni. Svo eru líka skilti fyrir framan hvert verk þannig að þú getur líka lesið þér til um viðkomandi verk.“

Sesselja segir áríðandi að hlúa að hátíð sem þessari og þá sérstaklega í ár. „Það er eitthvað svo fallegt við það að fagna ljósi og auðvitað bara mikilvægt fyrir okkur af því að það er svo mikið myrkur á veturna, ekki síst hjá okkur sem búum úti á landi. Svo á tímum sem þessum er líka mikilvægt að vera með hátíðir sem gerast utandyra og gera fólki kleift að njóta á sínum tíma, sínum hraða og með sínu fólki – án þess að vera hrætt um að smitast.“

Ringlaðir áhorfendur

Þegar Sesselja er spurð að því hvort það sé eitthvert ákveðið augnablik sem standi upp úr rifjar hún upp skondna uppákomu. „Við vorum einu sinni með opnunaratriði hjá Hallgrímskirkju og það mættu svo ofboðslega margir, mun fleiri en við bjuggumst við. Það átti sem sagt að opna hátíðina í beinni útsendingu en svo gerist það að áhorfendur stóðu á einni snúrunni sem tengdist varpanum þannig að það kom hljóð en engin mynd, það var skelfilegt og ég hélt að ég yrði ekki eldri,“ segir hún og hlær.

> **Á tímum sem þessum er líka mikilvægt að vera með hátíðir sem gerast utandyra og gera fólki kleift að njóta á sínum tíma, sínum hraða og með sínu fólki – án þess að vera hrætt um að smitast.**

„Það er klárlega það eftirminnilegasta. Ég sagði við Gumma, sem skipulagði gönguna lengi vel, eftir á: Aldrei aftur skal ég vera í beinni. Það var smá pínlegt en sem betur fer náðum við að redda því mjög fljótt. Þetta opnunaratriði var þá bara hálft en ekki heilt og áhorfendur voru frekar ringlaðir yfir þessu öllu saman.“

Þetta hafi verið lærdómsrík reynsla. „Maður lærir af þessu, ég mun allavega aldrei nokkurn tímann aftur skilja eftir óvarða línu,“ segir Sesselja létt í bragði og bætir við að hún þurfi sem betur fer ekki að hafa áhyggjur yfir sams konar uppákomu í ár.

„Það verður ekkert opnunaratriði í ár vegna ástandsins. Við viljum reyna að hafa ákveðið flæði til að koma í veg fyrir að fólk safnist saman. Fólk þarf annars ekkert að gera, bara mæta, rölta um og skoða. Ég mæli með að bíða þar til rökkvar þannig að verkin njóti sín alveg upp á hundrað.“

Er eitthvað sem þú mælir sérstaklega með?

„Ég er ótrúlega spennt fyrir öllu, þetta verður ákaflega skemmtileg slóð í ár og ég mæli bara með því að fólk nái í kortið og gefi sér tíma til að skoða þetta allt. Þetta er allt svo rosalega ólíkt að það er eiginlega ekki hægt að gera upp á milli.“

Dagskrá Vetrarhátíðar 2021 og kortið má nálgast á vetrarhatid.is.

LJÓSASLÓÐ VETRARHÁTÍÐAR

4.-7. FEBRÚAR 2021

KVEIKT **KL. 18–21** ALLA DAGA HÁTÍÐARINNAR.
Sjá nánar á **vetrarhatid.is**

ÓNEFNT 23
ÓLAFUR ELÍASSON

HARPA TÓNLISTARHÚS

Geirsgata

INGÓLFSTORG

Ingólfsstræti

Skúlagata

BJART 19
HILMAR GUÐJÓNSSON

ORÐLIST ÚR ÍSLENSKUM KVIKMYNDUM 17
BÓKMENNTABORG UNESCO

FJÓRAR SEKÚNDUR 18
FJÓLA HEIÐDAL

AUSTURVÖLLUR

TORG Í SPEGLUM 16
VALDÍS & ARNAR INGI

Túngata

BALLS OF LIGHT 20
SESSELJA HLÍN JÓNASARDÓTTIR

Austurstræti

INSIDE, OUTSIDE, SOMEWHERE IN-BETWEEN 14
ABBY PORTNER

Kirkjustræti

PARK_ETC. 15
LOTTE ROSE

Bankastræti

FOR GRANDMA BATH PART 3 12
AUSTIN THOMAS & ARNDÍS ÝR HANSDÓTTIR

Klapparstígur

Lindargata

RÁÐHÚSIÐ

HÓF 13
MYNDLISTASKÓLINN Í REYKJAVÍK

SAMHYGGÐ 11
EYJA OG KATLA PÉTURSDÆTUR

HREYFIMYNDIR 21
MYNDLISTASKÓLINN Í REYKJAVÍK

Vonarstræti

Lækjargata

Vatnsstígur

WACKY WAVY ARM GUY GOES TO ICELAND 10
RASMUS STRIDE

AUREOLE 22
DODDA MAGGÝ

SILENT DISKO 9
ÓLI VALUR ÞRASTARSON

LÍFIÐ ER NÚNA - KRAFTUR 24
ARON BERGMANN MAGNÚSSON

FOR GRANDMA BATH PART 2 8
AUSTIN THOMAS & ARNDÍS ÝR HANSDÓTTIR

Miðstræti

Þingholtsstræti

Fríkirkjuvegur

LIFANDI TÓNLISTARMYNDBAND V/LAGIÐ GUBBI GUBBI 7
EGILL SÆBJÖRNSSON

Frakkastígur

Laugavegur

FEEDBACK 6
DELAINY KENNEDY

ÓÐUR TIL DANSGÓLFS 5
ERLA RUT, EYDÍS ROSE & SARA MARGRÉT

Grettisgata

Njálsgata

Lokastígur

Þórsgata

Bergstaðastræti

Grundarstræti

Laufásvegur

Oðinsgata

Baldursgata

FOR GRANDMA BATH PART 1 4
AUSTIN THOMAS & ARNDÍS ÝR HANSDÓTTIR

AFTER WE'VE LOST YOU 3
LAURA TACK

INTERFERENCE / RÖSKUN 2
LITTEN NYSTRØM & HARALDUR KARLSSON

SAMLEGÐ / SYNERGY 1
KATERINA BLAHUTOVA & ÞORSTEINN EYFJÖRÐ ÞÓRARINSSON

Freyjugata

HALLGRÍMSKIRKJA

Barónsstígur

VETRARHATID.IS
#vetrarhatid

HLJÓÐX

ON
ORKA NÁTTÚRUNNAR

VETRARHÁTÍÐ

Katerina Blahutová og Þorsteinn Eyfjörð báru sigur úr býtum í keppni sem Reykjavíkurborg og Orka náttúrunnar í samstarfi við Miðstöð hönnunar og arkitektúrs stóðu nýlega fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Verk sem lifnar við komu áhorfenda

Verkið Samlegð, sem er í garðinum við Listasafn Einars Jónssonar, var í fyrsta sæti í samkeppni um ljósverk Vetrarhátíðarinnar. Verkið varpar nýju ljósi á höggmyndir Einars sem og húsið sjálft.

Katerina er arkitekt og staf-rænn hönnuður. „Ég vinn aðallega með ljós og rými, bæði í áþreifanlegu og stafrænu formi þeirra. Ég hef búið í Reykjavík í fjögur ár núna og áður var ég partur af Lunchmeat Festival, KSK club collective. Ég hef einnig gert „live visuals“ fyrir tónleika og stýrði galleríi í almenningsrými sem einblíndi á vörpunarlist (e. mapping).“

Þorsteinn Eyfjörð er myndlistar- og hljóðlistamaður. „Hljóð, í öllum sínum útfærslum, er þungamiðja þess sem ég tek mér fyrir hendur, hvort sem það eru hinar alræmdu tilvistarspurningar eða af eintómri afþvíbarasemi. Ég bý í Reykjavík þar sem ég tek virkan þátt í menningarsenunni auk þess sem ég vinn í alþjóðlegum samstarfsverkefnum.“

Fantasíur arkitektúrs

Þetta er í fyrsta skipti sem Þorsteinn tekur þátt en Katerina tók þátt á síðasta ári. „Í fyrra gerði ég „live visuals“ á glerhjúp Hörpu fyrir rave-tónleikana Vetrarblót á Vetrarhátíð,“ segir Katerina.

Hún segist hafa verið mjög spennt fyrir því að taka þátt í ár. „Ég náði sambandi við Þorstein, sem er félagi í RASK-listahópnum sem ég hef unnið með áður að gagnvirku hljóð- og myndmiðlunarverkefni, og ég var glöð að hann ákvað að taka þátt í að búa til innsetninguna með mér. Eftir að við unnum samkeppnina ákváðum við að bjóða frábæru fólki að ganga til liðs við okkur.“

Katerina var með ákveðna hugmynd sem hún bar undir Þorstein. „Mig langaði virkilega til að búa til vörpun (e. mapping), sem væri innblásin af byggingu og væri ekki bara sjónræn sýning. Vörpun er spennandi leið fyrir mig til að láta fantasíur arkitektúrsins lifna við án þess að breyta hinu raunverulega umhverfi. Þetta gerir mér kleift að blása öðru lífi í bygginguna og vera laus við takmarkanir raunveruleikans,“ útskýrir hún.

„Þegar Kata kom með þessa hugmynd til mín um að hafa áhrif og verða fyrir áhrifum byggingarinnar sjálfrar fannst mér liggja beint við að nálgast hljóðið á svipaðan hátt, því rétt eins og byggingar eiga sjónræna hlið þá eiga þær líka hljóðræna. Ég fór því að taka upp safnið sjálft og reyni að fanga og túlka parta af hljóðverund þess í gegnum tónsmíðarnar. Við höfðum áhuga á að nálgast höfundarverk Einars Jónssonar út frá okkur sjálfum og samtímanum og fléttum það saman við bygginguna sjálfa,“ segir Þorsteinn.

Búnaður sem nemur ekki hugsanir eða tilfinningar

Í viðburðarlýsingu segir „Samlegð er ljós- og hljóðverk sem byggir á samskiptum áhorfenda við gagnaukinn veruleika í höggmyndagarði Einars Jónssonar.“

Hvað er „gagnaukinn veruleiki“?

„Gagnaukinn veruleiki (e. AR) felst í að bæta sjónrænum lögum við raunveruleikann í rauntíma með ýmsum aðferðum. „Face filters“ eru til dæmis annað form af AR. Í okkar tilfelli erum við að bæta við bæði sjón- og hljóðrænum lögum með vörpun og fjölrása hljóðkerfi,“ segir Katerina.

Í viðburðarlýsingu kemur einnig eftirfarandi fram: „Vert er að benda á að EEG höfuðbúnaðurinn nemur einungis rafvirkni heilans en les ekki hugsanir eða tilfinningar.“

Hvernig virkar þessi búnaður og hvernig hann er notaður í verkinu?

„Tækið sem við erum að nota er aðallega notað í leiki og heilaafritun. Við notum gögnin til að knýja fram ákveðnar breytur í okkar vinnu. En þar sem þetta er ekki lækningatæki eru niðurstöðurnar sem við fáum takmarkaðar og mismunandi á milli einstaklinga. Þannig að við viljum að áhorfendur skoði gögnin með fyrirvara og túlki þau ekki á persónulegan hátt.“

Katerina og Þorsteinn segja áhorfendur geta annaðhvort fylgst með eða tekið þátt á tveimur stöðvum verksins. „Önnur þeirra gerir manni kleift að hreyfa veggi byggingarinnar, eða efnið sjálft, með hreyfiskynjara. Hin gerir manni kleift að hreyfa við anda byggingarinnar, í samskiptum við búnað sem nemur rafvirkni heilans. Á sama tíma hafa áhorfendur áhrif á hreyfingu, hljóm og hegðun tónverksins. Í raun má segja að verkið lifni við með viðkomu áhorfandans.“

Einkennandi fyrir Reykjavík

Þegar þau eru spurð að því hvers vegna þetta tiltekna safn hafi orðið fyrir valinu nefnir Katerina nokkur atriði. „Safnið hefur alltaf heillað mig vegna sterkrar tjáningar arkitektúrs þess og eins konar ónotalegrar tilfinningar sem það gefur frá sér. Það er líka verulega einkennandi fyrir Reykjavík og er fullkomin bygging fyrir vörpun, því framhlið þess er mjög þrívíð.“

Þorsteinn tekur undir. „Við höfðum líka mikinn áhuga á að skoða höfundarverk Einars Jónssonar og reyna að búa til opnun fyrir samtal í gegnum tæknina sem við höfum í dag. Myndlist getur verið svo gott tæki til þess að sveigja hugmyndina um eina þráðbeina tímalínu og leyfa frekar tveimur tímaásum að hittast í kaffibolla og ræða stöðuna,“ segir Þorsteinn.

Hvernig völduð þið þau verk Einars sem koma við sögu í verkinu?

„Í raun er erfitt fyrir okkur að skilja ákveðin verk Einars frá heildinni þar sem safnið geymir stóran hluta æviverks Einars, einkennandi arkitektúrinn sjálfan og einnig söguna um heimili þeirra svo þetta fléttast allt saman í heildstæða einingu. Í verkinu reynum við að sýna áhorfendum inn í safnið og þær styttur sem eru þar, aðallega úr bláa sal safnsins. Við drógumst líka að þeim styttum sem okkur fannst tala við okkar hugmyndir í gagnvirkni verksins. Hugmyndir um eðli og kraft hugans, ró, verðmæti tímans – þessar pælingar sem hafa beinan snertiflöt við hversdagslega erfiðleika nútímamanneskjunnar,“ segir Þorsteinn.

„Mikill fjöldi listaverka, arkitektúr safnsins og nærvera íbúðar listamannsins gera staðinn að ekta „Gesamtkunstwerk“. Í fyrsta lagi erum við að vinna með styttunar sem eru inni í aðalsalnum, vegna þess að við viljum gera áhorfendum kleift að heimsækja salinn utan við húsið. Enn fremur er unnið með táknrænar styttunar í samræmi við samspilið. Að vinna með hugaraflið, æðruleysið, dýrmæti tímans. Það hefur allt að gera með það sem við glímum oft við í raunveruleikanum,“ segir Katerina.

Athygli vekur að Katerina varð einnig í öðru sæti í keppninni. Hún segir það hafa komið skemmtilega á óvart. „Sú atburðarás kom aldrei upp í huga mér á meðan ég var að skila inn tillögunum. Þannig að þessi tvöfaldi glaðningur var mjög óraunverulegur.“

Hvaða þýðingu hafa þessi verðlaun fyrir ykkur?

„Fyrst og fremst er þetta frábært tækifæri til að raungera þetta stóra, metnaðarfulla verkefni í sinni flottustu mynd með hjálp Vetrarhátíðar og Listasafns Einars Jónssonar, svo við tölum nú ekki um allt það góða fólk sem hefur lagt hönd á plóg við gerð verksins. Við vonum bara að áhorfendur hafi jafn gaman af verkinu og það var að búa það til.“

Laugarnar í Reykjavík

Hristum þetta af okkur

Höldum bilinu og sýnum hvert öðru tillitssemi



www.itr.is

Fjölbreytt útidagskrá í Hafnarfirði

Dagskrá Vetrarhátíðar í Hafnarfirði hefst í dag en vegna sóttvarna verður hún með breyttu sniði í ár. Áhersla verður lögð á list í almannarými, útilistaverk, menningarmerkingar og ljóslistaverk.

Vetrarhátíðin í Hafnarfirði hefst í kvöld þegar Hamarinn verður lýstur upp í litum vetrarhátíðar og listaverkum úr safni Hafnarborgar verður varpað upp á austurvegg listasafnsins. Andri Ómarsson, verkefnastjóri viðburða hjá Hafnarfjarðarbæ, heldur utan um dagskrána í ár.

„Fyrir þau sem ekki vita þá er Hamarinn stórmerkilegt náttúrufyrirbæri rétt hjá Flensborgarskólanum. Þetta er friðlýst náttúruvætti en uppi á Hamrinum er víðsýnt yfir höfuðborgarsvæðið. Best verður að sjá Hamarinn upplýstan frá miðbænum," segir Andri.

„Austurveggur Hafnarborgar verður líka upplýstur með myndlist. Við völdum listaverk eftir Eirík Smith, Gunnar Hjaltason og fleiri. Þetta eru grafíkverk sem varpað verður með ljósi á vegginn alla vetrarhátíðina," útskýrir hann.

Snjallleiðsögn við útilistaverk

Vegna sóttvarnaráðstafana er dagskráin í ár að mestu utandyra og því er áhersla á útilistaverk bæjarins. Bæjarbúar eru hvattir til að fara í göngutúr milli verkanna með snjallleiðsögn.

„Hafnarfjörður er heilsubær og við erum alltaf að hvetja fólk til að vera á ferðinni, upplifa og njóta. Því þótti okkur tilvalið að vera með snjallleiðsögn við valin útilistaverk í miðbænum, sem byrjar við Bókasafn Hafnarfjarðar og endar við Hafnarborg," segir Andri.

Unnur Mjöll Leifsdóttir hefur séð um skipulagningu dagskrárinnar í Hafnarborg og er snjallleiðsögnin í samstarfi við bókasafn bæjarins.

„Snjallleiðsögnin er prufuverkefni hjá okkur. Okkur finnst gaman að geta notað tæknina og sameinað heilsueflandi samfélag og að upplifa listina," segir Unnur Mjöll.

„Þau hjá bókasafninu komu til okkar með þá hugmynd að tengja bókmenntir við listaverkin. Við hvert listaverk er QR-kóði. Við kynnum listaverkið sjálft með texta og svo er kóðinn skannaður inn í síma og farið inn á hljóðlestur. Þau hjá bókasafninu hafa handvalið texta sem passar við hvert verk. Við völdum listaverk sem eru nálægt okkar stofnunum. Þau eru í miðbænum og teygja sig aðeins út fyrir svo þetta er góð 30-40 mínútna ganga á milli verka."

Tónleikar og fjölskyldusmiðja

Á morgun klukkan 18.00 verða tónleikar í Hafnarborg með söngvaskáldinu Svavari Knúti. Þetta eru fimmtu tónleikarnir í tónleikaröðinni Síðdegistónar í Hafnarborg. Svavar Knútur kemur fram ásamt hljómsveit sem þau Ingibjörg Elsa Turchi á bassa, Svanhildur Lóa Bergsveinsdóttir á trommur og Andrés Þór á gítar skipa. Unnur segir að á efnisskránni verði sannkölluð söngvaskáldaveisla en hljómsveitin mun leika mörg af helstu lögum Svavars, sem hafa notið mikilla vinsælda undanfarið.

„Við megum vera með 40 gesti í númeruðum sætum, en tónleikunum verður einnig streymt á Facebook og vefsíðunni okkar hafnarborg.is," segir hún.

„Á laugardaginn verður svo fjölskyldusmiðja við Hafnarborg. Þá geta börn og fullorðnir komið saman og fengið efnivið til að búa til sitt eigið listaverk. Við vonum að það verði gott veður svo hægt verði að hafa þetta úti. Við verðum með alls konar efnivið í boði. Pappír, við og límband. Það verður hægt að búa til mandölur og litla skúlptúra. Svo er hægt að taka mynd af listaverkunum og merkja þau með myllumerkinu #mitteigiðútilistaverk. Þá rúlla inn skemmtilegar myndir af því sem fólk er að búa til."

Ester Bíbí Ásgeirsdóttir, Andri Ómarsson og Unnur Mjöll Leifsdóttir hafa undirbúið fjölbreytta dagskrá í Hafnarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Fallegt útsýni frá Hamrinum sem verður upplýstur í kvöld. MYND/AÐSEND

> **Hafnarfjörður er heilsubær og við erum alltaf að hvetja fólk til að vera á ferðinni, upplifa og njóta. Því þótti okkur tilvalið að vera með snjallleiðsögn við valin útilistaverk í miðbænum.**
>
> **Andri Ómarsson**

Söngur og fjör í bílabíói

Á laugardaginn verður einnig boðið upp á bílabíó á bílastæðinu við Flensborgarskólann í samstarfi við Kvikmyndasafn Íslands. Þar verða sýndar tvær íslenskar kvikmyndir. Regína frá árinu 2001 verður sýnd klukkan 18.00 og Með allt á hreinu frá árinu 1982 klukkan 20.00. Myndirnar verða sýndar á hágæða 16 m² LED-skjá og verður hljóðinu streymt í útvarpið í bílunum á FM 106,1.

„Við áttum frábært samstarf um bílabíó við Kvikmyndasafnið í fyrra. Þess vegna lá það í augum uppi að hafa það aftur. Við erum að færa okkur á stærra bílaplan svo fleiri komist, en Ester Bíbí Ásgeirsdóttir hefur séð um skipulagningu á bílabíóinu," segir Andri.

„Við vildum velja skemmtilegar myndir sem trekkja að og vonum að það myndist stemning í kringum þetta," segir Ester Bíbí. „Með allt á hreinu er auðvitað orðin algjör klassík með mikilli tónlist og gríni. Maður horfir kannski ekki á hádramatískar myndir í bílabíói, svo okkur fannst tilvalið að sýna tónlistar- og söngvamyndir. Svo er örugglega fullt af ungu fólki sem hefur ekki séð Með allt á hreinu og myndi hafa gaman af að sjá hana í bílabíói," útskýrir Ester Bíbí.

„Svo fannst mér Regína alltaf alveg frábær mynd. Hún virkaði fyrir mig sem foreldri og krökkum finnst hún mjög skemmtileg. Þetta er létt og skemmtileg mynd sem ég held að sé alveg kominn tími á aftur. Það er komin ný kynslóð af krökkum sem vita ekkert af henni. Regína er fullkomin fjölskyldumynd með krakka í aðalhlutverkum og Baltasar Kormákur leikur krimmann."

Ester Bíbí segir að lögin í Með allt á hreinu verði textuð svo allir geti sungið með í bílunum sínum. „Þar sem við getum ekki fagnað saman á tónleikum, þá getum við í það minnsta sungið saman í bílnum," segir hún og hlær.

Útilistaverkið Úr fjötrum eftir Gest Þorgrímsson frá árinu 1992. MYND/SPESSI

> **Við vildum velja skemmtilegar myndir sem trekkja að og vonum að það myndist stemning í kringum þetta.**
>
> **Ester Bíbí Ásgeirsdóttir**

Gæsluaðilar verða á staðnum á meðan bílabíóið fer fram og aðstoða við uppröðun bíla. Allir eru velkomnir meðan pláss leyfir en fólk er beðið að halda sig í bílunum sínum.

„Það er frábært að eiga samstarf við Kvikmyndasafnið þar sem það er staðsett hérna í Hafnarfirði, og koma á framfæri þessum listaverkum frá þeim," segir Andri.

„Við hlökkum svo bara til að taka á móti fólki á Safnanótt í vor, en henni hefur verið frestað þar til í maí þegar söfnin geta vonandi tekið á móti fleirum."

LANCÔME
PARIS

NÝR LASH IDÔLE MASKARI

LYFTIR - ÝKIR - SVEIGIR - ÞÉTTIR - ALLT AÐ 24 TIMA ENDING

LANCÔME 20% AFSLÁTTUR Í LYFJUM OG HEILSU KRINGLUNNI OG GLERÁRTORGI AKUREYRI

FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS.

www.lyfogheilsa.is

Lyf & heilsa
Kringlunni

Sagan bak við manséttuhnappana

Það býr bæði litrík og áhugaverð saga á bak við ermahnappa, líkt og svo marga aðra fylgihluti tískusögunnar. Ermahnappar eru notaðir til að festa saman ermalíningar á kjólfataskyrtum.

Jóhanna María Einarsdóttir
johannamaria@frettabladid.is

Ermahnappar hafa fylgt tískusögunni um árabil og eru hvergi nærri á leiðinni úr tísku. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Manséttuhnappana má bera á tvo vegu: „Kyssandi“, þar sem báðir endar líningar benda út, eða „barrel-style“ þar sem önnur ermalíningin fer yfir hina. Ermahnappar eru afar fjölbreyttir að lögun og stíl og þeir hefðbundnustu eru með tveimur skreyttum skjöldum sem tengdir eru saman með stubbi eða keðjuhlekkjum. Oftast er sýnilegi hluti ermahnappsins skreyttur með gimsteinum, upphafsstöfum eða tákni sem hefur með starf eða áhugamál að gera.

Ermahnappa má nota við ýmis tilefni, formleg og óformleg, allt frá jakkafötum fyrir vinnuna upp í hátíðlegri tilefni eins og kjólfataviðburði. Litríkir og duttlungafullir ermahnappar henta þó betur fyrir óformleg tilefni. Við formleg tilefni eins og „white tie“ viðburði er talið æskilegt að bera perluskreytta ermahnappa.

Þó svo fyrstu manséttuhnapparnir hafi komið fram á sjónarsviðið á 17. öld voru þeir ekki algengir fyrr en í lok 18. aldar. Þróun ermahnappa tengist þróun skyrtunnar sterkum böndum, en karlmenn hafa klæðst skyrtufatnaði síðan ofinn textíll var fundinn upp um 5.000 árum fyrir Krist.

Eftir lok miðalda urðu sýnilegir hlutar skyrtna, svo sem hálsmál, bringa og ermalíningar, að tilefni til skreytinga með pífum, fellingum og útsaumi. Ermalíningum var þá haldið saman með borðum. Þar til í lok 18. aldar skreyttu karlmenn sig við hirðina og við önnur formleg tilefni með ermapífum sem héngu yfir úlnliðinn. Ermarnar voru bundnar saman með borða eða festar saman með tölu eða samtengdum hnöppum.

Ermahnappar úr taui

Skyrtugerðarfrömuðinum Cravet í París er oftast eignaður heiðurinn af silkihnútaermahnöppum sem komu fram á sjónarsviðið 1904, en um er að ræða tvo hnúta, oftast apahandarhnút eða tyrkjahnút úr litríku silki sem tengjast milli hnappagatanna. Upp úr tíunda áratug 20. aldar fóru hnútahnapparnir í gegnum endurnýjun lífdaga sinna, og voru þá oftast framleiddir úr gerviefnum með teygju á milli.

Neyðin kennir nöktum körlum að nota ermahnappa

Á 19. öld tók borgaraleg skilvirkni millistéttarinnar við íburði yfirstéttarinnar og um miðja 19. öld urðu ermahnappar eins og við þekkjum þá í dag vinsælli. Skyrtubrjóstið, kraginn og ermalíningar voru gerðar sterkbyggðari og endingarbetri. Þó svo að nokkur hagkvæmni hafi verið fólgin í því, gátu ermarnar til dæmis orðið svo stífar að erfitt reyndist að halda þeim saman með venjulegum tölum. Upp frá því fóru menn að bera ermahnappa í meiri mæli og iðnbyltingin gerði það að verkum að hægt var að framleiða ermahnappa í öllum verðflokkum.

Í fyrstu gerðust eingöngu karlmenn með mikið sjálfstraust svo djarfir að ganga með litaða ermahnappa með gimsteinum. En eftir að Edward VII, prinsinn af Wales, gerði litskrúðuga Fabergé-ermahnappa vinsæla á 19. öld breyttist tískan. Þessi þróun átti sér stað allt fram á byrjun 20. aldar og ermahnappar höfðu aldrei verið jafn vinsælir. Ermahnappar fengust í öllum stærðum, gerðum, lit og formum úr öllum málmum og efnum, skreyttir eðalsteinum og ódýrari skrautsteinum. Glerungshúðaðir ermahnappar með geómetrískum og litríkum mynstrum voru sérstaklega vinsælir. Samhliða þróun ermahnappa átti annars konar þróun sér stað í skyrtuhönnun. Mýkri og hreyfanlegri skyrtur komu aftur fram á sjónarsviðið með óstífuðum ermalíningum sem hægt var að festa saman með einni tölu.

> **Í fyrstu gerðust eingöngu karlmenn með mikið sjálfstraust svo djarfir að ganga með litaða ermahnappa.**

Skortur ýtir undir íburð

Um miðja 20. öld þegar skortur ríkti vegna seinni heimsstyrjaldarinnar var vinsælt hjá prúðmenni að skreyta sig með ýmsum fylgihlutum með notagildi, og gengu menn með fallega vindlingakassa, dýrindis kveikjara, bindisnælur, armbandsúr, hringa, lyklakippur, peningaklemmur og margt annað. Þá komu menn sér upp sívaxandi safni af manséttuhnöppum.

Inn, út, inn, inn, út

Á áttunda áratugnum var svo aftur minni áhersla lögð á ermahnappa hjá millistéttinni. Tíska Woodstock-kynslóðarinnar var þá allsráðandi og voru skyrtur þá oftast framleiddar með mýkri manséttur með hnöppum og hnappagötum. Margir ermahnappar sem voru dýrmætir erfðagripir voru endurnýttir og voru búnir til úr þeim eyrnalokkar. Níundi áratugurinn bar svo með sér endurkomu hefðbundinna ermahnappa sem eins konar endurvakningu á hefðbundnum herrafatnaði og hefur þessi tíska haldið sér fram til dagsins í dag.

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Þjónusta

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Húsaviðhald

Rúnar Múrari ehf
S - 780 - 28 38

Húsaviðgerðir Tröppuviðgerðir
Flotun Lekaviðgerðir Flísalögn
Málningarvinna-Þakmálun o.m.fl.

40 ára reynsla í utanhússviðhaldi.

Við gerum tilboð þér að kostnaðarlausu.
runarmur@gmail.com

PROSTONE

» Smíðavinna
» Múrvinna
» Málningarvinna

Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög

519 7780
prostone@prostone.is

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Spádómar

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristalkúla
með leiðsögn að handan
VISA 562 8211 EURO

Heilsa

Nudd

Heilsunudd. Opið frá 9-19. Einnig um helgar S. 832 8863

Keypt & Selt

Til sölu

myranaut
Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

gott cbd léttir lífið

GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

LOK Á HEITA POTTA

Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.
Metum ástand og gerum við.
www.fjardarbolstrun.is
Fjarðarbólstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?



Bílsætaviðgerðir-, mótorhjóla og snjósleðasæti. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is

Formbólstrun
Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is

GLUGGA GERÐIN
Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.
Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR
ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?

HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ
FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

EYJALIND
Varahlutir í VOLVO Vinnutæki

Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

Fasteignir

SUMARHÚS TIL SÖLU

Hvalfjarðarsveit

6 glæsileg sumarhús, þrjú þeirra eru með 2 svítum

- Stærðir frá 78 - 86 fm.
- Með aðgang að hótelþjónustu
- Heitur pottur er við hvert hús
- Staðsett í Hvalfirði, stutt frá Reykjavík
- Tilvalið fyrir stéttarfélög eða fyrirtæki

Nánari upplýsingar veitir:
Jason Kr. Ólafsson, lögg. fasteignasali
jko@miklaborg.is **sími:** 775 1515

Verð: **Tilboð**

MIKLABORG

569 7000 · Lágmúla 4 · miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Sérfræðingar í ráðningum

FAST ráðningar er öflug ráðninga- og ráðgjafaþjónusta sem leggur metnað í að vinna faglega og veita persónulega og góða þjónustu. Vönduð úrvinnsla upplýsinga og góð samskipti við umsækjendur eru lykilatriði. Okkar metnaður er reynsla og menntun, öflugur gagnagrunnur og gott tengslanet.

Við bjóðum uppá:

- Áralanga reynslu
- Öflugan gagnagrunn
- Mjög gott tengslanet
- Þolinmæði og þrautseigju
- Auga fyrir hæfileikum

lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

FAST Ráðningar

www.fastradningar.is

Tilkynningar

Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum

Álit Skipulagsstofnunar

8.000 tonna laxeldi og/eða silungseldi í Ísafjarðardjúpi

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Álitið liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík. Álitið og matsskýrslu Arctic Sea Farm er einnig að finna á vef stofnunarinnar www.skipulag.is.

Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum

Athugun Skipulagsstofnunar

Brennsluofn fyrir dýraleifar á Strönd

Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um brennsluofn fyrir dýraleifar á Strönd.

Kynning á frummatsskýrslu: Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 4. febrúar til 19. mars á bæjarskrifstofu Rangárþings ytra og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar www.skipulag.is.

Athugasemdafrestur: Allir geta kynnt sér frummatsskýrsluna og lagt fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 19. mars til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.

Almennt útboð

Utanhússframkvæmdir við Dalbæ á Dalvík

Dalbær heimili aldraðra á Dalvík Dalvíkurbyggð óskar hérmeð eftir tilboðum vegna ýmissa utanhússframkvæmda við Dalbæ. Framkvæmdirnar eru þessar helstar:

1. Allir útveggir eldri bygginga heimilisins eru einangraðir með 50 mm einangrun og klæddir með múrkerfi og máladir – magn 700 m².
2. Öllum gluggum og nokkrum útihurðum eldri bygginga heimilisins er skipt út fyrir áltimbur glugga og útihurðir.
3. Klæðning á þakköntum eldri bygginga heimilisins er endurnýjuð - magn 200 m².
4. Ný 45 m² steinsteypt viðbygging á tveimur hæðum á milli setustofu og matsalar.
5. Hlaðið er uppí nokkra glugga og gönguhurðir í eldra húsi.
6. Nýtt 6 m² timburþakskyggni yfir suðurinngangi efri hæðar á milli austur- og vesturálmu.
7. Svalir stækkaðar um 15 m² til suðurs. Svalastækkunin er úr timbri.
8. Viðgerð og málun útveggja, glugga og útihurða utanhúss í starfsmannaaðstöðu og matsal, veggflötur 400 m².

Bjóðendum er boðið til kynningarfundar í húsnæði Dalbæjar við Kirkjuveg á Dalvík Dalvíkurbyggð, þriðjudaginn 9. febrúar 2021, kl. 13:00 og verða þar fulltrúar verkkaupa og hönnuður. Í framhaldi af fundinum gefst bjóðendum kostur á að skoða aðstæður á væntanlegum verkstað.

Nálgast má útboðsgögn frá og með föstudeginum 5. febrúar 2021 með því að senda fyrirspurn á agust@formradgjof.is og óska eftir gögnum á rafrænu formi. Gefa þarf upp netfang, símanúmer og kennitölu bjóðanda.

Tilboðum skal skila í afgreiðslu Ráðhúss Dalvíkur á 1. hæð **fyrir kl. 11.00 þriðjudaginn 23. febrúar 2021** og verða tilboðin opnuð í fundarsal á 3. hæð í Ráðhúsi Dalvíkur kl. 11.00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Til þess að tilboð séu gild skulu bjóðendur vera í skilum með lífeyrissjóðs- og stéttarfélagsgjöld, öll opinber gjöld ásamt öðru því sem tilgreint er í útboðslýsingu útboðsins. Verkkaupi áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er, eða hafna öllum.

Dalbær heimili aldraðra
Kirkjuvegi
640 Dalvík

ES&SY mynstraður peysujakki
Stærðir 36-46
Verð kr. 8.980

ES&SY Maud skyrta
Stærðir 36-46
Verð kr. 7.980

ES&SY - Naftali peysukjóll
Stærðir 36-46
Verð kr. 7.980

ES&SY - Savannah peysukjóll
Stærðir 36-46
Verð kr. 7.980

ES&SY Zira kragabolur
Stærðir 36-46
Verð kr. 6.980

yesta BY X-TWO | yest | no secret | Q'neel | ROBELL | ZHENZI | ZE·ZE Nordic | OPHILIA

ZHENZI - Amme hálfsíð úlpa
Stærðir 42-58
Verð kr. 14.990

YEST - „wrap around “, kjóll með pífukanti
Stærðir 36-48
Verð kr. 15.980

YEST - Ylona, kjóll með vösum
Stærðir 36-48
Verð kr. 11.980

YESTA - Addy kjóll með vösum
Stærðir 44-56
Verð kr. 11.980

BELIVE pelsfóðruð úlpa
Stærðir 40-52
Verð kr. 54.980

SYBEL | festival DENMARK | STUDIO | GOZZIP | SANDGAARD | LASESSOR | FRANDSEN | tamaris | Handberg | Jana®

ROBELL Marie Thermo vetrar-strechbuxur
Stærðir 34-56
Verð kr. 10.980

ROBELL Nena09 Gallabuxur
Stærðir 34-52
Verð kr. 19.980

ZHENZI Twist Strechbuxur
Stærðir 42-58
Verð kr. 7.990

YEST Ornika Treggings
Stærðir 36-48
Verð kr. 6.990

NO SECRET kvart buxur
Stærðir 42-56
Verð kr. 9.980

Verslunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

4. FEBRÚAR 2021 FIMMTUDAGUR

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

Kristinn Jónsson

frá Hæringsstöðum, Kirkjuvegi 1, Dalvík,

lést á heimili sínu umvafinn ástvinum sunnudaginn 31. janúar 2021. Útför hans fer fram frá Dalvíkurkirkju laugardaginn 6. febrúar að viðstöddum nánustu aðstandendum. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Gjafasjóð Dalbæjar.

Fyrir hönd ástvina,

Rósalind Sigurpálsdóttir
Sigurpáll Steinar Kristinsson
Ingvar Kristinsson
Dóra Rut Kristinsdóttir
Sveinn Kristinsson
Lilja Sólveig Kristinsdóttir
Ingibjörg Signý Kristinsdóttir
Elín Rósa Ragnarsdóttir
Þóra Rósa Geirsdóttir
Sigurbjörg Snorradóttir
Kristján Aðalsteinsson
Aðalsteinn Jakobsson
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

†

Okkar elskaði, yndislegi og hjartahlýi sonur, bróðir, mágur, frændi og vinur,

Guðni Pétur Guðnason

Sólheimum 7, Reykjavík,

lést af slysförum fimmtudaginn 21. janúar.
Útför fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 5. febrúar kl. 15.
Vegna aðstæðna í samfélaginu og fjöldatakmarkana verða aðeins nánustu ættingjar og vinir viðstaddir.
Athöfninni verður streymt á slóðinni youtu.be/SwN9JcNNnFY. Einnig má nálgast hlekk á mbl.is/andlat/minningar/utfarastreymi

Guðni Heiðar Guðnason
Edgar Smári
Bjarki Enok
Sigrún Drífa Annieardóttir
Gerður Steinarsdóttir

frændfólk og vinir.

†

Hjartans þakkir sendum við öllum sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Guðrúnar Hafsteinsdóttur

kennara,
Bjarkarholti 1, Mosfellsbæ,

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Hömrum, Mosfellsbæ, sunnudaginn 10. janúar.

Hafsteinn Pálsson
Bjarnveig Pálsdóttir
Björk Pálsdóttir
Hrönn Pálsdóttir
Aðalsteinn Pálsson
Steinþór Pálsson
Gunnar Páll Pálsson
Snæbjörn Pálsson
Lára Torfadóttir
Páll Valdimarsson
Magnús Alexíusson
Helga Grímsdóttir
Áslaug Guðjónsdóttir
Ásta Pálsdóttir
Þórdís Gísladóttir
barnabörn, makar og barnabarnabörn.

†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma, langamma og vinur,

Guðný Sigurðardóttir

Espigerði 2, Reykjavík,

sem lést að heimili sínu föstudaginn 22. janúar, verður jarðsungin frá Kirkju Óháða safnaðarins við Háteigsveg, föstudaginn 5. febrúar klukkan 15.00. Vegna aðstæðna verða aðeins nánustu ættingjar og vinir viðstaddir, en athöfninni verður streymt á slóðinni https://tinyurl.com/kirkjaohada
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vildu minnast Guðnýjar er bent á að láta líknarstofnanir njóta þess.

Friðjón Hallgrímsson

Bent Russel
Rúnar Russel
Frank Russel
Ólafur Björn Ólafsson
Þorsteinn Bjarki Ólafsson
Helga Kristín Friðjónsdóttir
Rannveig Þöll Þórsdóttir
Solveig Björk Sveinbjörnsdóttir
Helga Ingibjörg Reynisdóttir
Tuti Ruslaini
Jolanta Marzena Glaz
Tatiana Malai
Mike Klein
Ólafur Sveinbjörnsson
ömmubörn og langömmubarn.

„Það er gaman að vinna við það sem maður hefur áhuga á, telur sig geta gert vel og verið til gagns," segir Auðunn. MYND/AÐSEND

Hinn indæli hversdagur

Auðunn Atlason, sendiherra Íslands í Finnlandi, er fimmtugur í dag. Með hækkandi aldri hafa ný áhugamál eins og kveðskapur og ættfræði bæst við þau sem fyrir voru.

Eins og sést á myndinni er snjór í Helsinki, hjá sendiherra okkar, Auðuni Atlasyni. „Hér hefur verið vetrarríki frá áramótum. Finnar faðma að sér snjóinn, hann er hluti af lífinu á þessum árstíma," segir hann glaðlega og lýkur lofsorði á landið og finnsku þjóðina. „Finnar eru traustir og yfirvegaðir og í góðum tengslum við sjálfa sig og náttúruna."

Auðunn er giftur og á fjögur börn og eitt barnabarn. Tvær dætur hans eru hjá honum, ellefu og fjórtán ára, en konan er stödd á Íslandi akkúrat núna svo hún missir af fimmtugsafmæli bónda síns sem er í dag. „Það er lítið tilstand út af þessu afmæli," tekur Auðunn fram. „Ætli ég fái mér ekki kaffibolla og kökusneið, eldi kannski eitthvað gott með dætrum mínum og horfi svo á Netflix, eins og vera ber? Bara hinn indæli hversdagur, það er planið núna. Hver veit nema verði húllumhæ síðsumars, við skulum ekki útiloka það."

> **Ætli ég fái mér ekki kaffibolla og kökusneið, eldi kannski eitthvað gott með dætrum mínum og horfi svo á Netflix, eins og vera ber?**

Vill vera til gagns

Það var í júlí síðasta sumar sem Auðunn tók við sendiherraembættinu í Finnlandi. „Það er gaman að vinna við það sem maður hefur áhuga á, telur sig geta gert vel og verið til gagns," segir hann, spurður hvort þetta sé draumadjobbið. „Ég hef áhuga á alþjóðamálum og menntaði mig á því sviði, fór til Berlínar strax eftir MR og tók MA-próf í stjórnmálafræði."

Auðunn kveðst kunna orð og orð á stangli í finnsku en tala sænsku og ensku og bjarga sér ágætlega þannig. „Hér á Helsinkisvæðinu tala margir Finnlandssænsku, hún er kennd í skólum. Dæturnar eru í skóla fyrir sænskumælandi, þær kunna ágætlega við sig og eru harðar af sér en kófið gerir það að verkum að lítið er um að vera, skólarnir hafa þó haldist opnir."

Finnum hefur tekist vel upp í baráttunni við veiruna í samanburði við nágrannaríkin Eistland, Svíþjóð og Rússland, að sögn Auðuns. „Hér hefur verið gripið til strangra ráðstafana til að koma í veg fyrir að smittíðni rjúki upp og svo er það í þjóðarkarakternum að bera traust til stofnana og sérfræðinga og taka tilmæli frá þeim alvarlega."

Hann segir öll sendiráð Íslands hafa það hlutverk að fylgjast náið með þróun COVID-19 og að mikil alþjóðasamvinna eigi sér stað undir yfirborðinu. „Norræn og evrópsk samvinna er mikilvæg fyrir okkur Íslendinga, sendiráðið hér í Finnlandi er bara lítill hluti af þeirri stóru mynd."

Ótvírætt ellimerki!

Spurður hvort hin rómaða, finnska menning liggi í dvala, kveðst Auðunn hafa komist á eina frábæra fílharmóníutónleika enda séu Finnar stórkostlegir í tónlist. Hann segir ríka hefð fyrir hönnun í landinu og nú sé tekið tillit til sjálfbærni og loftslagsmála í allri hönnun, auk fagurfræði og notagildis. Þar séu Finnar leiðandi.

Að lokum er forvitnast um áhugamálin hjá okkar manni. „Þau eru þessi klassísku: íþróttir, útivist og ferðalög með fjölskyldu og vinum en líka að vera forvitinn og prófa eitthvað nýtt. Ég hef í seinni tíð – og það er auðvitað ótvírætt ellimerki – fengið aukinn áhuga á kveðskap og ættfræði," upplýsir hann. „Mér finnst lúmskt gaman að vita hvar þræðirnir liggja og tengja mig við fortíðina."

gun@frettabladid.is

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Jóhanna Dahlmann

lést á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu við Laugarás, föstudaginn 29. janúar.
Útför verður auglýst síðar.

Sigurður Bragi Guðmundsson
Gunnar Karl Guðmundsson
Heimir Guðmundsson
Hanna Guðlaug Guðmundsdóttir
Bryndís Guðmundsdóttir
Irina Kiry
Hrefna Lovísa Hrafnkelsdóttir
Margrét Helgadóttir
Bertrand Lauth
Ívar Kristjánsson
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Richard Hannesson

Suðurlandsbraut 60, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk, sunnudaginn 31. janúar síðastliðinn.
Útförin verður auglýst síðar.

Ingibjörg Ásmundsdóttir
Ásmundur R. Richardsson
Hannes R. Richardsson
Guðrún Sigurðardóttir
Ragnhildur M. Kristjánsdóttir
afabörn og langafabarn.

KRAFTUR
SÝNDU KRAFT Í VERKI
Á LIFIDERNUNA.IS
STUÐNINGSFÉLAG FYRIR UNGT FÓLK SEM GREINST
HEFUR MEÐ KRABBAMEIN OG AÐSTANDENDUR

blómaval

Pottaplöntur

20-50% afsláttur

Ný sending í hverri viku

23%

Smaragðsskott
11 cm pottur. 11328126

1.290kr
~~1.690kr~~

26%

Orkidea
12 cm pottur. 11325000

1.990kr
~~2.690kr~~

25%

Ástareldur
10323787

1.490kr
~~1.990kr~~

30%

Flauelsfjöður
17 cm pottur.
11623818

3.390kr
~~4.890kr~~

20%

Sómakólfur
15 cm pottur.
11328264

2.790kr
~~3.490kr~~

24%

Tígurskrúð
17 cm pottur.
11261291

3.990kr
~~5.290kr~~

Fermingardagar

Gildir til 15. febrúar

30% afsláttur

af vörum sem þú þarft fyrir ferminguna, einnig í vefverslun, blomaval.is

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

LADY málning JOTUN

20% afsláttur

Litakort Sir Arnars Gauta er komið í Húsasmiðjuna

Nordic Ecolabel · EU Ecolabel · Græn vara

25%

tescoma

Panna 20 cm
Lúxus panna með extra sterkri og viðloðunarfrírri Titanhúðun. Má notast á allar gerðir eldavéla, líka Span. Má fara í ofn. 2202202

4.418kr
~~5.890kr~~

25%

tescoma

Smartpanna
Lúxus grillpanna með extra sterkri og viðloðunarfrírri Titanhúðun. Má fara í ofn og í uppþvottavél. Silikon-handföng sem auðvelt er að losa af. 2202206

6.443kr
~~8.590kr~~

20%



GROHE

Eldhústæki
Essence new Etgreb, svart. 7911085

47.990kr
~~59.990kr~~

25%

damixa™

Handlaugartæki
Silhouet, svart. 8000057

27.990kr
~~34.990kr~~

20%

HiKOKI

Borvél 18V + 100 fylgihlutir
2 stk., 2,5Ah, Li-ion rafhlöður, 2ja gíra, hersla 52Nm, 22 átakstillingar, sn./mín., 0-450/1250, Led ljós. 5247085

39.995kr
~~49.978kr~~

26%

NEO TOOLS

Verkfæraskápur
Hjól með bremsum, hægt að læsa, 6 skúffur, hæð: 103 x breidd: 68 x dýpt: 46 cm, burðargeta 280 kg. 5024494

36.995kr
~~49.995kr~~

20%

LAUFEN

Veggskál
Lengd 500 mm, breidd 360 mm, hæð 360 mm, 180 mm á milli festibolta, 155 mm á milli setufestinga, seta seld sér. 7920010

11.588kr
~~14.485kr~~

26%

NEO TOOLS

Topplyklasett og fastir lyklar
82 stk., toppar 1/2", 14-32 mm, 1/4", 4-14 mm, skrall 72T, lyklar 8-22 mm. 5052575

13.995kr
~~18.995kr~~

blómaval HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

Lítum inn á við

Gerum heimilið fínt í febrúar

Stútfullt Húsasmiðjublað
er komið út á **husa.is**

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Fimmtudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
3 °C | 10 ↖	0 °C | 10 ↑	-5 °C | 4 ↑
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
-4 °C | 1 ↙	1 °C | 7 ←	-8 °C | 8 ↑

Suðaustan 8-18 í dag en allt að 20 m/s á Snæfellsnesi. Víða lítilsháttar él en léttskýjað á Norðurlandi.Frost 0 til 12 stig, kaldast í innsveitum fyrir norðan en hiti kringum frostmark sunnan- og vestanlands að deginum.

Föstudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
4 °C | 8 ↖	1 °C | 11 ↑	-3 °C | 6 ↑
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
-2 °C | 3 ↘	1 °C | 8 ↙	-6 °C | 8 ↑

Laugardagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
2 °C | 11 ←	-3 °C | 3 ↖	-3 °C | 1 ↑
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
-1 °C | 3 ↙	2 °C | 8 ↙	-8 °C | 2 ↘

LÉTT

				2	6	1	3	7
2	9		3		7		4	
			5			6		
	1			8		3	2	
5	8		6			4		
		7	1	9		8	5	
		1						
					3		1	
4	5	2						

MIÐLUNGS

		8	1			2		
3			2		4	9	8	
			3			4	6	5
		1		9	8			
			5		1			9
4			6		7	3		
				5	2			
	2					5	7	
		7					2	3

ÞUNG

		7	1		3		6	
	2		6			7		
1	5		4		7		8	2
6		5						
	3	8			6			
	7			1	4	6		
5		1					4	
					9			3
8				4		9	2	

Krossgáta

LÁRÉTT
1 niðra
5 viðbót
6 íþróttafélag
8 rakna
10 átt
11 grátur
12 bónbjargir
13 kríki
15 sárar
17 stigi

LÓÐRÉTT
1 úrtölur
2 fé
3 sjáðu
4 gagn
7 óáran
9 hringsóla
12 brestir
14 tímabils
16 sting



LÁRÉTT: 1 lasta, 5 auk, 6 fh, 8 trosna, 10 na, 11 vol, 12 þetl, 13 nafn, 15 gramar, 17 skall.
LÓÐRÉTT: 1 latning, 2 aura, 3 sko, 4 afnot, 7 hallæri, 9 svelma, 12 brak, 14 ára, 16 al.

Skák Gunnar Björnsson

Pétur Pálmi Harðarson (2086) átti leik gegn Lenku Ptácníková (2130) á Skákþingi Reykjavíkur.

24...Hd1+! 25. Hxd1 Rc2# 0-1.
Áttunda og næstsíðasta umferð fór fram í gærkvöld. Skólar úr Kópavogi unnu öll gullin á Íslandsmóti grunnskólasveita – stúlknaflokki, sem fram fór síðustu helgi. Salaskóli, Hörðuvallaskóli og Smáraskóli unnu sína flokka.

www.skak.is: Skákþing Reykjavíkur

Svartur á leik

1	9	7	8	3	5	2	4	6
2	4	5	9	6	7	1	3	8
8	6	3	1	4	2	9	5	7
3	7	1	6	5	4	8	9	2
4	5	8	2	7	9	3	6	1
9	2	6	3	8	1	4	7	5
5	1	9	4	2	6	7	8	3
6	3	2	7	9	8	5	1	4
7	8	4	5	1	3	6	2	9

2	1	5	8	4	6	9	3	7
6	8	9	3	5	7	2	1	4
3	7	4	1	2	9	5	6	8
7	2	1	6	8	3	4	5	9
5	6	8	9	7	4	1	2	3
9	4	3	5	1	2	7	8	6
4	3	2	7	6	5	8	9	1
8	9	7	2	3	1	6	4	5
1	5	6	4	9	8	3	7	2

3	7	9	4	5	1	6	8	2
5	8	4	6	7	2	9	3	1
6	1	2	3	8	9	4	5	7
4	5	1	2	3	8	7	6	9
9	2	7	5	6	4	8	1	3
8	6	3	1	9	7	2	4	5
7	3	6	8	2	5	1	9	4
1	9	5	7	4	6	3	2	8
2	4	8	9	1	3	5	7	6

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

AUGLÝSINGA
GERÐ
FYRIR ALLAR TEGUNDIR MIÐLA
UMSJÓN
MEÐ SAMFÉLAGSMIÐLUM
MARKAÐSRÁÐGJÖF
24 ÁRA REYNSLA Í AUGLÝSINGA OG MARKAÐSMÁLUM
HAFÐU SAMBAND STRAX Í DAG!
EINNMÖLLU.
kairos.iceland@gmail.com / 846 2884

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

DV

HEIMKAUP.IS

KIPPTU NÝJASTA DV MEÐ NÆST ÞEGAR ÞÚ VERSLAR Á HEIMKAUP.IS OG FÁÐU BLAÐIÐ SENT HEIM

Aðeins 995 kr.!*

Kynntu þér áskriftarmögulega

512 7000 WWW.DV.IS/ASKRIFT ASKRIFT@DV.IS

*Sendingarkostnaður ekki innfalinn í verði

Léttleiki og húmor

Helena Margrét Jónsdóttir heldur fyrstu einkasýningu sína í Hverfisgalleríi. Vinnur með það að vera eins og skugginn af sjálfum sér. Einkasýning á Capri.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

> ÉG VANN MYNDIRNAR ÚT FRÁ HÚMOR OG VILDI AÐ ÞAÐ VÆRI ÁKVEÐINN AULASKAPUR Í ÞEIM ÖLLUM.

Helena Margrét Jónsdóttir heldur fyrstu einkasýningu sína í Hverfisgalleríi. Sýningin ber titilinn Draugur upp úr öðrum draug og þar sýnir Helena tíu olíu- og akrýlmálverk á striga. Sýningin stendur til 13. mars.

„Það er hálf súrrealísk tilfinning að halda fyrstu einkasýningu sína í miðjum heimsfaraldri og í janúar," segir Helena Margrét. Hún lærði myndlist við Myndlistarskólann í Reykjavík, Konunglega Listaháskólann í Haag í Hollandi og útskrifaðist með BA-gráðu í myndlist úr LHÍ árið 2019. Á síðasta ári tók hún þátt í samsýningunni Allt sem sýnist – Raunveruleiki á striga á Kjarvalsstöðum og í desember sýndi hún ásamt öðrum listamönnum verk á netsýningu í Miami.

Um titil sýningarinnar segir listakonan: „Þegar maður er draugur upp úr öðrum draug þá er maður hálftuskulegur. Í verkunum er ég að vinna með það að vera eins og skugginn af sjálfum sér, ekki alveg á staðnum. Þannig sýna til dæmis mörg verkanna á sýningunni manneskju sem er hálf glær og farin að líkjast draug. Hún reynir að gera vel við sig, fá sér vínglas eða nammi. Draugurinn sem hún líkist er líka að reyna að gera vel við sig og er viðfangsefni sumra verkanna. Vínið rennur í gegnum hann og manneskjan reynir að grípa það. Þannig að það er samspil þeirra á milli."

Skapar flæði

Köngulær eru áberandi á myndunum. „Þær eru einhvers konar andstæða við það ástand sem ég var að lýsa. Hlutir festast auðveldlega við vefinn þeirra en það rennur allt í gegnum manneskjuna." Tvær myndir af köngulóm eru jafnstórar og í sama lit. Önnur sýnir alvöru könguló, hin er sælgætiskönguló. „Þarna er ég að velta fyrir mér muninum á því girnilega og ógirnilega. Getur hvað sem er orðið girnilegt ef það verður að nammi? Myndirnar heita Frekar gott og Frekar vont. Ég vann þær á sama tíma og á sýningunni mynda þær tengingu sín á milli." Fleiri tengingar má finna á sýningunni. Í einu verki má til dæmis sjá skó án reima og könguló en í öðru verki er skóreim föst í köngulóarvef.

Helena Margrét segist hafa viljað hafa léttleika og húmor í myndunum. „Ég vann myndirnar út frá húmor og vildi að það væri ákveðinn aulaskapur í þeim öllum. Ég vildi líka skapa ákveðið flæði og þarna eru myndir af útlimum sem beygjast og sveigjast líkt og lakkrísinn og vínið. Ég lengdi lakkrísinn til að gefa þá tilfinningu að það væri endalaust af honum líkt og víninu, það flæðir sífellt áfram en manneskjan getur ekki fengið sér af því."

Helena Margrét heldur fyrstu einkasýningu sína og fram undan er önnur sýning á Capri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Þetta verk á sýningunni í Hverfisgalleríi fékk nafnið Gegnblaut.

Frekar gott sýnir sælgætiskönguló.

Sýning á Capri

Í júní á þessu ári stendur til að Helena Margrét haldi einkasýningu á Capri. „Sýningin hér í Hverfisgalleríi er beint framhald af pælingum sem ég var að vinna með á Kjarvalsstöðum sem var það að þvælast fyrir sjálfum sér. Á þessari sýningu er manneskjan að renna í gegnum viðfangsefnin. Myndirnar á Capri verða í einhverju framhaldi af þessu. Ætli næsta skref verði ekki að manneskjan leysist upp!" segir hún.

Rafmögnuð manneskja í úlfslíki

LEIKLIST

Vertu úlfur

★★★★☆

eftir Unni Ösp Stefánsdóttur byggt á samnefndri bók Héðins Unnsteinssonar

Þjóðleikhúsið

Leikari: Björn Thors
Leikstjóri: Unnur Ösp Stefánsdóttir
Leikmynd og myndbandshönnun: Elín Hansdóttir
Búningar: Filippía I. Elísdóttir
Lýsing: Björn Bergsteinn Guðmundsson og Halldór Örn Óskarsson
Dramatúrg: Hrafnhildur Hagalín
Tónlist í leiksýningu: Valgeir Sigurðsson
Hljóðhönnun: Elvar Geir Sævarsson

Þversagnir, athyglisbrestur, ofskynjanir og ofurnæmni. Himnarnir opnast, dýrin tala og lögin í útvarpinu fjalla einungis um þínar tilfinningar. Tilvistin er rafmögnuð upp á mörg þúsund volt en svo kemur að því að erfitt reynist að minnka strauminn. Hinum megin við örlyndið bíður hyldýpið. Myrkrið sem er svo skelfilegt að einstaklingar sem tróna á toppi heimsins engjast um í ofsafenginni maníunni, halda sem fastast í truflunina, frekar en að horfast í augu við tómið.

Nýlega frumsýndi Þjóðleikhúsið Vertu úlfur byggt á ritverkum Héðins Unnsteinssonar, aðallega samnefndri bók. Sýningin er þriðja leikstjórnarverkefni Unnar Aspar Stefánsdóttur en hún aðlagar einnig handritið fyrir leiksvið og Hrafnhildur Hagalín aðstoðar sem dramatúrg. Nálgun Unnar Aspar og túlkun á sögu Héðins er ansi merkileg. Hún leggur áherslu á þá innri og ytri óreiðu sem einkennir líf aðalpersónunnar þegar geðsveiflurnar eru í fullum krafti, en hún gleymir samt ekki að í miðpunkti sögunnar er manneskja af holdi og blóði en ekki sjúkdómur.

Einn á sviðinu

Á síðastliðnum árum hefur Unnur Ösp tekist á við ólík leikstjórnarverkefni, hún er sífellt að gera tilraunir og þróa sína fagurfræði. Heildaryfirbragð sýningarinnar er áhrifamikið og virkilega vel unnið en hnökra er þó að finna. Uppbrotið undir lokin grefur til dæmis undan fínni undirbyggingu. Myndefnið minnir óneitanlega á frægt tónlistarmyndband með Christopher Walken í aðalhlutverki, en tónlistarmyndbandið fyrir sýninguna gaf Þjóðleikhúsið út fyrir fram þannig að áhrifin dvína. Gæta verður að því að markaðsvæðingin læðist ekki í leikhúsið.

Björn Thors er á við heilan leikhóp, segir gagnrýnandinn. MYND/AÐSEND

Í miðpunktinum, í auga stormsins, stendur Björn Thors. Hann er óneitanlega einn af færustu leikurum landsins, Vertu úlfur sannar það enn og aftur. Hér stendur hann einn á stóra sviðinu og er á við heilan leikhóp. Hann dregur áhorfendur til sín, talar við þá af mikilli tilfinningu og fær á sitt band. Í orðum hans og gjörðum má finna stöðugar mótsagnir, hann segist vera í fínasta jafnvægi en augun glitra af örlyndi. Andlitið er sem mósaík af tilfinningasveiflum. Augu hans tindra af spennu og kappsemi en þegar líða tekur á afmyndast andlit hans af harmi, hann er andlega bugaður og berstrípaður. Slíkt er einungis á færi þeirra allra bestu.

Myndlistarkonan Elín Hansdóttir snýr aftur í Þjóðleikhúsið eftir tæplega tíu ár. Hún vefur einsemd og óstöðugleika utan um Björn, eins konar efnislegt landslag hugans. Happafengur var fyrir verkið að fá pláss á Stóra sviðinu. Myndirnar sem Elín dregur upp verða þannig stærri og gleypa manninn sem upplifir sjálfan sig sem einn á móti öllum heiminum. Tónlist Valgeirs Sigurðssonar marrar undir, dulúðug og á tímum ofsafengin blanda af þekktum tónverkum og frumsaminni tónlist. Tónlistarfólkið sem tekur einnig þátt í sýningunni er af dýrari gerðinni en Prins Póló, Emilíana Torrini og Markéta Irglová taka öll þátt. En þrátt fyrir ágæti laganna og frábæran texta beggja falla þau ekki nægilega vel inn í sýninguna eins og áður var nefnt.

Þrátt fyrir miklar breytingar og framþróun í geðheilbrigðismálum eru samfélagslegir fordómar og kerfisbundið óréttlæti enn þá staðreynd þegar kemur að málaflokknum. En hvernig er hægt að hlúa að þeim sem minna mega sín þegar heilbrigðiskerfið og sérstaklega geðheilbrigðissviðið er fjársvelt? Vertu úlfur er áhrifamikil áminning um þær sársaukafullu raunir sem fylgja geðsjúkdómum og það að þegar öllu er á botninn hvolft þá eigum við sem manneskjur meira sameiginlegt heldur en ekki.

Sigríður Jónsdóttir

NIÐURSTAÐA: Björn Thors fer á kostum í sýningu um hlykkjótt völundarhús hugans.



Bach hljómar í kvöld.

Barokk í Hjallakirkju

Barokktónlist hljómar á síðkvöldstónleikum í Hjallakirkju föstudaginn 5. febrúar kl. 21.00. Ókeypis aðgangur er, en skráning nauðsynleg: eventbrite.com/e/hi-tilfinningarungna-barokk-vetrarhati-i-kopavogi-tickets-138744044171

Flytjendur eru: Þórunn Vala Valdimarsdóttir söngur, Hildigunnur Einarsdóttir söngur, Gróa Margrét Valdimarsdóttir fiðla, Júlía Mogensen selló og Lára Bryndís Eggertsdóttir semball.

Harmljóð og tregasöngvar í bland við huggunarríka og hjartnæma tónlist eftir Bach, Purcell, Händel, Montiverdi og Elisabeth Jaquet de la Guerre.

Einar og Jón Ásgeir.

Málsvörn á toppnum

Ekki kemur á óvart að Málsvörn Jóns Ásgeirs Jóhannessonar eftir Einar Kárason sé í fyrsta sæti á Metsölulista Eymundsson en bókin hefur vakið mikla athygli. Bókin sem fékk Íslensku bókmenntaverðlaunin, Aprílsólarkuldi eftir Elísabetu Jökulsdóttur er í öðru sæti og hin undurfallega Snerting eftir Ólaf Jóhann Ólafsson er í þriðja sæti. Það er svo í takti við árstímann að í fjórða sæti er Náðu tökum á þyngdinni eftir Sóleyju Dröfn Davíðsdóttur.

Listasafnið á Akureyri.

Takmarkanir á Akureyri

Listasafnið á Akureyri efnir til sýningar á verkum eftir norðlenska myndlistarmenn 29. maí til 26. september 2021. Að þessu sinni skulu myndlistarmennirnir vinna með ákveðið þema, Takmarkanir, í verkum sínum. Dómnefnd velur úr umsóknum listamanna sem búa og/eða starfa á Norðurlandi eða hafa tengingu við svæðið. Opnað var fyrir umsóknir 20. janúar síðastliðinn og er umsóknarfrestur til og með 28. febrúar. Nánari upplýsingar má finna á listak.is.

Vor/Sumar/Haustsýningar Listasafnsins á Akureyri eru tvíæringur og þar er sýnt hvað listamenn á svæðinu eru að fást við. Hún verður því fjölbreytt og mun gefa góða innsýn í flóru myndlistar á Akureyri og Norðurlandi. Stefnt er að því að gefa út sýningarskrá með sýningunni.

Japanshátíð á netinu

Hin árlega Japanshátíð við Háskóla Íslands stendur til sunnudags. Allir viðburðir fara fram á netinu. Allir viðburðirnir eiga sameiginlegt að hafa japanskt mál og menningu sem viðfangsefni. Flestir viðburðanna bjóða upp á gagnvirka þátttöku á Zoom, en þeim verður einnig streymt á Facebook: facebook.com/Japan.Festival.Iceland

Í dag, fimmtudaginn 4. febrúar, kl. 16.30-17.30 ræðir Kristín Ingvarsdóttir, lektor í japönskum fræðum, við rithöfundinn Ólaf Jóhann Ólafsson um nýjustu skáldsögu hans Snertingu og fjölbreytta reynslu hans af japanskri menningu í gegnum störf sín fyrir japanska stórfyrirtækið Sony.

ALLIR VIÐBURÐIRNIR EIGA ÞAÐ SAMEIGINLEGT AÐ HAFA JAPANSKT MÁL OG MENNINGU SEM VIÐFANGSEFNI.

Ólafur Jóhann talar um Japan.

HJARTNÆM OG GRÍPANDI

Áhrifamikil saga um dauðann, tímann og lífið, skrifuð af tæru innsæi í leikandi léttum stíl.

Björn Halldórsson hefur áður sent frá sér smásagnasafnið *Smáglæpi* sem fékk afar góðar viðtökur. *Stol* er fyrsta skáldsaga hans.

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | **www.forlagid.is** | Opið alla virka daga 10–18 | Laugardaga 11–16

Í kvöld
á Hringbraut

ÓTRÚLEG SAGA
FIDU ABU LIBDEH

Brautryðjandinn og frumkvöðullinn **Fida Abu Libdeh** segir ótrúlega sögu sína í **Mannamáli í kvöld**. Frá því hún bjó í Jerúsalem, þar til hún **flutti 16 ára til Íslands** og upplifði **menningarsjokk** og **fordóma.** Hún braust til mennta á hnefanum og **hugvitinu** og uppgötvaði **galdra kísilsins** úr íslenskum **jarðvarma** sem lagði grunninn að einstöku nýsköpunarfyrirtæki hennar.

Mannamál kl. 20.00 í kvöld

FRÉTTIR, **FÓLK** &
MENNING á Hringbraut
og hringbraut.is

Fylgstu með!

DAGSKRÁ

Fimmtudagur

HRINGBRAUT

20.00 Mannamál Einn sigildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við Fidu Abu Libdeh, stofnanda Geosilica.
20.30 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum. Umsjón: Páll Ketilsson. Framleiðandi: Víkurfréttir ehf.
21.00 21 - Fréttaþáttur á fimmtudegi er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringaþáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernis með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.
21.30 Sir Arnar Gauti Arnar Gauti snýr aftur á skjáinn með umfangsmikinn lífsstílsþátt sem tekur saman allt sem snýr að heimilum, hönnun, innlitum, matar- og veitingahúsamenningu, arkitektúr og mörgu, mörgu fleiru.

RÚV SJÓNVARP

09.00 Heimaleikfimi
09.10 Spaugstofan 2008-2009
09.35 Kastljós
09.50 Menningin
10.00 Taka tvö Óskar Jónasson.
10.50 Grænir fingur 1989-1990
11.05 Upplýsingafundur Almannavarna
11.35 Lífsins lystisemdir
12.05 Heimaleikfimi
12.15 Fyrir alla muni Leitin að silfrinu.
12.45 Útsvar 2007-2008 Akureyri - Kópavogur
13.35 Bollakökur og blíðuhót
14.55 Íslendingar Rúnar Júlíusson.
15.50 Norskir tónar
16.55 Óperuminning
17.00 Tímaflakkarinn - Doktor Who
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Allt um dýrin
18.25 Lars uppvakningur
18.40 Lúkas í mörgum myndum
18.47 Tilfinningalíf Leiði.
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.05 Kveikur
20.45 Baráttan - 100 ára saga Stúdentaráðs Hagsmunabarátta stúdenta hefur sett sterkan svip á samfélagið í heild sinni frá því stúdentar gengu fyrst til Stúdentaráðskosninga í desember 1920. Baráttan er fjögurra þátta sería í tilefni aldarafmælis Stúdentaráðs Háskóla Íslands.
21.05 Ljósmóðirin. Call The Midwife
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Glæpahneigð. Criminal Minds
23.05 Sæluríki(8 af 8).Lykkeland
23.55 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

08.00 European Tour 2021
10.00 2020 Champions Tour. Year in Review
10.25 PGA Highlights 2021
11.30 European Tour 2021
14.30 Champions Tour Highlights 2021
15.25 PGA Tour. The Cut 2021
15.50 PGA Special. Coming Home Nicklaus
16.30 LPGA Tour 2021 Útsending frá Diamond Resorts Tournament of Champions.
20.00 PGA Tour 2021

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 Man with a Plan
14.25 The Block
16.30 Family Guy
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 The Kids Are Alright
19.30 Vinátta
20.00 Kraftur Bein útsending frá söfnunarátaki fyrir Kraft, stuðningsfélag ungs fólks sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur þess.
22.00 Devils
22.50 Fargo
23.40 The Twilight Zone (2019)
00.30 The Late Late Show
01.15 Station 19
02.00 Law and Order. Special Victims Unit Mögnuð sakamálasería um sérsveit innan lögreglunnar í New York sem rannsakar morðmál þar sem kynferðisglæpir koma við sögu.
02.45 Your Honor
03.45 Cold Courage
04.35 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.03 Hádegið
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Hádegið, seinni hluti
13.00 Dánarfregnir
13.02 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Á tónsviðinu
15.00 Fréttir
15.03 Flakk
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Hljómboxið Pjakkarnir mæta Skrjáfinu.
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Mannlegi þátturinn
20.00 Sinfóníutónleikar
21.00 Segðu mér
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.09 Lestur Passíusálma
22.15 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

11.50 Love Exclusively
13.20 Batman. Hush Hörkuspennandi teiknuð mynd um Batman en í þetta sinn lendir hann í æsispennandi og hættulegum eltingarleik við óvininn Hush.
14.40 Two Brothers
16.25 Love Exclusively
17.55 Batman. Hush
19.15 Two Brothers
21.00 The Lost City of Z
23.15 The Skeleton Key
00.55 Death Wish
02.40 The Lost City of Z

STÖÐ 2

08.00 Heimsókn
08.15 Veronica Mars
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 The O.C.
10.05 It's Always Sunny in Philadelphia 14
10.30 All Rise
11.10 Matarbíll Evu
11.35 Fresh off the Boat
12.00 Dýraspítalinn Frábær íslensk þáttaröð í umsjón Heimis Karlssonar. Við fylgjumst með eldklárum dýralæknum leysa hin ýmsu vandamál sem upp koma hjá fjölskylduvinum okkar.
12.35 Nágrannar
12.55 Friends
13.15 Gossip Girl
13.55 Jamie Cooks Italy
14.40 Years and Years
15.45 Drowning in Plastic
16.35 The Dog House
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.10 Temptation Island
20.00 Hell's Kitchen USA
20.45 The Blacklist
21.35 NCIS
22.20 NCIS. New Orleans
23.05 Real Time with Bill Maher Vandaður og hressandi spjallþáttur.
00.00 Two Weeks to Live
00.30 Briarpatch
01.15 Shameless
02.10 The Red Line
02.50 The Red Line
03.35 Veronica Mars
04.15 The O.C.
04.55 It's Always Sunny In Philadelphia

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Barnaefni
20.00 Friends
20.20 Friends
20.45 The Office
21.10 Brother vs. Brother
21.55 Steypustöðin
22.25 Nashville
23.10 Roswell, New Mexico
23.55 Friends
00.15 Friends
00.40 The Office

STÖÐ 2 SPORT

06.30 Haukar - KR
08.10 Þór Þ. - Tindastóll
09.50 Domino's tilþrifin 7. umferð
10.35 Keflavík - ÍR
12.15 Grindavík - Stjarnan
13.55 Domino's körfuboltakvöld
15.10 Afturelding - Haukar Útsending frá leik í Olís deild karla.
16.35 Valur - Selfoss Útsending frá leik í Olís deild karla.
18.05 Höttur - Þór Ak. Bein útsending frá leik í Domino's deild karla.
20.00 Seinni bylgjan - karla
21.30 KA/Þór - Fram Útsending frá leik í Olís deild kvenna.
22.55 Seinni bylgjan - kvenna
23.55 The Fifth Quarter
00.10 Njarðvík - Stjarnan Útsending frá leik í Domino's deild karla.

STÖÐ 2 SPORT 2

09.00 Getafe - Alavés
10.40 Cádiz - Atlético Madrid
12.20 Barcelona - Athletic Bilbao
14.00 Spænsku mörkin 2
14.50 Denver Nuggets - Utah Jazz
17.10 The Fifth Quarter
17.25 Movistar Estudiantes - Casademont Zaragoza
18.55 Spezia - Udinese
20.35 Atalanta - Lazio
22.15 Napoli - Parma
23.55 Ítölsku mörkin

Miklu meira en bara ódýrt

ViAir 12V loftdælur
í miklu úrvali

Hjólafesting
á bíl
frá 4.995

Viðgerðar-
kollur
7.495

Jeppatjakkur
2.25T 52cm
19.995

49.999
Vélagálgi 2T

Viðgerðarbretti
4.895

Hjólatjakkur
2T m/tösku
4.795

1.999
Álskóflur

9.985
Vélastandur 500kg

AirBrush
loftdæla
19.995

6T Búkkar
605mm Par
9.999

frá 1.495
Startkaplar

4.995
Hleðslutæki 12V 6A

39.995
Verkfæraskápur
á hjólum

99.999
Verkfæraskápur
á hjólum m/verkfærum

frá 795
Mikið úrval af
verkfæratöskum

Steðjar í
miklu úrvali

7.995
1/2 Toppasett

3.995
1/4 Toppasett

Vice Multi
angle
6.985

14.995
1/2+1/4
Toppasett Kraft-
mann 94stk

5.995
Verkfærasett
108 stk

4.995
Skrall-lyklar 8-17

Fjöltengi í miklu úrvali,
1.5M/3M/5M 3/
4/5/6/8 tengla

15.995
Ranamyndavél

Mikið úrval af LED
kösturum og ljósum

Verðmæta-
skápar
frá 5.995

Sandkassa-
grafa
4.995

Lyklabox
í miklu
úrvali

4.995
Verkfæraset

1.995
Burstasett í borvél

Lím-
byssur
frá 995

Vasaljós og lugtir,
yfir 30 gerðir

13.995
Flísasög 80mm

Scanslib Hverfisteinn
frá 19.995

9.999
Silverline LI-ion
18V hleðslubor-
vél 13mm

Fjölsög
Höfftech
5.999

Rafmagnsvírtalíur
í miklu úrvali

Útskurðarsett

24.995
Súluborvél 350W

16.995
Metabo
KS216 bútsög

14.995
SDS Lofthöggvél GMC
SDS vélar frá 9.999,-

Myndlistavörur í miklu úrvali inn á:

Listverslun.is

Framúrskarandi fyrirtæki 2020

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

Afdrifarík ást grípur ungu mennina.

Franska hátíðin

Franska sendiráðið, l'Alliance Française og Bíó Paradís láta sérstakar aðstæður heimsfaraldursins ekki aftra sér frá því að halda Frönsku kvikmyndahátíðina, sem hefst í dag, í 21. skipti.

Hátíðin hefst í kvöld með frumsýningu myndarinnar Été '85 (Sumarið '85) eftir leikstjórann François Ozon. Síðan tekur við fjölbreytt kvikmyndaveisla sem lýkur sunnudaginn 14. febrúar.

Allar myndirnar á hátíðinni eru sýndar í Bíó Paradís en hátíðin fer einnig að hluta til fram á streymisveitunni Heimabíó Paradís, heima.bioparadis.is, þar sem kanadíska sendiráðið býður meðal annars upp á kanadíska kvikmyndahelgi dagana 13.-14. febrúar.

Isabelle Huppert er Múttan.

Vegna sóttvarnaráðstafana er hætt við að færri komist að en vilja í bíó og þeir sem ætla sér að mæta í bíó ættu því að tryggja sér miða fyrr en síðar.

Opnunarmyndin, Sumarið '85, átti að vera á Cannes-hátíðinni sem var aflýst í fyrra en fór í almennar sýningar í Frakklandi síðasta sumar. Eftir að hinn myndarlegi, átján ára gamli David bjargar Alexis, sem er sextán ára, frá drukknun tekst með þeim ástríðufull vinátta sem á eftir að hafa ófyrirséðar afleiðingar fyrir þá báða.

Meðal annarra mynda á hátíðinni eru til dæmis La Daronne (Múttan) sem skartar Isabelle Huppert í aðalhlutverki blankrar móður sem kemst yfir yfirgefna hasssendingu og stígur þá fram sem hin harðsvíraða glæpadrottning Mútta. Myndin er gerð eftir skáldsögu Hannelore Cayre sem kom út á íslensku 2019.

Petit pays (Litla land) fjallar um hinn tíu ára gamla Gabríel sem lifir áhyggjulausu lífi í úthverfi Bújúmbúra í Afríkuríkinu Búrúndí. En þegar borgarastríð skellur á í landinu, og þjóðarmorð er framið í nágrannaríkinu Rúanda, breytist allt.

Hörmungarnar í Rúanda breyta öllu.

La Vérité (Sannleikurinn) eftir japanska leikstjórann Hirokazu Koreeda var tilnefnd til Gyllta ljónsins og í henni mætast stórleikkonurnar Catherine Deneuve og Juliette Binoche í fyrsta sinn í kvikmynd.

Allar frekari upplýsingar um hátíðina eru á bioparadis.is.

Störukeppni í dimmu djúpi

KVIKMYNDIR

The Little Things

★★½☆☆

Leikstjórn: John Lee Hancock
Aðalhlutverk: Denzel Washington, Rami Malek, Jared Leto

Denzel Washington er traustur að vanda og leggur sín mikilvægu lóð á vogarskálarnar í The Little Things.

Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur í kófið þannig að því fylgdi nánast sæluhrollur að fá loksins aftur að setjast í bíósal til þess að horfa á raðmorðingjamynd. Loksins, loksins er aftur ógn og skelfing í bíó!

The Little Things fer meira að segja ansi vel af stað og upphafsatriðið gefur fögur fyrirheit þar sem líklega morðóður eltihrellir leikur sér sem villiköttur að lítilli mús þar sem hann lokkar unga konu í bíleltingaleik eftir myrkum og afskekktum þjóðvegi þar sem spennuþrungin feigð svífur yfir svörtu malbikinu.

Strax á fyrstu mínútunum kemur í ljós að myndin gerist 1990 og því miður kemur fljótlega í ljós að hún gæti einnig hafa verið gerð fyrir 30 árum og maður hefur í raun séð þetta allt saman oft áður. Og betur gert.

Fálmað í djúpinu

Gott ef ekki eimir hreinlega enn eitthvað eftir af gömlum töktum og stemningum úr til dæmis The Silence of the Lambs og Se7en. Ekki leiðum að líkjast svo sem en geymsluþol þess sem var gulls ígildi í spennuhryllingi tíunda áratugarins er takmarkað.

Breytir því hins vegar ekki að hér er margt vel gert og leikstjórinn John Lee Hancock leikur sér með alls konar skemmtilegar hugmyndir, klisjur og pælingar í hægfara djúpköfun ofan í myrkustu fylgsni mannssálarinnar.

Hancock hefði samt mátt nostra aðeins við og uppfæra eigið handrit sem hann skrifaði fyrir þremur áratugum þar sem allt er þetta heldur ómarkvisst og við sitjum að lokum uppi með þá tilfinningu að hann hafi svikið okkur um eitthvað magnað sem hann eyddi hálfri myndinni í að undirbyggja áður en hann missti sjónar á því.

Þótt The Little Things sé örfáum áratugum á eftir áætlun getur þó talist henni til tekna að seigfljótandi og ágeng framvinda sem kennd er við hægan bruna er mjög í tísku þessi misserin og hér er svo sannarlega boðið upp á sous vide matreiðslu á hugmyndum Nietzsches um hættuna sem búin er þeim sem starir ofan í hyldýpið í leit sinni að skrímslum til að berjast við.

Tveir góðir og einn í lagi

Denzel Washington og Rami Malek leika tvo ólíka lögreglumenn, Joe Deacon og Jim Baxter, sem rýna sig að barmi sturlunar ofan í hyldýpið þar sem þeir gætu mögulega fundið Jaret Leto í subbulegu gervi Albert Sparma sem er kannski pervertískur raðmorðingi. En kannski ekki. Þar liggur efinn og spennuraf-geymir myndarinnar.

Þegar leiðir Joe og Jim liggja saman er sá fyrrnefndi búinn að vera smábæjarlögga í einkennisbúningi í fimm ár eftir að hafa brunnið harkalega út í rannsókn á máli morðingja sem mjög líklega er þarna byrjaður að reyna á taugar Jim, sem tók við starfi hans í stórborginni.

Malek leikur Jim og er hér í fyrsta stóra kvikmyndahlutverkinu síðan hann lék Freddy Mercury með ógleymanlegum tilþrifum í Bohemian Rhapsody þar sem túlkun hans á illmenninu í James Bond-myndinni No Time To Die er enn fast í COVID-limbóinu.

Malek er ekkert að ofreyna sig hérna og hefði þurft að gera aðeins meira en herða á yfirbitinu og hvessa augun til þess að falla ekki í skuggann af Washington og Leto sem gera gæfumuninn fyrir reikula myndina og ljá henni bæði slagkraft og ákveðna vigt.

Washington er svo sem sjálfum sér líkur en er bara alltaf svo traustur og öruggur að hann hefur ekkert fyrir því að selja áhorfendum að hann sé maðurinn sem í krafti reynslu sinnar, öryggis, mannkosta og með auga fyrir smáatriðunum geti haft hendur í fitukleprúðu hári morðingjans.

Jared Leto toppar síðan báða mótleikarana sem hinn grunaði. Ógeðslegur og slímugur skíthæll sem er til alls vís og þar sem Leto hefur einhvern veginn áru ógeðslega leiðinlegs manns hefur hann ekkert fyrir því að töfra fram mannskepnu sem unun er að hatast við. Alveg óháð því hvort hann er sekur eða saklaus.

Þórarinn Þórarinsson

NIÐURSTAÐA: Drungaleg stemningin í The Little Things er komin tilfinnanlega til ára sinna og þrátt fyrir fínar og myrkar pælingar, á köflum áþreifanlega ógn og ágætis spennu tekst traustum Denzel Washington og ógeðslega góðum Jared Leto ekki að koma í veg fyrir að manni finnist eins og að með myndinni sé verið að svíkja mann um eitthvað sem hefði getað orðið miklu meira og betra.

Hægur uppgröftur

NETFLIX

The Dig

★★★☆☆

Leikstjórn: Simon Stone
Aðalhlutverk: Ralph Fiennes, Carey Mulligan, Lily James

Ralph Fiennes og Carey Mulligan lyfta The Dig upp úr grafarhaugnum á hærra plan með öflugum leik.

Streymisveiturnar hafa blessunarlega verið duglegar að gefa út nýtt og ferskt efni á meðan kvikmyndahús út um allan heim hafa staðið meira eða minna tóm. Kvikmyndinni The Dig, sem kom á Netflix um mánaðamótin, hefur verið vel tekið á Íslandi þar sem hún hefur haldið sig í efstu sætum vinsældalista efnisveitunnar.

The Dig er byggð á bók John Preston og fjallar um sannsögulega atburði í kringum frægan fornleifauppgröft í Suffolk árið 1939 þegar Bretland var á barmi heimsstyrjaldar.

Ralph Fiennes og Carey Mulligan eru í forgrunni sem sjálfmenntaði fornleifafræðingurinn Basil Brown og Edith Pretty sem lætur gamlan draum rætast með því að fá Brown til þess að grafa upp forna greftrunarhauga á landareign hennar.

Þrátt fyrir að á milli þeirra séu bæði kynslóðabil og stéttamunur tengjast þau í sameiginlegum fornleifafræðiáhuganum auk þess sem Brown verður einhvers konar föðurímynd fyrir Robert son hennar.

Eitt meginþema myndarinnar liggur á mörkum óljósrar fortíðar og óráðinnar framtíðar og kristallast í sambandi Roberts sem dreymir um að vera geimfari og Basil sem hefur áhuga jafnt á ráðgátum himintunglanna og því sem leynist neðanjarðar og opnar augu drengsins fyrir því að fortíðin og það sem við skiljum eftir okkur er ekki síður verðugt rannsóknarefni.

Uppgröfturinn vekur athygli víða um Bretland og fleiri fornleifafræðingar bætast í hópinn þar á meðal Lily James í hlutverki ungrar konu í ástlausu hjónabandi, Peggy Piggott, og eiginmaður hennar.

Ástarsamband Peggyar og Rory Lomax, frænda Edithar, verður efniviður í fremur slaka hliðarsögu sem nær hápunkti þegar allt of langt er liðið á myndina til þess að áhorfendur nái nokkurs konar tengingu við þau og samband þeirra.

Eins og áður segir byggir myndin á samnefndri bók um raunverulega atburði en eins og gengur tekur höfundurinn sér skáldaleyfi til þess að dýpka söguna. Ástarsambandið er þannig heldur misheppnuð tilraun til að krydda söguna og hefði þurft mun betri útfærslu til þess að ná tilætluðum árangri.

The Dig fer vel af stað en atburðarásin er aftur á móti fremur hæg og myndin missir svolítið dampinn þegar á líður. Aðalleikararnir ná manni hins vegar strax með öflugri persónusköpun.

Ralph Fiennes tekst að láta Basil Brown, alvörugefinn og orðfáan mann, virðast áhugaverðan og leyndardómsfullan fremur er leiðinda sveitadurg sem vill bara fá að vinna eins síns liðs í drulluhaug.

Carrey Mulligan er einnig stórgóð sem hin ljúfa en veikburða Edith Pretty en úr andliti hennar skín hver tilfinning og hugsun Edithar sem virðist í túlkun hennar mun eldri og reyndari en hún er í raun.

Breska sveitin gegnir vitanlega stóru hlutverki í myndinni og mikilfenglegu landslaginu eru gerð góð skil með einstaklega fallegri myndatöku. Grá skýin eru áberandi í myndinni þar sem skuggi seinni heimsstyrjaldarinnar vofir yfir og kuldinn og bleytan eru aldrei langt undan.

Edda Karitas Baldursdóttir

NIÐURSTAÐA: The Dig er lágstemmt drama sem hafði alla burði en nær ekki almennilega flugi. Góður leikur og myndatakan bjargar deginum.

GÓÐAR BÆKUR, GÓÐAR STUNDIR

1.
Metsölulisti Eymundsson



Málsvörn
TILBOÐSVERÐ: 4.599.-
Verð: 5.499.-



Valdið
TILBOÐSVERÐ: 3.399.-
Verð: 3.999.-

Sombína og draugurinn
TILBOÐSVERÐ: 3.299.-
Verð: 3.899.-



Dvergurinn frá Normandí
TILBOÐSVERÐ: 4.999.-
Verð: 5.999.-



Náðu tökum á þyngdinni með hugrænni atferlismeðferð
TILBOÐSVERÐ: 3.799.-
Verð: 4.499.-

Prjónadagbókin mín
TILBOÐSVERÐ: 4.199.-
Verð: 4.999.-



Mannavillt
TILBOÐSVERÐ: 3.799.-
Verð: 4.499.-

Múmínálfarnir - Stóra flipa-bókin
TILBOÐSVERÐ: 2.899.-
Verð: 3.499.-

Stol
TILBOÐSVERÐ: 3.399.-
Verð: 3.999.-

Framúrskarandi fyrirtæki

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboðsverð gilda til og með 7. febrúar eða meðan birgðir endast. Verð á bók mánaðarins gildir til og með 28. febrúar. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

VERTU VAKANDI Í FYRSTA SKIPTI Á ÆVINNI

Komdu til okkar og prófaðu einstök gæði Hästens rúmanna. Starfsfólk okkar er tilbúið að aðstoða þig og veita frekari upplýsingar.

Þegar þú vaknar í rúmi frá Hästens munt þú skilja virði þess að ná fullkomnum nætursvefni. Rúmin eru framleidd með einstöku samspili handverks og hráefna þar sem hvergi eru gerðar málamiðlanir í gæðum náttúrulegra efna eða tíma við óþreytandi handverkið. Þú sérð það ekki en þú munt finna fyrir því. Allan sólarhringinn. Heimsæktu Hästens í Faxafeni eða pantaðu vörulistann á hastens.com.

Hästens
since 1852

HÄSTENS VERSLUN
FAXAFENI 5, REYKJAVÍK
588 8477

Betra BAK

Margir hafa fleygt því fram við Gimma að hann sé í raun sannkallaður alþýðulistamaður. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Latasti tónlistarmaður landsins með tónleika

Grímur lýsir sér sem lötum og metnaðarlausum tónlistarmanni. Fyrstu tónleikana spilaði hann fyrir átta þúsund manns á Austurvelli en hann segist helst semja lög þegar hann er í vondu skapi.

Ég byrjaði að semja lög fyrir mörgum árum. Málið er að ég er bara latasti tónlistarmaður Íslands," segir Grímur Jón Sigurðsson, oftast kallaður Gimmi. Því hefur hann lítið staðið í tónleikahaldi og upptökum.

„Ég samdi lagið Ég er súr fyrir nokkrum árum, það var einhver sem heyrði það og ég var beðinn um að koma að spila á mótmælum sem voru á Austurvelli. Það var verið að mótmæla því að við ætluðum að slíta samræðum við Evrópusambandið. Þetta er nú kannski ekki eitthvert málefni sem ég brenn alveg sérstaklega mikið fyrir. Þannig að í fyrsta sinn sem ég kem fram af einhverju viti er fyrir framan átta þúsund manns, þó fólkið hafi kannski ekki mætt sérstaklega til að horfa á mig," segir hann hlæjandi.

Hann segir COVID hafa í raun verið nokkuð hentugan tíma fyrir hann að blómstra sem listamann.

„Komi það svo ólíklega til að maður mæti í gleðskap þá eru það bara fimm manna heimapartí. Það er fullkominn vettvangur fyrir mig sem listamann. Það hefur svona verið minn helsti vettvangur allavega undanfarið."

Semur lög í vondu skapi

Kex Hostel er nú hólfað niður en á síðasta ári var opnaður þar nýr pítsastaður, Flatus, sem er þá skírskotun í íslenska orðið yfir pítsu, flatböku, og hinn goðsagnakennda vegglistamann Flatus.

„Þarna eru fjöldatakmarkanir og farið eftir sóttvarnareglum. Svo verður fólk bara að gera það upp við sjálft sig hvort það sé sniðugt að fara á tónleika eins og staðan er," segir hann og hlær.

Gimmi segist oftast semja tónlist þegar hann er pirraður og að það liti mögulega textagerðina.

„Ef ég er ekki í sérstaklega góðu skapi, þá fer ég og sem lag. Ég fattaði það um daginn að ég fíla sjálfur mjög hallærislega tónlist. Og ég held að mín tónlist sé þar af leiðandi frekar hallærisleg. Ég fíla helst ekki aðra tónlist nema að ég geti gripið í gítarinn eða farið á píanóið og pikkað hana upp. Samt þoli ég ekki trúbadora en þó er tónlistin mín í þeim anda," segir hann og bætir svo við: „Ég er bara svo lélegur á nútímann að ég kann ekkert á þetta rafdót. Annars myndi ég líklega nota það meira."

Féll fljótt inn í hópinn

Eitt af fyrstu lögunum sem Gimmi samdi fjallaði um dvöl hans í Kaupmannahöfn, en þar var hann búsettur í eitt ár.

„Það lag heitir Íslendingur í Kaupmannahöfn en ég hef ekki enn tekið það upp. Ég hef í raun bara tekið tvö lög upp sem voru spiluð í útvarpi. Það er allur minn tónlistarferill. Fékk samt tæpar 30 þúsund krónur í stefgjöld, mér fannst það bara nokkuð gott. Ég samdi náttúrulega lagið og textann einn, oftast deilist þetta á milli nokkurra, þannig að ég prísa mig bara sælan."

> **KOMI ÞAÐ SVO ÓLÍKLEGA TIL AÐ MAÐUR MÆTI Í GLEÐSKAP ÞÁ ERU ÞAÐ BARA FIMM MANNA HEIMAPARTÍ. ÞAÐ ER FULLKOMINN VETTVANGUR FYRIR MIG SEM LISTAMANN.**

Lagið Íslendingur í Kaupmannahöfn er hárbeitt ádeila á Íslendingasamfélagið í Kaupmannahöfn.

„Ég sem sagt samdi lagið þegar ég bjó þar. Ég tók eftir því að stór hluti Íslendinga sem þar voru búsettir voru hálfgerðir aumingjar og mjög fljótlega var maður farinn að falla inn í þeirra hóp. Ég flutti þarna inn í einhverja kytru og kemst að því að það er vændishús á tveimur fyrstu hæðunum sama dag og ég flyt inn. Þá tók víkingasveitin á móti mér og meinaði mér aðgang inn í húsið því yfir stóð gíslataka. Svona sögur eiga nú kannski ekki við um hinn dæmigerða Íslending í Kaupmannahöfn, þótt þær hafi nú vissulega átt við um mig," segir hann hlæjandi.

Grímuskylda er á tónleikunum á Kex sem hefjast klukkan 20.00 í kvöld. Grímur og spritt í boði fyrir gesti.

steingerdur@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrimsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

Kjörís

Mjúkís ÁRSINS 2021

MEÐ

KARAMELLUKURLI &
DÖKKRI KARAMELLUSÓSU

Ís ársins 2021 er mættur. Láttu þessa ljúffengu
karamellubombu bráðna í munni og hressa upp á bragðlaukana.
Sérstök kynning í dag í Fjarðarkaupum frá kl. 14–17.

FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000

RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

BAKÞANKAR

Kolbeins Marteinssonar

Komment

Orðasambandið virk/ur í athugasemdum er tiltölulega nýtt í íslensku tungumáli og er dæmi um breytu sem hóf innreið sína samhliða interneti og samfélagsmiðlum. Með því að opna fyrir óritskoðaðar athugasemdir einstaklinga neðan við fréttir vefmiðla og annarra vefsíðna fengu þessir virku aðstöðu til að láta ljós sitt skína. Olía á þennan eld var síðan Hrunið sjálft þar sem öll viðmið um háttvísi og virðingu í mannlegum samskiptum fengu að fjúka fyrir réttlátri reiði. Allt í einu spratt upp hópur fólks sem gat daglega fengið útrás fyrir tilfinningar sínar. Því staðreyndin er sú að ekkert fóðrar virka í athugsemdum betur en reiði, hneykslun, uppsöfnuð gremja og óbeit á viðfangsefninu.

Við sjáum þetta á hverjum degi. Oft eru þetta ekki annað en hróp þar sem viðkomandi hefur ekki einu sinni haft fyrir því að lesa annað en fyrirsögn fréttarinnar sem um er rætt, þegar athugasemdirnar eru lesnar. Kommentin litast líka oftast af pólitískum eða öðrum skoðunum á viðfangsefninu frekar en umfjöllunarefni fréttarinnar. Þannig fá fréttir um stjórnmálamenn oftast viðbrögð frá öllum öðrum en kjósendum þeirra. Síðan bætast við viðhlæjendur sem „líka“ við færslur og þótt þeir öskri ekki með, þá sýna þeir hávaðanum velþóknun sína. Flestir sem eru í opinberri umræðu hafa því haft vit á að hætta að lesa athugasemdir um sig á samfélagsmiðlum.

Staðreyndin er að þetta er meinsemd sem bætir engu við almenna umræðu, né bætir hana eða samfélagið. Eru til einhver dæmi um mál sem hefur verið rökrætt í kommentakerfum og niðurstaða fengist? Ég held að íslensk þjóðfélagsumræða myndi batna ef þessum óhroða yrði úthýst. Sumt var nefnilega betra í gamla daga.